



Gjörðabók byggingarnefndar 1866-1884 II

Aðfnr. 4628 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölum og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

byggingarnefndar

1866 - 1884

II.

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4628 A



Ár 1878, hinn 9. janúar átti byggingarnefndin fund
með sér:

1. Var lagt fram bréf frá lækni J.Jónassén, hvør hann
biður um lóð útmælda undir hús 20 ál. langt og 14 ál. breitt,
fyrir vestan lóð snikkara Jacobs Sveinssonar; var honum veitt
þetta þannig, að húsið skyldi standa í línu með húsi Jacobs.
Var honum veitt 5 álmair fyrir vestan húsið, og mætti hann
auka lóðina eptir vild sinni, út í Tjörn..

2. Var járnsmið Kolbeini Guðmundss. leyft að bæta
5 ál. við hús sitt vesturávið. (Fyrverandi eign Jóns Jónssonar
járnsmiðs).

3. Var factor E. Japhetssyni leyft að byggja skúr
áfastan við vesturgafl íbúðarhúss síns og jafnbreiðan húsinu.
Skyldi hann vera 7 álna langur og skyldi standa 5 ál. frá
rennunni fyrir vestan lóð hans.

4. Snikkari Valgarður Breiðfjörð tók aptur beiðni
sína frá 18. des. f.á., og bréfi hans 7. janúar b.á., þar eð
byggingarnefndin vild ekki leyfa að húsið væri byggt nema
með eldföstu þaki.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. J.Jónassén. O.Finsen.
Magnús Stephensen. Ól.Olafsson.

Ar 1878, hinn 13. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér:

Var þá tekin fyrir beiðni yfирréttarprókúrators Melsteðs í bréfi dags. 5. þ.m. um útmælingu undir hús, er hann ætlar að byggja þar, sem hið núverandi íbúðarhús hans stendur. Leyfði byggingarnefndin prókúrator Melsted að byggja hús 22 al. langt og 14 al. breitt og skyldi norðurgafl hess standa þar, sem norðurgaflinn nú er, en þó þannig, að stefna hans yrði bein við götuna, og gaflinn þannig nokkuð skarkur, en austurhliðin skyldi ganga jafnhliða við austurhlið á húsi konfrenzráðs Thorsteinsons og lyfjabúðinni.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. Jonas Jonas-sen. O.Finsen. Ól. Ólafsson. G. Zöega.

Ár 1878, hinn 21. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér. Í sjúkdómsforföllum bæjarfógeta gegndi assessor M. Stephensen formannsstörfum. -

Var þá tekin fyrir þen Valgarður Breiðfjörð i bréfi dags. 12. þ.m. um útmælingu undir kjallara á Hlíðarhúsabakkanum fyrir vestan bræðsluhús G. Zöega. Beiðandinn óskar að fá útmælt svæði ferhyrnt, 75 al. í hvert horn, milli bræðsluhúsanna og skurðins, sem þar er fyrir vestan. Byggingarnefndin áleit sér ekki heimillt að útvísa svo stóru svæði, heldur að sér beri aðeins að mæla út lóð undir byggingu þá, sem beiðandinn ætlar að reisa, en hann yrði að snúa sér til bæjarstjórnarinnar, ef hann vildi fá stærri lóð, en vanalega. Var honum síðan útmeld spilda meðfram sjáfarbakkanum 25 al. til austurs frá áðurnefndum skurði, eða að stakkstæði Jóns Ólafssonar, og 30 ál. frá bakkabréfum uppeptir, á þessu svæði var honum leyft að byggja ískjallara. Beiðandanum var sagt að hann ekki mætti bægja þeim, sem nota hina útmældu lóð fyrir stakkstæði, frá afnotum hennar, fyrri en ~~þannum~~ hann byrjaði á byggingunni og gekkst hann undir það. Ennfremur verður byggingarnefndin að setja sem skilyrði, að ef gjört verður jarðrask á lóðinni án bess að byggingin verði fullgjörð innan 2 ára, þá skuli beiðandinn, Valgarður Breiðfjörð, skyldur til, á sinn kostnað, að setja lóðina í sama ástand og hún nú er svo fljótt, sem bæjarstjórnin ákvæður. Loks var beiðandanum tilkynnt að hann yrði að flytja húsið burtu án endurgjalds, ef hins útmælda svæðis byrfti við til torgs eða undir götu.

Fundi slitি.

Magnús Stephensen. O.Finsen. G. Zöega. Ól. Ólafss.

Ár 1878, hinn 25. apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekin fyrir beiðni verzlunarstjóra Matth. Jo-
hannsens í bréfi dags. 23. þ.m., þar sem hann óskar að sér
verði mæld út lóð undir fjós, og var honum síðan mælt út svæði
7 al. langt frá norðri til suðurs og 5 al. breitt, og skal
hann skyldur til að flyta húsið innar ef byggingarnefndin
skyldi finna ástæðu til að breikka Bröttugötu. Einnig skal
hann skyldur til að hafa vatnhelda mykjuvilpu.

Í annan stað var forstöðunefnd sjúkrahússins leyft
að lengja hliðarbygginguna á sunnanverðri lóðinni.

Í þriðja lagi var póstmeitaranum leyft að lengja skúr
sinn til norðurs eptir samkomulagi við lóðareiganda.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
Geir Zöega. Ól.Ólafsson.

Ár 1878, hinn 27. júní átti byggingarnefndin fund með sér kl. 7 e.m. á embættisstofu bæjarfógeta:

1. Samþykkt var beiðni Björns Stefánssonar frá 18. f.m. um að byggja bæ samkvæmt útmælingu handa Bjarna Eiríks-syni frá 9. febrúar 1875.

2. Samþykkt var beiðni Árna Bjarnasonar í MELSHÚSUM frá 22. f.m. um endurbyggingu á bæ hans á sama stað og formi.

Fundi slitið.

Jón Jónsson
settur.

Magnús Stephensen. Ól. Ólafsson.

O. Finsen. G. Zöeg

Ár 1878, hinn 8. júlí kl.5 e.m. átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Samkvæmt beiðni Jakobs trésmiðs Sverrissonar var honum leyft að færa út grjótgarðinn með vestri hlið lóðar sinnar, þannig, að hann verði jafnhliða ~~hú~~gaflinum á húsi því, sem byggt er á lóðinni, og að útsuðurhornið á garðinum verði fært inn um 2 álnir.

2. Leyft var Pétri Biering að byggja ^{hæginda}hús við austurgafl húss hans á Vegamótastíg.

Fundi slitið.

Jón Jónsson. Magnús Stephensen. ^{J.}Jónasson.
O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1878, ninn 13. júlí kl. 12 miðdag, átti byggingarnefndin fund á lóð Lárusar Þórðarsonar í Göthúsum og var þær

(Lárusi útvísað) stæði fyrir hjall í kálgarðinum fyrir norðan bæinn, og á hjall þessi að vera í línu við eystri bæjarhilin.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen. J. Jónasson.
O. Finsen. Ól. Ólafsson.

Ár 1878, hinn 10. ~~ágúst~~ kl. 7 e.m. átti byggingarnefnd-in fund með sér:

1. Formaður skýrði nefndinni frá ummælum Valgarðs Breiðfjörðs við þinglestur 8. þ.m. á útskript af byggingarnefndargjörð 21. febrúar 1878. Var þá tekið fram, að ummæli þessi væri þýðingarlaus, meðal annars af þeirri ástæðu, að Valgarðr hefði begar eptir útmælinguna fengið eptirrit eptir öllu því, sem bókas hefði verið um hana.

2. Var leyft Jóhannesi Olsen samkvæmt beiðni hans frá 7. þ.m. að flytja húkur við hús hans á annann afvikinn stað.

3. Var leyft Jakobi trésmið Sverrisyni að byggja að nokkru leyti á lóð þeirri, er hann fékk útmælda í viðauka við sína lóð 8. þ.m. að nokkru leyti á gömlu lóð sinni, hús 12 álna á lengd og 12 áln. á breidd, þannig að húsið skyldi standa í línu við hús það, sem Jakob nú hefir.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen.

Ár 1878, 10. dag septembermánaðar átti byggingarnefndin fund með sér:

Var þá leyft Þorvaldi Klængssyni fyrir hönd systur sinnar Guðrúnar á Miðbýli ~~leyft~~ að endurbyggja norðurgaflinn á bæ hennar þar, þannig að hann verði múraður upp ~~með~~ grjóti og kalki.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen.

Ar 1878, hinn 11. september kl. 6, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þó fyrir teknilegum.

Ár 1878, hinn 11. september kl. 6, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var þá leyft Gunnlaugi Þórðarsyni að byggja timbur-
eða steinhús á lóð Þeirri, sem var útvisad Gísla Tómassyni
26. apríl 1875, með skilyrðum heim, er þá voru tiltekin, og
þannig að hann byggi húsið fast við lóð Guðmundar Erlendsson-
ar og var Guðmundr viðstaddir og samþykkti það. Paraðauki
var lagt fyrir lóðar/^{eiganda} að leyfa nábúunum uppsátr á vestrparti
lóðarinnar, sem næst-er stignum, (upp að Hlíðarhúsastignum),
á meðan hann þarf ekki sjálfr á þessum lóðarparti að halda
undir lengingu á húsi sínu.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen. G. Zöega.

Ár 1878, hinn 11. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá fyrir tekið:

1. Samkvæmt beiðni Helga Helgasonar trésmiðs var honum leyft að byggja á lóð fyrir austan íbúðarhús/sitt byggingu (geymsluhús), 10 álnir á lengd og 7 áln. á breidd.

2. Var Árna Gíslasyni neitað að flytja hjall sinn, er hann á við Grímsbæ, heim að húsi sínu við Skólavörðustíg.

3. Var Jónasi Benediktssyni á Grímsstaðakoti leyft að byggja bæ í landnorðanfrí frá Grímsstöðum í holtunum fyrir utan túngarðinn, 13 álnir á lengd og 8 álnir á breidd, þannig að öll sú lóð, er honum var útmæld, eru 36 álnir í hvort horn.

4. Var Birni Stephánssyni í Vorhúsum mældur út lóðarauki suður af lóð hans 45 fet frá suðri til norðurs, en jafn langt lóð hans fyrri, frá vestri til austurs.

5. Var Gísla Jónssyni í Nýlendu veittur lóðarauki norðan við lóð hans, 40 fet frá norðri til suðurs og 60 fet frá austri til vesturs.

6. Var Gísla Tómássyni á Hlíðarhúsastíg leyft að byggja hjall 6 álna langan og 5 álna breiðan norðantil í kálgarði sínum og náðhús í útnorðurhorninu á garðinum.

7. Var Markúsi skipherra Bjarnasyni leyft að hafa náðhús við norðvesturhornið á húsi sínu.

Fundi skitið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. J. Jónasson.
G. Zöega. Ól. Ólafsson.

P.S. Á göngu sinni varð byggingarnefndin þess vør að Eiríkur Ásmundsson í Grjóta var að láta hlaða upp að nýju veggina undir bæ í Grjóta, er hann í vor keypti í Grjóta, tilheyrandi dánarbúi Helgu Guðmundsdóttur, þrátt fyrir það þó hann eigi hefði áður um það leitað leyfis byggingarnefndarinnar, sem og þrátt fyrir það þá byggingarnefndin í vor hefði bann-að Eiríki að byggja upp þennan bæ. Bannaði byggingarnefndin honum að halda áfram að byggja upp veggina undir bænum, eða á nokkurn hátt að hressa hann við.

Dat. ut supra.
Eth. Jónasson. Magnúss Stephensen. Ól. Ólafsson. J. Jónasson.
G. Zöega/

Ar 1878, hinn 1. Nóvember kom byggingarnefnd Reykjavíkur saman hjá húsi snikkara Valgarðar Breiðfjörðs í Aðalstræti eptir beiðni hans, með því hann óskaði að byggja kvist ofan á húsið á þeirri hlið er snýr út að götunni.

Samkvæmt beiðni Breiðfjörðs snikkara var honum leyft að byggja kvist ofan á húsið framanvert 10 álna langan. En af því bygging bessi eigi varð á miðju húsinu, þá gat byggingarnefndin eigi samþykkt bessa beiðni, nema því aðeins hann innan 2 ára frá þessum tíma hafi lengt kvistinn út á annan hvorn endann á húsinu og undirgekkst Breiðfjörð að fullnægja bessu skilyrði.

Fundi slitið.

Erl. Jónasson. Magnús Stephensen. O.Finsen. Geir Zöega. V. Breiðfjörð. Jónasson.

Fundur slitið

Erl. Jónasson. Magnús Stephensen. Geir Zöega.

Ár 1878, fõstudaginn 22. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru þá tekin fyrir þessi mállefni:

1. Magnús Ólafsson biður í bréfi dags. 18.þ.m. um að sér verði útvísad hússtæði á lóð Jóhönnu Jónsdóttur (Geirs-ekkju) í Grjótá, var það veitt þannig, að húsið, sem á að vera 10 álns breitt og 14 álna langt og tvíloftað, skyldi vera í línu með húsi assessors Sveinbjörnssonar þannig, að austurhlið þess og austurhlið hins nýja húss væri í línu og hið nýja hús snúi frá norðri til suðurs. Einnig skyldi það vera í 10 álna fjarlægð frá húsi Jóns Ólafssonar. Að öðru leyti er beiðanum vísað til að semja við eigandu lóð ~~o~~ heirar, sem húsið á að standa á, um hússtæðið. Eigandanum var tilkynnt, að húsið setti að vera með eldföstu þaki.

2. Var Bjarna Sigurðarsyni, sem er orðinn eigandi að húsi því, er Sæby ~~þ~~kir átti áður, að umgirða lóð þá, er Sæby var útmæld 25. maí 1875.

3. Var Einari ~~Jafetssyni~~ verzlunarstjóra, útvísuð lóð sem Guðmundur Eflendsson hefur afþakkað sér milli kálgarðs Guðmundar og Merkisteins, frá götunni, að 10 áln. frátöldum, og niður að sjó. Er lóðin 13 ál. breið að sunnan og 26.1/2 að neðan en 52 1/2 al. frá suðri til norðurs, eða alls hérumbil 1000 ferálnir. Útvísun þessi var bundin því skilyrði, að beiðaninn væri skyldur að láta lóðina endurgjaldslaust af hendi til bæjarins, ef hennar þyrfti til hússtæðis og hann ekki áður væri búinn að byggja á henni.

Fundi slitið.

Erl. Jónasson. Magnús Stephensen. Geir Zöega.
J. Jónasson.

Ár 1878, þ. 10. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

Magnús Guðmundsson á Ánanaustum biður í bréfi dags. 10. þ.m. um að fá útmælda lóð undir hjall. Var það veitt og honum mæld lóð undir hjall 4 álnir á lengd og 3 á breidd.

Fundi slitið.

Erlý. Jónasson. J. Jónasson. Ól. Ólafsson. O. Finsen.
Magnús Stephensen.

Ár 1879, hinn 8. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

Að útmæla járnsmið Kolbeini Guðmundssyni á Hlíðarhúsastíg lóð undir viðauka við hús hans við nefndan stíg í norðurátt 3 álnir á lengd og 6 álnir á breidd.

Fundi slitið.

Erl. Jónasson. Ól. Ólafsson. G. Zöega. J. Jónasson.
Magnús Stephensen. O. Finsen.

A þessum sama fundi (~~skýrði~~) skýrði bæjarfógetinn frá því að Jakob trésmiður Sveinsson hefði gengið inn í útmælingu þá, er læknir Jónas Jónasson hefði fengið 9. janúar 1878 undir hús fyrir ~~farman~~ Dómkirkjuna.

D. u. s.

Erl. Jónasson. J. Jónasson. Magnús Stephensen.
O. Finsen.

Ár 1879, hinn 21. febrúar var byggingarnefndin stödd á bæ Magnúsar Guðmundssonar fyrir ofan Félagsgarðinn og var honum mæld út lóð til túnræktunar, 150 áln. á lengd og 90 álnir á breidd; vesturhliðin á lóðinni (90 álnir) er jafnhliða Stekkjarkotsgarðinum í 10 álna fjarlægð frá honun, þannig að ~~há-trótt~~-in haldi sér; suðurhliðin (150 álnir) liggur ~~fram~~ við norðurhlið félagsgarðsstúnsins. Lóðin myndar þannig ferhyrning, sem ákvárdast af hinni tilteknu vestur og suðurhlið. Bærinn og kálgarðurinn liggur innan í þeim útmælda bletti en lóð sú er þau taka yfir, dragast frá hinu útvísad túnstæði, sem eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar er heimiluð Magnúsi Guðmundssyni leigulaust í 25 ár, þannig að hann geldur lóðargjald af lóð heirri er bærinn stendur á og kálgarðurinn eptir þeim gildandi lögum. Uppheft.

Þá var um leið mæld út lóð við norðausturhliðina á Móhúsatúni undir úтиhús allt að 20 álnir á lengd og allt að 10 álnum á breidd, Guðmundi Lambertsen agent. Hús þetta á að vera utangarðs. Upplesið.

Fundi slitið.

Erla Jónasson. G. Lambertsen. A. Thorsteinson, O. Fin-sen. G. Zöga. Egilsønn. Magnús Guðmundsson, ~~Lambertsen~~ handsonat.

Ar 1879, hinn 22. marz átti byggingarnefndin fund með sér, og var (~~bænja~~) þá hjá Bryggjuhúsini í Reykjavík tekið fyrir eptir skriflegri beiðni faktors J. Steffensen í bréfi dags. 20. þ.m. fyrir hönd kaupmanns W. Fischer að yfirlýta hvort það eigi væri leymfilegt að setja binding í hið svonefnda Bryggjuhús-port og þak yfir með dálitlu risi. Leyfði byggingarnefndin þetta með hví móti, að lagt yrði eldfast þak yfir hús þetta. Mál þess er hið sama og áður var á portinu.

Fundi slitið.

E. Þ. Jónasson. A. Mortensson. G. Zöega. Egilsson.
J. Steffensen.

þær eru fundi milli.

E. Jónasson. A. Mortensson. G. Zöega. Egilsson.

Ár 1879, hinn 18. apríl kom byggingarnefndin saman við Dómkirkjuna í Reykjavík eptir skriflegri áskorun formanns, til þess, eptir beiðni snikkara Jakobs Sveinssonar að yfir-líta bá aðgerð, er hann er ~~fot~~inn að gera við Dómkirkjuna og, ^{L neitt} dem bæjarfögetinn sem formaður nefndarinnar hafði með bréfi dags. Í dag bannað Jakob að hald áfram þangað til að bygging- arnefndin hefði verið þar til kölluð. Jakob Sveinsson var staddur við Dómkirkjuna með nefndinni og lýsti því yfir, að hann eigi vildi hafa ~~með~~ byggingarnefndina að gera, þareð hann byrfti eigi að bera aðgerðina undir nefndina og fér því nefndin burt, með því þar á staðnum var bá ekkert fyrir hana að gera, þareð Jakob þrátt fyrir ítrekaða áskorun formanns-ins um, hvernig hann ætlaði að haga aðgerð Dómkirkjunnar eigi vildi svara þeirri áskorun. Á staðnum var einnig viðstaddir ritari Jón Jónsson, sem kvaðst vera fullmektugur Jakobs Sveins-sonar og sagði hann að Jakob eigi byrfti í þessu máli að leita neitt til byggingarnefndarinnar. Frá grunninum í kring um kórinn var búið að grafa og hlaða grjótlag ~~#~~ í kringum kórinn svo sem alin á breidd/og var betta grjótlag viðast ^{að neðan} hvar komið rúmlega yfir garðlag. Árni Thorsteinsson og Egils-son biðja bókað, að heir krefjist þess að höfðað verði opin- bert politímál gegn Jakob fyrir þessar tiltektir hans. Eins og Egilsson líka krafðist þess, að það yrði bókað, að hann vilji láta bann það, sem formaður byggingarnefndarinnar gaf út í morgun til Jakobs trésmiðs, um eigi að halda áfram að- gerð að utan á kirkjumúnum standa, þangað til að byggingar- nefndin hefir verið tilkólluð. Jónasson læknir og Geir Zöega biðja bókað, að eptir atvikum geti heir eigi verið á því að nú þegar verði höfðað mál gegn Jakob Sveinssyni, sökum þess, að ómögulegt væri að fá að vita með vissu, hver meining Jak- obs væri með aðgerðina á kirkjunni.

Jakob Sveinsson fekkst eigi til, þótt væri marg skorað á hann að koma og vera við á meðan byggingarnefndin í næsta húsi við kirkjuna bókaði um þenna fund.

Var svo fundi slitið.

E~~H~~.Jónasson. A.Thorsteinsson. J~~H~~Jónasson. Egilsson.
O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1879, h. 19. aprílmánaðar hélt byggingarnefndin fund
méð sér hjá Dómkirkjunni í Reykjavík. ~~Herra~~ landshöfðingi
Finsen mætti þar og tjáði nefndinni að aðgerð sú, er ætti
að fara fram á Dómkirkjunni, yrði bannig hagað, að byggt
yrði utan á múninn á kórnum úr íslenzku grjóti, hleðslu af
8' til 10' hykkt og að öðru leyti gert við hann eptir börf-
um.

Formaður byggingarnefndarinnar bar þessa breytingu ámúr
kirkjunnar upp og var það frá hálfu (~~nefndarinnar~~) Bygging-
arnefndarinnar samþykkt nema af herra Egilsson, sem sagðist
neita (um) samþykki sitt til þessarar byggingar eða aðgerðar á
kirkjunnni, bareð honum þætti byggingaraðferðin óforsvaran-
leg. Landshöfðingi tók það (að) öðru leyti fram, að hann á-
liti að þessi utanbygging á kórnum úr íslenzku grjóti væri
á grunni kirkjunnar, en að hann yrði að álíta að hann, hvað
þessa kirkjuágerð snerti einungis byrfti að leita bygging-
arnefndarinnar að svo miklu leyti, sem snerti eldsvoða og
ef spurgsmál gæti orðið um að gata fyrir þessu aðgerð yrði
þrengri. Egilsson bað sérstaklega bókað að hann neitaði
því, að það, sem væri byggt utan á múninn á kórnum úr grjóti
væri á grunni kirkjunnar, heldur á þejarins.

Bar þá formaður upp fyrir byggingarnefndinni að Jakob
Sveinsson hefði í dag talað við sig, og tjáð sér að honum
hætti illt, hvernig hann ígær hefði farið að gagnvart bygg-
ingarnefndinni og vildi gjarnan hafa það ógert og beiddist
því afsökunar.

Egilsson bað bókað að byggingarnefndin héldi áfram þeirri
málshöfðun, er í gær af hálfu 2 byggingarnefndarmanna var
óskarlað höfðað yrði gegn Jakob Sveinssyni.

Með því eigi var frekar að fyrirtaka var fundi sagt slit-
ið.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinsson. F. Jónassen.
O. Finsen. Egilsson. G. Zöega. ~~Herr~~ Finsen.

Ár 1879, h. 26. Mai átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Sigurði Þórðarsyni í Kasthúsum var útmeld lóð með hinum nýja veki í Skuggahverfi frá suður ~~þefhi~~ á vesturgafli Jörgensbæjar undir bæ, á lengd frá austri til vesturs 83 fet og frá norðri til suðurs 50 fet og verða þá 6 álnir milli vegarins og bessarar lóðar, - að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar.

2. Jóni Arnljótssyni mæld út lóð undir bæ í Skuggahverfi fyrir austan Kasthúsins, 30 álnir frá norðri til suðurs og 16 álnir frá austri til vesturs og nær vesturhlíðin á bessari lóð að ~~kálgarði~~ Stefánus í Kasthúsum /að undanskild- L (kálgarði hús) um dálitlum stekk eða tóptarbroti í norðvesturhorni bessarar lóðar, sem að svo stöddu Jón eigi fær, með því byggingarnefndin álitur að bessi lóð tilheyri ef til vill Stefáni í Kasthúsum. Að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar.

3. Var mæld út lóð undir salerni hjá landfógeta A.Thorsteinsson, 5 fet á lengd og eins á breidd. Og sömuleiðis undir jafnstórt reykhús i ~~gárdi~~ ^{gáru} húsu.

4. Var mæld 10 álna breið spilda af gamla kirkjugardínum austanverðum, ^{l beint /} vestur frá pakkhusi apótekara Krüger og ~~þeint~~ yfir kirkjugardínum frá suðri til norðurs, handa Krüger til / að planta þar trjám, eptir þeim skilyrðum, sem bæjarstjórnin hefir leyft honum að fá bessa spildu með, og með því skilyrði, að hann eigi flytji burt legsteina þá, er eru á lóðinni.

5. Kom byggingarnefndin saman við Hlíðarhúsastig hjá ~~Dúkskoti~~, með því að Þórður Guðmundsson hafði óskað að fá mælda út lóð undir hús 12 álna langt og 9 álna breitt fyrir norðan veginn fyrir vestan Helluland á þeim sama bletti sem Jón ~~Oddsson~~ (Jón Oddsson) lóðs fékk útmælt hússtæði fyrir 3 árum síðan með því að 3 byggingarnefndarinnar meðlimir landfógeti A. Thorsteinsson, póstmeistari O.Finsen og bæjarfulltrúi Egilsson álitu að fyrst Jón Oddsson í ár ætti að borga lóðartoll til bæjarins, þá gæti byggingarnefndin eigi tekið frá honum bessa lóð í ár, en 3 meðlimir nefndarinnar nfl. læknir Jónas Jónasson, Geir Zöega og bæjarfógeti álitu, að þar sem Jón Oddsson eigi hefði nú í 3 ár byggt á bessari lóð, þá hefði Jón þegar fyrir gert þeim rétti, sem hann hefði haft til bessarar lóðar, og með því Jón Oddsson eigi ~~rekktist~~ ^{fóttist} góðviljuglega að afsala sér bessari lóð, þá varð ekkert úr útmælingu bessari.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. A.Thorsteinsson. Jónasson. O.Finsen.
Egilsson. G.Zöega.

Ar 1879, hinn 5. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá fyrirtekið:

Mæld út lóð undir 17 álna langt og 122 álna breitt
hús í kálgarði Geirs Zöega við Kirkjustræti, handa bóksala
Kristjáni Þorgrímssyni. Á hús þetta að standa 5 álnir frá
plankaverki því, sem er að vestanverðu við lóð Halldórs Frið-
rikssonar yfirkennara og eiga að vera 16 álnir milli þeirrar
hliðar hússins er snýr út að strætinu og apoteksins eða með
Öðrum orðum breidd götunnar fyrir norðan húsið er ákveðið
að skuli vera 16 álnir.

Fundi slitið.

Eth.Jónasson. Egilsson. A.Thorstenson. J.Jónassen.
G.Zöega. O.Finsen.

Ár 1879, hinn 7. júní átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá fyrirtekið:

1. Að mæla út Pórði Guðmundssyni verzlunarmanni húsa-stæði á lóðinni fyrir norðan Dúkskot norðanvert við veginn þar í garði þeim, er Jón lóðs Oddsson hingað til hefur haft til afnota. Á húsið að vera á lengd 12 álnir og á breidd 10 álnir, og á að standa 5 álnir frá veginum og eiga gaflar þess að snúa austur og vestur, altsvo í stefnu við Læknisgötu.

2. Var Jensen ~~bakara~~ við Góthúsastíg leyft að setja hús fyrir austan íbúðarhús sitt, 4 álnir á hvorn veg (~~hæng-~~
~~mahús~~) og einnig salerni fyrir austan hús sitt við suðausturhornið á geymsluhúsi því er þar er 1 1/2 alin á hvørn veg, að áskildu samþykki lóðareigandans við hliðina á (Brekku-bejgr). ~~Þess~~ skal með tilliti útmælingarinnar, sem nefnd er undir nr. 1. getið, að Romania í Höll leyfði að Pórður Guðmundsson mætti byggja fast upp að steingardí þeim, sem er vestanvert við kálgarð hennar.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. A. Thorstenson. Egilsson. Geir Zöega.
O. Finsen. J. Jonassen (~~John V. Jonassen~~).

Ár 1879, hinn 18. júní átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá fyrir tekið - mæla út:

1. Jónasi Jónssyni frá Kasthúsum, undir bæ og til kálgarðs Vaustanvert við Skuggahverfis veginn. Þið útmælda pláss er 32 álnir frá suðri til norðurs, norðanvert við lóð þá er útmeld hefir verið Sigurði Þórðarsyni, og 44 álnir frá vestri til austurs. Bærinn á að snúa göflunum gegn norðri og suðri, og veggirnir að vera úr steini.

2. Var mældur upp túnblettur sá, sem er hjá Steinstöðum, og reyndist hann vera #

3. Var mældur upp túnblettur hjá Garðhúsum er var að stærð #

E. Jónasson. Egilsson. A. Thorsteinsson.

Ár 1879, h. 17. júlí kom byggingarnefndin saman hjá Bakka og var þá mæld út lóð undir hús 12 álna langt og 6 álna breitt úr timbri með bindingi múruðum, er Gísli Björnsson á Bakka vill byggja. Einnig var lóð útmæld undir skúr við vesturenda hússins, 2 álnir á hvorn veg.

Fundi slitid.

Eth. Jónasson. Geir Zöega. O.Finsen. A.Thorsteinsson.
F.Jónassen. Egilsson.

Ár 1879, h. 10. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir.

1. Mæld út hjá múnara Birni Guðmundssyni lóð í norðvesturhorni á garði hans sunnanvert við húsið er hann býr í í Ingólfssbrekku, undir steinhús 10 álna langt og 7 álna breitt.

2. Samþykkt að Árni Gíslason á Skólavörðustig mætti lengja húð sitt um 6 álnir austur eptir með sömu breidd og hæð og það nú hefir.

3. Samþykkt að byggja mætti í norðausturhorni hegningarárhússgarðsins, geymsluhús 10 álna breitt og 12 álna langt.

4. Var Magnúsi Einarssyni í Melkoti mæld út lóð sunnanvert við bæ, er standa ætti 5 1/2 alin frá veginum, 6 álna breið og 7 álna löng undir geymsluhús úr timbri.

5. Samþykkt að póstmeistari Finsen austanvert við húð sitt mætti byggja skúr 3 1/2 al. á breidd og 5 1/2 á lengd.

6. Samþykkt að Gísli í Nýlendu mætti byggja á sinni eigin lóð fyrir dyrum á bæ sínum skúr.

Með því eigi var frekara að fyrirtaka, þá var fundi sagt slitið.

Erl. Jónasson. Geir Zöega. O.Finsen. A.Thorsteins

Ar 1879, h. 22. september kom byggingarnefndin saman i
Aðalstræti hjá húsum Valgarðs Breiðfjörðs og var þá tekið
fyrir að mæla þar út lóð undir 12 álna langt og 9 álna breitt
geymsluhús, er á að standa vestanvert/~~við~~ áfast við norður-
urenda þess og í beinni línu í vestur, hannig, að norður-
hlið þess gengur jafn langt fram og gaflinn á íbúðarhúsi
hans og á suð hliðin á þessu húsi, er snýr að lóð justiti-
ariusar Jonasson að vera eldfást.

Frekara var eigi fyrir tekið.

Erl. Jónasson. Fundi slitið.
A. Thorsteinsson. J. Jonassen.

Ár 1879, þann 24. september átti byggingarnefndin fund með sér, sem settur formaður í byggingarnefndinni lagði landfógeti A. Thorsteinson fram löggildingu amtsins dags.
23. þ.m.

Var fyrir tekið að útmæla stæði undir hús fyrir þær jarfógeta E. Th. Jónasson og assessor Magnús Stephensen á eigin lóð þeirra að Grímsbæ í Þingholtum. Húsið á að vera tvíloptað, minnst 25 álnir á lengd og 16 álnir á breidd með gafla til norðurs og suðurs og standi í jafnri fjarlgð frá götunni, austanvert við hana og við norðvesturhorn lóðarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. O. Finsen. G. Zöega. Egilsson.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. O. Finsen. G. Zöega. Egilsson.

Ár 1879, h. 21. október átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá fyrir tekið:

1. Mæld út lóð í kálgarði (hjá Stöðlakoti) Jóns Árnasonar bókavarðar undir steinhús. Skal það vera 16 álna langt og 12 álna breitt. Gaflar hess eiga að snúa í norður og suður og húsið að standa 5 álnir frá götunni, er gengur suður að Skálholtskotí.
2. Magnúsi Einarssyni mæld út lóð austanvert við Skuggahverfisveginn, undir bæ með steinveggjum, 10 álnir á lengd og 6 álnir á breidd. Gaflar eiga að snúa frá norðri og til suðurs og á bærinn að standa í jafnri fjarlægð frá veginum og hinir nýbyggðu bærir þar.
3. Lúðvíki Alexiussyni mældur út lóðarrænningur 6 álna breiður frá norðri til suðurs frá Vegamótabrú með lóð hans austanverðri og eins langt upp og lóð hans nær. Var það og samþykkt, að hann mætti byggja geymsluhús úr steini 10 álna langt og 8 álna breitt austanvert á lóð sinni, þannig að það stæði í beinni línu við húsin sunnanvert við Vegamótabru.
4. Mæld út lóð undir bæjarstæði fyrir sunnan Brekku og vestan Hala handa Stefáni Stefáni Stefánssyni 10 áln. á lengd og 6 álnir á breidd.

Fundi slitið.

E.Th. Jónasson. G.Zöega. O. Finsen. A. Thorsteinson.
Egilsson. Jónasson.

Fundi slitið.

Ár 1879, h. 11. Nóvember átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrir tekið:

1. Mæld út lóð handa Bjarna Dagssyni á Tóptum fyrir vestan Skuggahverfis veginn undir bæ með grjótveggjum 10 áln. á lengd og 6 á breidd og auk ~~lóð~~ vestanvert við bæinn, 36 áln. á lengd og 36 álnir á breidd; skyldi bærinn standa 6 álnir frá veginum og norðurgafl hans var í beinni línu við norðurgaflinn á bæ Sigurðar Þórðarsonar hinu megin götunnar. Bjarna var heimilað að ~~norð~~ mega nota grjót það er fyrðist á hinni útmældu lóð.

2. ~~Jens~~ Jóhannessyni vaktara mæld út lóð undir hús við veginn, er gengur frá Vegamótabrú norður að húsi Péturs Péturssonar barnakennara á þeim sama stað og Ólafur Ólafsson sál. og síðan Sverrir ~~Finnbjörk~~ steinhöggrvari Runólfsson höfðu fengið sér útmæld húastæði. Á húsi betta að vera 10 álnir á lengd og 7 áln. á breidd. Var Jens tjáð að hann yrði sjálfur að koma sér saman við þá er áður hefðu fengið útmælingu á sama stað, eins og nú var tjáð, en eigi notað hana, ef heir skyldu vilja gera nokkurt tilkall til lóðar þessarar nú. Jens fékk og útmæling þá hina sömu þar í kring, sem hinir 2 áður nefndu menn áður höfðu fengið til kálgarðs- yrkingar.

3. Var Zakarias á Bergi leyft, að mega að vori rifa bæ sinn, og flytja hann austur á við, þó þannig, að vesturhlið hans yrði ekki lengra vestur á við en þannig, að hann yrði 5 áln. frá austurhliðinni á veki þeim, sem búið er að leggja suður eptir Þingholtunum að Grímsbæ og, sem áformad er með tímanum að lengja suður eptir í beina stefnu. Einnig var Zakariasi leyft að byggja í suðausturhorninu á kálgarði sínum hjall 5 álnir á lengd og 5 álnir á breidd.

4. Bóksala Kristjáni Ó. Þorgrímssyni leyft að byggja skúr við suðvesturhornið á húsi hans við Kirkjubrú 4 áln. á lengd og 3 á breidd.

5. Sigurði Sigurðssyni tómthúsmamanni á Austurholti hér í umdæminu leyft að byggja hús norðanvert við Hlíðarhúsa-stíg fyrir vestan hús Sveins Sveinssonar snikkara 14 álnir á lengd og 10 álnir á breidd og á það að standa í beinni línu við þau hús, sem þegar er búið að byggja norðanvert við stíginn. Óll lóðin, sem honum var mæld út var á lengd frá austri til vesturs 30 álnir en frá suðri til norðurs 36 álnir.

Fundi slitið.

O.Finsen. Etþ. Jónasson. G. Zöega. Egilsson.
A. Thorsteinsson. J. Jónasson.

Ár 1880, h. 15. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Að mæla út þejarstæði handa Guðný Guðnasyni, samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 28. nóv. f.á. í holtinu suður undan Kasthúsum. Var honum leyft að byggja þar bæ, 10 álna langan og 8 álna breiðan, er skyldi standa 5 álnir frá þeirri línu er kemur fram, þegar Vegamótabréu er lengd beint í austur, og því sunnanvert við þessa línu.

2. Benedikt Jónssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 3. þ.m. leyft að byggja bæ fyrir austan bæinn Miðhús í Skuggahverfi. Var honum mæld út lóð 36 álnir í hvært horn.

3. Var Brynjólfvi bókbindara Oddssyni leyft að byggja hús 12 áln. á lengd og 12 áln. á breidd, þarsem bær hans, er Suðurbær nefnist í Þingholtum, nú stendur, þó að áskýldu samþykki snikkara Helga Helgasonar að því snertir það að eigi verði fullkomlega 10 álnir á milli húsa þessara.

4. Var Sigurði Sigurðssyni leyft að byggja hús á Selslóð, 11 álna breitt og 14 álna langt.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. G.Zöega. A.Thorsteinson.
O. Finsen.

Ar 1880, hinn 31. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir eptir skriflegri beiðni Þorvaldar Klængssonar í Pingholti dags. 26. Þ.m. að mæla út lóð undir 10 álna langt og 10 álna breitt hús, er hann vill byggja þar, sem bær hans nú stendur í Pingholti. Var það samþykkt af byggingarnefndinni að hann mætti byggja þetta hús á þessum stað og áskilið að það stæði í sömu línu aust-anvert við götuna og hin önnur timburhús, sem negar er búið að byggja í þessari götu..

Fundi sagt slitið.

E.Th. Jónasson. O. Finsen. A.Thorsteinson. Egilsson.
F.Jonasson.

Logi frá bróðri daga. 12. Þ.m. var lýsmál ógagnað Jónasson, þar sem hann beliðst leyfti ekki hafa að með ógagnaði í Refnarstræti á stakkholti frá norðan með illa ógar Jónassons og verfiðans Jónathanssonar 20. Álsír á laug 19. Óður á breiða, óvagða stóra hatt og með gjallanum. Ver þat leyft og honum upphafleg að hafa hafið á stakkholti vori dregin heint i vestur frá þessum götu. Knudur um þurhlið henni í eftaneturhoga skálundar hafnarins vor með. Síglarður sýndi leyfil. Það tilhefur ekki ófarað að með ógagnaða byggja á þessum stað. Þáður óhálfanum fer er ofan um getar voru settir.

Fundi slitið.

E.Th. Jónasson. Egilsson. O.Finsen. A.Thorsteinson.
A.Thorsteinson. Sig-Jónasson.

Ár 1880, h. 14. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar já tekið fyrir:

1. Lögð fram beiðni dags. 9. þ.m. frá Þórði Zöega um að fá leyfi til að byggja hús fyrir norðan Hlíðarhúsa-stíg á þeim sama stað, sem Jón Guðmundsson á sínum tíma hefur fengið útmælt hússtæði og var það leyft þannig, að hann fékk útmæld frá austri til vesturs 30 álnir með veginum og 30 álnir frá suðri til norðurs, og á hús betta að standa 5 álnir frá veginum að brunninum og 5 álnir frá Hlíðarhúsaveginum, en landfógeti A. Thorsteinson greiddi atkvæði á móti því að Þórður fengi lengri lóðarspildu, en 25 álnir í mesta lagi með veginum, en helzt vildi hann að hann fengi alls ekki að byggja á þessum stað, með því þetta hússtæði kemi í bága við veg þann, sem byggingarnefndin á sínum tíma (1866) hafði stungið upp á að leggja skyldi frá útnorðurhorni á túni Geirs Zöega (Götuhúsatúns) beint yfir Hlíðarhúsalóð ofan að sjó.

2. Lagt fram bréf dags. 12. þ.m. frá járnsmið Sigurði Jónssyni, þarsem hann beiðist leyfis til þess að mega byggja steinhús í Hafnarstræti á stakkstæði fyrir norðan hús Símonar Johnsens og Þorfinns Jónathanssonar 20 álnir á lengd og 12 álnir á breidd, tveggja etage hátt og með kjallara. Var það leyft og honum uppálagt að hafa húsið í stefnu, er væri dregin beint í vestur fra pakkhúsi P. Knudtzons (suðurhlið þess) í suðausturhorn sölubúðar Havsteins verzunar. Sigurður sýndi leyfi frá hlutaðeigandi lóðar- umráðendum að mega byggja á þessum stað. Báðir lóðareigendur heir er ofan um getur voru mættir.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. O.Finsen. Jónasson.
A.Thorsteinsson. Sig.Jónsson. ÞorPálsson.

Ár 1880, hinn 4. mars átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir samkvæmt skriflegri beiðni Hermanns Einarssonar á Brekku, að mæla honum út lóð undir ~~hjall~~ hjall og til vergagna á Garðhúsalóð. Var honum svo útmeld spilda neðst við hinn nýja veg er gengur frá Ánanaustum ofan að sjó að vestanverðu við veginn 15 áln. frá norðri til suðurs og 12 1/2 al. frá austri til vesturs. Ætlar Hermann á þessu svæði að byggja hjall 6 álna ~~bængðan~~/þegi/ langan og 5 álna breiðan, og á hjallurinn að standa 2 áln. frá götunni, eins og Hermann líka skuldbindur sig til að flytja hjall sinn og rýma burt af lóðinni, ef einhver skyldi óska að byggja hús eða bæ á þessum stað.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 17. mars kom byggingarnefndin saman á stakkstæðinu fyrir sunnan barnaskólahúsið í Strandstræti (Hafnarstræti) og var þar þá tekið fyrir beiðni Jóns Vídalíns dags. 15. b.m. er fram var lögð, og hljóðar svo: #

Beiðist hann að fá mælda þar út lóð handa sér, undir hús tvíloptað 18 álnir á lengd og 12 álnir á breidd. Allir í nefndinni mættu á þessum fundi og einnig mætti þar factor fyrir verzlun P. C. Knudtzson & Sön, hér í bænum. N. Zimsem mótmælti hann í kröptugasta máta að nokkur útmæling í dag færi fram á greindu stakkstæði. Þaréð hann ekki vissi annað en að húsbændur Jónas, nefnt verzlunarhús, hefði á sinum keypt betta stakkstæði. Nefndin létt mæla lengd stakkstæðis þessa frá vestri til austurs og nær hún (#) 100 fet " # 50 álnir; á þessu svæði vestantil eða frá austurgafli pakkhússxxx P. C. Knudtzson er stendur norðanvert við Strandgötuna er fyrirhugað að búa til götu ofan að sjó og var því það tekið fram að þar yrði að vera svæði 18 álnir frá vestri til austurs, autt, en á hinu svæðinu á greindu stakkstæði létt byggingarnefndin í ljósi, að hún hefði ekki neitt á móti að byggt yrði hús af þeirri stærð er beiðandinn Jón Vídalín verzlunarmaður hefði beiðst í framanninefndu bréfi sínu, þó hennig að það verði eigi austar en 5 álnir frá austurtakmörkunum stakkstæðisins og í þeirri fjarlægð frá Strandgötunni, sem nefndin síðar mun ákveða og sjálfsagt að hví áskildu, að enginn annar hafi þann rétt til lóðarinnar, að hann geti bannað að byggja þar hús. Jón Vídalín var viðstaddir.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. Jón Pálsson. A. Thorsteinson.
J. Jónasson. O. Finsen.

Ar 1880, h. 2. apríl kom byggingarnefndin saman á veg-inum er liggur frá Hlíðarhúsavegi ofan að sjó hjá Ánanaustum, til þess eptir beiðni Sveins Guðmundssonar tómthúsmanns, að mæla honum þar út lóð undir bæ 10 álna breiðan og 12 álna langan og dálitið pláss til stakkstæðis eða kálgarðs og úтиhúsa. Fyrir hönd Sveins mætti kaupmaður Símon John-sen. Var svo/mælt út 30 álnir í hvort horn fyrir vestan Ánanaustaveginn, þannig að suðurlína þessa svæðis er beint frá veginum og í norðausturhornið á heim steingarði, sem er hjá Garðhúsum. Bærinn á að standa 5 álnir frá götunni og sé hann úr torfi. Eiga gaflar að snúa í austur og vest-ur, en annars í suður og norður, ef það er stein- eða tréhús.

L Sveini
Fundí slitið.

Eth. Jónasson.

Egilsson. O.Finsen. A. Thorsteinson. Jón Pálsson.

Var fyrir tekið að ófins 164 undir he i Skálholtshólfum (Arnarholtshefli) hendi Guðmundi Þallaborgsins. Ófins heiðar var vera 8 límir í lengd og 6 alda. Í breiddi heiðarins var 10 límir fyrir vestan heiðarins Þallaborgsins og 12 límir fyrir austan fra Þallaborginum á heiðarins í norðum.

Var lagt frea spéf daga. 2. apríl h.á. frá Skálholtshólfum, en að ré að ganga inn til Þallaborgsins, sem ófins heilir þarfir henni fátt í fyrri vor fyrir vestan Herkistæða til Þallaborgsins, en nefndanum hafi ekki þá að láta af þessi frea 164, þarost ekki fari að býrja hér síður. Þótt en standst þarinn Herkistæða, of þessi umræða hér verði meðin í býrja sín.

Smith leitti að býrja, fagað "ófin á hér sitt" og í Þallaborgsins.

Fundí slitið.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinson. Egilsson. Jón Pálsson.
O. Finsen.

Ár 1880, h. 7. apríl var byggingarnefndin saman komin, og var þar tekið fyrir:

1. Akveðið að hús það, sem kaupmaðr J. P. Vídalín ~~vildi~~ byggja á stakkstæðinu fram undan barnaskólahúsinu og sem að útmæld var lóð h. 17. f.m. ætti að standa 12 fet fyrir norðan götuna og stefnan ~~áframhald~~ húss ~~verðum~~ í beina línu við suðausturhornið á pakkhúsi P. C. Knudtzons. Jón P. Vídalín var við.

2. Var fyrirtekin beiðni faktor Matth. Johanessens dags. 19. f.m. þar sem hann beiðist að fá útmælda lóð undir hús, á því óbyggða og ógirta svæði fyrir norðan Strandgötuna hér í bænum milli verzlunarnhúsa ~~Havsteens~~ og nyrzta. Wöruhúss P. C. Knudtzons kaupmanns! Nefndin samþykkti fyrir sitt leytti á þessu svæði mætti byggja hús af þeirri stærð, sem hann beiddist, ~~en~~ 20 álna breidd og 25 álna langt. Þess skal getið, að Þorfinnur Jónathansson kaupmaður og N. Zimsen faktor mættu, og neituðu algjörlega að nokkur útmæling færi fram á þeirri lóð er væri fyrir framan hús þeirra, er þeir kváðust eiga eða húsbændur þeirra, og var þeim geymdur sinn réttur óskertur.

3. Var fyrir tekið að útmæla lóð undir bæ i Skólavörðuholti (Arnarlóðsholti) handa Guðmundi Halldórssyni. Skyldi sá bær vera 8 álnir á lengd og 6 áln. á breidd og standa 10 álnir fyrir vestan bæ Eyjólfss Pálssonar og standa í beina stefnu frá útnorðurhorni á bæ Eyjólfss í norður.

4. Var lagt fram bréf dags. 4 apríl þ.á. frá Nikulási Jafetssyni, um að fá að ganga inn í útmælingu, sem Einar sál. ~~Um~~ Þróðir hans fékk í fyravor fyrir vestan Merkistein til húsbýggingar, en nefndinni leizt ekki (~~á~~) að láta af hendi þessa lóð, þareð ekki yrði fært að byggja hús síðar, þarsem nú stendur bærinn Merkisteinn, ef þessi umrædda lóð væri latin í burtu nú.

5. Smith leyft að byggja „~~á~~stage“ ofan á hús sitt nr. // í Hafnargötu.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinson. Egilsson. Jón Páls-son. O. Finsen.

Ár 1880, h. 3. Mai kom byggingarnefndin, eptir beiðni landshöfðingjans, saman hjá dómkirkjunni til þess að ihuga hvort alþingishússbyggingin mætti standa á milli dómkirkjunnar og húss H. Kr. Friðrikssonar.

Eptir heim merkjum er sett voru þar niður af þeim manni, sem standa á fyrir þessari byggingu, er ætlazt til að húsið standi með framhlið sinni í beinni línu við suðurhlíð kirkjunnar, þannig, að þar á milli séu 27 1/2 alin, en 13 1/2 alin frá húsinu vestur að húsi yfirkennara Friðrikssonar, en 79 fet frá norðurhlíð hússins beint í norður að Austurvelli. Byggingarnefndin féllst á það, að byggingin mætti standa á þessum stað, svo framarlega sem nefndin, er stendur fyrir húsabyggingunni óskar að fá betta pláss.

Húsið á að vera 45 álnir á lengd og 25 álnir á breidd.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. Egilsson. Jón Páls-
son. O. Finsen.

Fundi elitis.

Ár 1880, h. 8. Mai hélt byggingarnefndin fund með sér hjá húsi H. Kr. Friðrikssonar yfirkennara, þarsem fyrirhugað er að byggja Alþingis- húsið og var þá á ný eptir beiðni landshöfðingjans yfir Íslandi tekið til yfirvegunar, hvar nefnt alþingishús skyldi standa og var gjörð á legu hússins sú breyting frá því, sem var ákveðið á fundinum 3. maí þ.á. að það nú skyldi standa jafnlangt fram að götunni og norðurhlið kirkjunnar og hús H. Kr. Friðrikssonar yfirkennara. Tilefni til þess að þessi breyting var gjörð, er það, að Bald byggingameistari hafði skýrt frá, að hann eigi gæti látið alþingishúsið standa eins hærri Tjörnumnni og hann fyrst hafði hugsað sér að það gæti staðið. Þess skal getið að millibilið milli húss H. Kr. Friðrikssonar og alþingishússins nú verður að eins 9 álnir, og samþykkir yfirkennarinn, sem var viðstaddir fyrir sitt leytí að svo mætti vera og byggingarnefndin félst einnig á í þessu tilfelli að gera undantekning frá fyrirmælum byggingarlaganna, með sérstöku tillichi til þess að bæði húsin eru steinbyggingar.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. O.Finsen. Jón Pálsson.
A. Thorsteinsson. Fundi slitið.

Ár 1880, h. 12. maí, átti byggingarnefndin fund með sér og var þar há tekið fyrir:

1. Að mæla út lóð handa Páli á Geysi 14 álnir í suður frá suðausturhorni á húsi hans í beina stefnū og þaðan aptur beina línu vestur í garðinn fyrir ofan veginn hjá Bergstöðum og var Páli uppálagt að hafa girt þetta svæði fyrir útgöngu þessa mánaðar.

2. Var Guðm. vaktara Ingimundssyni leyft að byggja upp bæ/lá sama stað og Bergstaðir nú standa á. Mál á hús- *Lúvgrjóti* inu verður síðar ákveðið.

3. Var eptir beiðni Þorvaldar Klængssonar fyrirtekið að ákveða nákvæmlega, hvernig hús það í Pingholtum skyldi standa, er honum hafði verið leyft að byggja þar í haust. Með því að húsið til þess að það geti staðið í beina línu við hin húsin í götunni verður að ganga talsvert fram á götuna, þá ákvað byggingarnefndin um leið, stefnu þá, sem gatan framvegis verður að hafa til þess að liggja í beina línu frá Bakarastígnum, og aðvaraði (tilsagði) lóðaeigendanum um að rækta ekki að svo stöddu kálgarða sína.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. F. Jónasson. O.Finsen. Egilsson.
Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 7. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir:

1. Að mæla Jóni Erlindssyni út lóð undir bæ á Grímsstaðaholti. Á þessi bær að vera 9 álnir á lengd og 8 álnir á breidd og gaflar hans að snúa frá suðri til norðurs.

2. Að mæla út bæjarstæði af sömu stærð handa Guðjóni Einarssyni á Grímsstaðaholti; skal sá bær snúa eins og vera af sömu stærð.

3. Var mæld út lóð undir kálgarð handa Guðjóni Einarsyni fyrir norðan kálgarð þann er fylgir bæ Steindórs Jónssonar á Grímsstaðakoti frá N. til S. # 85 fet, en austurhlið hans 60 fet, en vesturhlið 38 fet.

4. Mæld út lóð undir kálgarð fyrir norðan síðastnefndan kálgarð, handa Jóni Erlindssyni frá N. til S. # 85 fet, en frá austri til vesturs # 60 fet.

5. Mæld út lóð undir bæ handa Guðmundi Jónssyni frá Pálshúsum á Selslóð vestur undir Brekkuholti 12 álnir á lengd og 10 álnir á breidd.

Með því ekki var frekara að fyrirtaka, þá var fundi *s., +*
slitið.

Eth. Jónassen. Jón Pálsson. Egilsson. *J.* Jónassen.

Ár 1880, h. 16. júní var fundur í byggingarnefndinni,
og kom þar til umræðu:

1. Var lagt þar fram bréf dags. 4. þ.m. frá frú Carol.
Sivertsen, þann sem hún biður um leyfi til þess að mega byggja
ofaná húsið sitt 1 etage. Var það leyft.

2. Var lagt ~~fram~~ bréf frá Sigurði Jónssyni áður á
~~Bjargi~~ Bjargi, sem bað um að mega byggja bæ í Skuggahverfi,
og vildi byggingarnefndin leyfa það þar fyrir innan bæ
Benedikts Jónssonar: 4fl. 36 al².

3. Var eptir undirlagi bæjarstjórnarinnar mæld upp 1/5
trésmiðs Jakobs Sveinssonar fyrir sunnan Dómkirkjuna og
a). reyndist það þannig: frá austri til vesturs er ~~er~~ /frá stakkfjalli
stakkfjallnu hjá Lækjarkoti að vesturgafli á húsi Jakobs 50 fet
(þegur) baraf 15 fet, síðan 30 álnir beint í vestur (að ný-
byggðu lóðinni). (b). svo 62 fet vestur á enda lóðarinnar
fyrir vestan blikkhúsið. c) frá norðri til suðurs # 100
fet ofan að Tjörninni, nýja lóðin.

A þessum nýja parti 47 fetum stendur hús, sem eigi finnst
að hafa verið mæld út lóð undir og byggingarnefndin hví
vist aldrei verið kölluð til.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Jón Pálsson. A. Thorsteinson.
Egilsson.

Ár 1880, h. 28. júní átti byggingarnefndin fund með sér hjá húsum Jakobs trésmiðs Sveinssonar:

Var þar lagt fram bréf frá honum dags. 24. þ.m., þarsem hann biður um leyfi að mega byggja 19 álna langan og 5 1/2 alin breiðan „skúr“ fyrir vestan íbúðarhús sitt og með norðurhlíð lóðar hans; bréfið auðkennist um að hafa verið lagt fram og hljóðar svo: #

Pessi umbeïðni var veitt, en byggingarnefndin vildi að hann hefði mænir á þessari byggingu en eigi flatt þak.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. Jón Pálsson.

Ján Pálsson.

Ár 1880, h. 27. júlí átti byggingarnefndin fund með sér, og þá var tekið fyrir samkvæmt beiðni L. A. Knudsens í bréfi dags. 26. júlí þ.á. að mæla honum út, lóð undir hús í Tjarnargötu milli húsa beirra konsúls Siemsen og ekkjunnar Gróu Oddsdóttur. Á hús þetta að vera 12 1/2 alin á hvern veg. Með því að hús þetta ~~með~~ suðaustur og norðaustur-horni, ~~síðum~~ stendur eigi nema rúmar 4 álnir frá pakkhúsum er standa á lóð nágrannanna, þá var L. A. Knudsen uppálagt að klæða með járni eða skífu báða gaflana og austurhlíð hússins. Að því leyti suðurgafl hússins eigi er fullar 5 álnir frá norðurenda lóðar konsúls Siemsens, gaf nefndum konsúllbað eptir að byggja mætti nær sinni lóð en 5 álnir frá henni, þar sem þó yrðu 10 álnir á milli húsanna. Þess skal getið að Gróa Oddsdóttir eins og líka konsúll Siemsen eigi hafði á móti því þó húsið eins og tekið var áður fram kæmi nær pakkhúsum beirra en 10 álnir.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinsen. Egilsson.
O. Finsen.

Var ekki byggt.

Með því að 10 álnir eiga að vera á milli tréhúsa, ~~gat~~ ég eigi fallizt á að L. A. Knudsen fái leyfi til að byggja á hinu ofangreinda svæði.

Jón Pálsson.

Ár 1880, þ. 3. ágúst var byggingarnefndin saman komin útaf beiðni herra lausakaupmanns Endresens dags. 2. þ.m. um að fá að byggja í gamla kirkjugarðinum hús tvíloptað.

Mættir voru á þessum fundi auk bæjar-fógeta, A. Thorsteinson, Finsen, læknir J. Jónasson.

Með því að byggingarnefndin ekki ennþá hefir fengið sér afsalaðan hennan kirkjugarð til byggingar-pláz af bæjarstjórninni þá áleit byggingarnefndin að hún að svo stöddu ekki gæti mælt út á kirkjugarðinum. Endresen áskildi sér að byggingarnefndin þá fyrst svo væri vildi leggja þetta mál fyrir bæjarstjórnina og fá ákvörðun (álit) hennar um, hvort nú mætti fara að byggja á kirkjugarðinum eða ekki.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsen. A. Thorsteinson. J. Jónasson.
O. Finsen. Jón Pálsson.

Meðal annals af bairri götu er gengur frá Þorsteinsoni um að fátt milli héraðsins og Símonar Jónasson og sína matiðum. Á sínum líti, en hlutafélagaverlunarsínum, Þorsteinson hóða og sínar valtingarsínum Halberg og héraðs lítili. Ír tilgreindar hóðið er ósundil meðanvígvið meðduðu sín, með fyrirvara að vera skuli á breiðu sín og milli er á milli héraðsverfsons veral. og kaupmanna símonar Jónasson sín til 11 klínir og 6" og verður verfsonarnefndin á heim vært hein ófremdi spáir austurenda á milli Þorsteinsons/verfsonar og Þjóðar Gróði-Godadóttur á kirkjugarðinum er. ef hún er framkvæmd, ófremdi heim að aðreið skotspálin á nelandi.

Leggur Ólafssyni i Kastálionum til byggja skálu fyrir hjaði fyrir norðan og sín 5 klínir á lengd og 5 klínir á breidd.

Ólafssyni bákkavelli leyft til byggja skálu fyrir hjaði fyrir norðan og skálholtskotavagi 4-7" klínir á lengd og 5 klínir á breidd.

Ólafssyni i Klíberhnism leytt til byggja skálu fyrir hjaði fyrir norðan og skálholtskotavagi við hún sitt, 5 klínir á lengd og 5 klínir á breidd.

Frakara var ekki fyrir teknileg.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinson. O. Finsen. J. Jónasson.
Jón Pálsson.

- asson. Egillsson. Jón Pálssoon.
- Eth. Jónasson. A. Thorsteinson. O. Finssen. J. Jónasson.
- Frekara var ekki fyrr tekn.
- hverun veg.
7. Jóni Ólafssyni í Hlíðarhúsum Leyft að byggja skur
- ír austan hús hans á Skálholtskotsavegi 47. Álntir á lengd
- og 3 álntir á breidd.
6. Jóni Arnasýn bokaverað Leyft að byggja skur fyrr
- hjáll fyrr norðan þeim 6 álntir á lengd og 5 álntir á
- bredid.
5. Leyft Stóur Ólafssyni í Kastthúsum að byggja
- ljósins
- húsa, stefnt beint á eftir skotpállin: a meðunum.
- Gróu Oddsdóttur á Kirkjugarðastræti er, er hún er framleidd
- á dregein eftir austurenða á því Hástveens/Láusturenða á híða
- ll álntir og 6" og verður vesturröndin á þeim vegi þeit
- þaðan, er að verða skuli a breidd eins og bíll er a milli
- húsa Hástveens verzl. Og kauptmanns Símonar Jónssons eða
- á etna híði, en hultafélagasverzumarrinnar, Hástveens húsa
- súður eftir milli húsa Kirkjugarðin beint suður að Tjörnum,
- að Leygja yfir Gemla Kirkjugarðin eftir þeit súður að Hafnarstræti
- híðin á hústnu snúi fram að eftir þeit er fyrirvara að
- að húst ðeim snúi fram norðri til suðurs með galla sína, en
- líðeur fyrir sunnan garð ekkjunnar Gróu Oddsdóttur, þannig
- háð, er nefnd var a fundi 27. Júlí 1900, a bleitt þeim er
4. Var L. A. Knudsen bokhaldar Leyft að byggja hú
- 5 álntir á breidd.
- Við austurenða hjállas síns Geymsluhús 4 álntir á lengd og
3. Var Gísla Björnssyni í Annaustum Leyft að byggja
- kálfarðars hans, 6 álntir á lengd og 5 álntir á breidd.
- skriftegrí beitán hán 16 undir hjáll í landnorðurhorni
2. Að meða út Birni Gunnlaugssyni í Annaustum, samkv.
- undir hjáll híða þeim, 4 álntir á lengd og 3 álntir á breidd.
- og var þa tekni fyrir:
- Ar 1880, h. 4. Áður var byggjarnefndin saman komin

Ár 1880 h. 14. ágúst átti bygginingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Áð útvísa lóð undir hjallstæði á Selslóð handa Pórði tómthúsmanni Péturssyni á Litlaselstúni; skyldi hjallur þessi vera 6 álnir á hvern veg.
2. Var assessor Magnúsi Stephensen leyft að byggja pakkhús á eigin lóð fyrir austan hús sitt í Ingólfssbrekku 10 álnir á breidd og 14 álnir á lengd.
3. Sama leyft að byggja skúr austantil við nefnt hús sitt 6 álnir á lengd og 4 álnir á breidd.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. A. Thorsteinson. O. Finsen. J. Jonassen.
Jón Pálsson. Egilsson.

Ár 1880, h. 20. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir:

1. Að leyfa Hans Jónssyni í Grímsbæ að lengja bæ
sinn 4 álnir til vesturs; skyldi hann hafa að norðanverðu
steinvegg og að sunnanverðu skuldbindur hann sig til þess
að setja steinvegg út að götunni eins fljótt og hann getur.

2. Var Sigurði Jónssyni á Hlíðarhúsastíg leyft að Ljárvsmið
byggja austanvert með húsi sínu skúr jafnbreiðan og húsgafl-
inn en með skáhöllu þaki og á lengd út í frá húsinu $2\frac{1}{2}$
alin.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. A.Thorsteinson. O. Finsen. J.Jón-
asson. Egilsson. Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 20. ágúst var byggingarnefndin saman kom-in, og var þá tekið fyrir:

Assistent Þórði Guðmundssyni í Læknisgötu var leyft að ~~þ~~ byggja hjall fyrir vestan hús sitt í sömu fjarlægð frá götunni og húsið stendur, 6 álna langan og 5 álna breidan og áskilið að takið væri haft eldfast.

Fundi slitið.

Jón Pálsson. Eth. Jónasson. J.Jónasson. A. Thorsteinson. O. Finsen. Egilsson.

Ár 1880, þinn 26. ágúst var byggingarfundur haldinn og var þar þá fyrirtekið:

Jóni Guðmundssyni tómthúsmanni við Hlíðarhúsastíg var leyft að byggja hjall fyrir vestan þann grjótgarð, er takmarkar lóð hans að vestanverðu við útsuðurhorn kálgarðs hans, en þó með því skilyrði að hann tæki hjallinn burtu, hvenær sem hann skyldi koma í bága við byggingar er kynni að verða reistar bar í(kring) grennd. Hjallur þessi á að vera 5 álnir á hvorn veg.

Eth. Jónasson. A. Thorsteinson. J. Jónasson. O.Finsen.

Ar 1880, h. 30. ágúst átti byggingarnefndin fund með
sér og var þá fyrirtekið:

Tómthúsmanni Gísla Jónssyni, Nýlendu, var leyft að
byggja hjall á eigin lóð sinni, 6 álna langan og 5 álna
breiðan.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. O.Finsen. Jón Pálsson.
A. Thorsæinson. Egilsson.

Ár 1880, h. 31. Ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

Formaður skýrði frá að Rómanía Jónsdóttir í Höll hafði beðið um leyfi til þess að mega byggja upp aptur gaflinn í bæ sínum: nefndinni leizt að leyfa nefndri ekkju að byggja upp þennan bæjargafli úr timbri og vilja jafnvel hjálpa henni til þess, ef hún geti, um l tylft af borðum, ef bæjarstjórnin viljið samlykkja það.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. Egilsson. J.Jónassen. A.Thorsteinson. O. Finsen. Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 4. september, átti byggingarnefndin fund
með sér, og var þar þá tekið fyrir:

Einari Eibarssyni á Steinsstöðum leyft að byggja á eigin
lóð fyrir norðan bæ sinn, hjall 5 álna langan og $4 \frac{1}{2}$ alin
á breidd.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. A. Thorsteinson. J. Jónassen.
O. Finsen. Egilsson.

Frakver var ekki fráskrátt.

Eth. Jónassen. A. Thorsteinson. J. Jónassen.
O. Finsen. Egilsson.

Ár 1880, h. 10. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar á tekið fyrir:

1. Gisla Tómassyni við Hlíðarhúsastíg var leyft að lengja hús sitt til vesturs um 6 álnir.

2. Sigurði Sigurðssyni á Selslóð var leyft að byggja hjall á lóð sinni fyrir sunnan hús sitt í að minnsta kosti 10 álna fjarlægð frá hísinu, og átti hann eigi að ganga í lengra vestur en vesturendi húss hans. Hjallur þessi er á lengd 8 álnir og á breidd 6 álnir.

3. Bjarni Sigurðarson assistent í Læknisgötu fékk leyfi að mega flytja móskúr sinn er nú stendur austast á lóð hans vestast á lóð sína.

4. Runólf fi Runólfssyni í Steinsbæ, meld ~~at~~ lóð hjá húsi hans undir hjall 6 álna langan og 5 álna breiðan.

5. Oddi Oddssyni á Melnum leyft að byggja hjall á eigin lóð 5 álna langan og 4 álna breiðan.

Frékara var ekki fyrirtekið.

Eth. Jónassen. A. Thorsteinson. J.Jónassen.
O.Finsen. Egilsson.

Ár 1880, h. 13. september var fundur haldinn af bygg-
ingarnefndinni og var þá fyrirtekið:

1. Þorvaldi Klængssyni í Þingholtum leyft að byggja skúr, 6 álna langan og 3 álna breiðan fyrir inngangsdýrum á húsi hans við suðurgafl þess.
2. Lúðvík Knúðsen leyft að byggja skúr við dyr á austurhlið húss hans 4 1/2 alin á lengd og 3 álnir á breidd.
3. Hallberg gestgjafa leyft að lengja útbyggingu þá, sem er austur úr húsi hans um 5 álnir norður að skúrnum og 3 1/2 alin á breiddina.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. A.Thorsteinson. Egilsson. J.Jónasson.

Ar 1880, h. 29. september átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Mæld út lóð fyrir norðan Hlíðarhúsastíg undir húshanda skrifara Sighvatti Bjarnasyni 12 álnir á lengd og 10 álnir á breidd og í 5 álna fjarlægð frá veginum.

Einar Guðmundsson í Skálanum sem býr fyrir norðan nús hefta, er Sighvatur hefir í áformi að byggja, sagðist ekkert að hafa á móti þessari útmælingu að því hann snertir.

2. Var Svéini Guðmundssyni í Garðhúsum leyft að byggja bæ suður í Kaplaskjóli 10 álnir á hvern veg. Einnig óskaði hann að fá 3 dagsláttur af mýrinni til túnræktunar gegn ákveðnu álnagjaldi til bæjarsjóðs. Vísaði byggingarnefndin því máli til úrslita bæjarstjórnarinnar.

3. Var tómthúsmanni Gísla Björnssyni leyft að byggja hús eða bæ í Þingholtum á svæðinu milli Brennu og bæ's Bjarna Símonarsonar. Var honum ætlað 30 álnir í hvort horn og skyldi vegabreiddin vera 24 álnir, bannig að vesturhlíð bæjarins kæmi í beina stefnu við suðvesturhornið á Geyði.

4. Var Þórði Stefanssyni í Bjarghúsum leyft að mega ditta að bæ sinum í ár.

5. Kristni Ólafssyni á Steinum leyft að lengja hjall 3 álnir á lengdina og 1 alin á breiddina.

6. Gunnari Haflidásyni í Nýjabæ leyft að lengja hjall um 4 álnir.

7. Jóni í Skipholti leyft að byggja hjall á eigin lóð alnir á breidd og alnir á lengd.

8. Sigurði Þórðarsyni í Hlíðarhúsum leyft að lengja hjall sinn 3 álnir, breidd hans er 5 álnir.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. A.Thorsteinson. O. Finsen. J.Jónasson. Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 6. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Kaupmanni Simoni Johnsen leyft að byggja á stakkstæðinu fram undan nr. 9 í Hafnarstræti hús 14 álna langt og 12 álna breitt..

2. Þorsteini Guðmundssyni í Þingholtsstræti undir væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar mældr út lóðarauki sunnanvert við hús hans 10 álnir frá stéttinni fyrir sunnan húsið og svo beint upp í túngarðinn fyrir ofan hús hans.

3. Trésmið Árna Magnússyni leyft að byggja hús 14 álna langt og 10 álna breitt upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar í túninu suður af Þingholtsstræti í beinni línu við hús Þorsteins Guðmundssonar. Var lóð sú er honum var útmeld frá norðri til suðurs 30 álnir og frá vestri til austurs 35 fet.

4. Helga Helgasyni sníkkara leyft að lengja til norðurs geymsluhús sitt um 4 álnir (breidd þess 7 álnir) þannig að það næði jafnlant fram og íbúðarhús hans í Þingholtsstræti.

5. Assessor Magnúsi Stephensen leyft að byggja salerni $4 \frac{1}{4}$ alin á lengd og $2 \frac{1}{4}$ al. á breidd fyrir austan hús sitt í Ingólfssstræti á eigin lóð.

6. Jóni Árnasyni bókaverði leyft að byggja salerni við norðausturhorn húss hans við Skálholtskotsstíg áln. á lengd og áln. á breidd.

7. Jóni Árnasyni í Króki (á Selslóð) leyft að byggja hjall 4 álnir á hvern veg á lóð sinni.

Fleira ekki fyrir tekið.

Eth. Jónasson. A.Thorsteinsen. O.Finsen. Jóm Páls-son. J.Jónasson.

Við nr. 1 er það athugandi, að tiltekið var að hús það væri tvíloptað, samkvæmt áður tekinni ályktun nefndarinnar fyrir þau hús, sem á kompasseinu yrði byggð. *Kampinum*

Með þeirri athugasemd, fæst mitt samþykki annars ekki.

Egilsson.

Ár 1880, hinn 29. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar já tekið fyrir:

1. Var E. Egilsson og Sveini Guðmundssyni samkvæmt beiðmi þeirra í bréfi dags. 26. þ.m. leyft að byggja steinhús í Kaplaskjóli 18 álnir á lengd og 10 álna breitt. Skyldi þetta hús standa með gaflana í austur og vestur hér um bil á sama stað og steinhúsið sem Jakob Jómsson byggði þar..

2. Brynjólfur Oddssyni bókbindara leyft að byggja salerni fyrir norðaustan hús sitt í Þingholtsstræti.

3. Sveini Sveinssyni snikkara neitað um að mega byggja fjós úr torfi hjá húsi sínu á Hlíðarhúsastig.

4. Lagt fram bréf frá Gísla Björnssyni dags. 25. þ.m. tómþúsmanni, þar sem hann beiðist leyfis til bess að mega byggja þeim þar sem Jens Jóhannesson vaktari áður hafði fengið mælt út í Skuggahverfi undir hús. Var því neitað nema því að eins að Gísli Björnsson byggði þar steinhús eða timburhús ekki minna en Jens ætlaði að byggja, með eldföstu þaki.

5. Var **Einnári** prentara Þórðarsyni leyft að byggja hús tvíloptað 18 álnir á lengd og 12 álnir á breidd fyrir norðan hús sitt í Aðalstræti, þannig, að hlið bess snúi út að Vallarstræti og gangi jafnlangt fram og kennaskólahúsið; eiga gaflar bess að snúa í austur og vestur og vestur-gafl bess að standa í beinni línu við húsi gestgjafa Halbergs. Einnig var það áskilið, að ekki mættu dyr vera á hliðinni út að Vallarstræti.

Frékara var ekki fyrir tekið og fundi slitið.

ETH. Jónasson. J. Jónasson. O. Finsen. Egilsson.
A. Thorsteinson. Jón Pálsson.

Ár 1880, h. 19. nóvember kom byggingarnefndin saman, og var þá fyrirtekið að leyfa uppi vœtanlegt samþykki Amtsins og bœjarstjórnarinnar steinhöggrara Schou að byggja fyrir vestan bænn Merkistein er hann hefir keypt og þessa bœjar lóð steinhús 12 álna langt og 13 álna breitt, var ákveðið að húsið yrði að vera að minnsta kosti 5 álnir fyrir norðan götuna og eigi nær lóð Guðm. Erlindssonar en 5 álna bil verði frá grjótgarði þeim er takmarkað kálgarð hans að aյst-anverðu. Schou lofaði jafnframt að láta af hendi til bœjarins dálitla spildu suðaustantil á Merkisteinþ lóð til þess að gatan yrði gerð beinni en hún nú er, en hann óskaði jafnframt að mæld yrði síðar sú óbyggða lóð er hann vill fá kringum hús sitt, er gangi jafnt niður að sjó og Merkisteins-lóðin nú nær.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. A. Thorsteinson.
Jón Pálsson. Egilsson.

Frekara vor ekki gort.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Jónasson. O. Finsen. A. Thorsteinson.
Jón Pálsson. Egilsson.

Árið 1880, h. 7. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar há tekið fyrir:

1. Beiðni frá skólakennara B. Gröndal frá 5. þ.m. um að fá lóð útmælda undir hús 14 álna langt og 13 álna breitt, fyrir sunnan há lóð í Þingholtsstræti, er húasmiður Arni Magnússon hefir fengið sér útmælda. Var það samþykkt að áskildu samþykki bærjarstjórnarinnar með því þetta væri í tuni Einars Jónssonar, er hann hefir fengið að erfðastu af bænum og að áskildu því skilyrði að eigi mætti byggja nær lóð Árna en í 5 álna fjarlægð.

2. Beiðni dags. 6. þ.m. frá járnsmið Kolbeini Guðmundssyni um að fá að byggja hús norðanvert við Hlíðarhúsa-veg (Læknisgata) fyrir vestan hús löggregluþjóns Jóns Borgfirðings - 11 álna langt og 10 álna breitt; var það samþykkt en áskilið að húsið stæði í línu við hús Jóns Borgfirðings; einnig var það samþykkt að Kolbeinn mætti fá lóð niður fyrir sig jafnlangt niður eptir og lóð fyrnefndis löggregluþjóns nær, en það var tekið fram að 5 álnir áttu að vera fyrir vestan þessa lóð Kolbeins fyrir stíg ofan að sjónum, sem nú liggur þar.

Frekara var ekki gert.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. F.Jónassen. O. Finsen. A.Thorsteinson.
Jón Pálsson. Egilsson.

Ár 1881, h. 15. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir samkvæmt beiðni tómthúsmanns Skúla Jónssonar að mæla honum út lóð undir bæ 10 álna langan og 6 álna breiðan fyrir austan Skuggahverfisveginn fyrir ofan lóð þá, sem þar hefir verið mæld út handa Magnúsi Einarssyni, á bærinn að standa 5 álnir fyrir austan veginn og snúa göflum til norðurs og suðurs. Lóð sú er Skúli fær auk bæjarstæðisins verður síðar mæld nákvæmlega, en honum var tjáð að hann ekki mætti fara ofar en eptir þeirri línu, sem dregin verði beint í veginn úr suðvesturhorni kálgarðs Kristjáns Hróbjartssonar. Bærinn á að byggjast úr steini.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen. A. Thorsteinson. O. Finsen. Egilsson.
J.Jónassen. Jón Pálsson.

Ár 1881, hinn 21. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir samkvæmt beiðni prentara Sigmundar Guðmundssonar, að mæla honum út lóð undir hús á túni landshöfðingjans, er leyft hefir að byggja þar. Skyldi hús þetta standa fyrir neðan hús amtmanns B. Thorbergs, þannig að neðri gafl þess standi í beinni línu við vesturhliðina á húsi Björns Guðmundssonar mýrara og húsið að öðru leyti standi jafn langt frá Bakarastígnum og hús amtmanns Thorbergs. Hús þetta er ákveðið að vera skuli á lengd 18 álnir og á breidd 12 álnir og á að vera steinhús.

X Y

2. Tekin fyrir beiðni kaupmanns Vídalíns og Eggerz, í bréfi dags. 17. febrúar, Þars sem heir beiðast leyfis byggingarnefndarinnar til þess að mega byggja það tvílopt-aða hús, er Einar Pórðarson prentsmiðjueigandi fekk leyfi til þess að byggja á lóð sinni 29. október f.á. og, sem nefndir kaupmenn nú ætla að byggja, eptir að hafa með kaup-samningi eignað rétt Einars til að byggja á greindum stað, - 2 álnum breiðara en upphaflega var tilætlað, með því móti að heir á heirri hlið, sem snert að hísun Einars, hefðu eldfastan vegg. Með því nú að brunamálanefndin fyrir sitt leyti hefir leyft þessa téðu breytingu, þá vill byggingar-nefndin og samþykkja hana.

3. Var Jóni Ólafssyni leyft að byggja skúr fyrir framan dyr á húsi sínu við Þingholtsstræti 2 1/4 álnir á lengd og 2 álnir á breidd.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. Jón Pálsson. G. Zöega.

Eg undirritaður er samdóma 2.lið og 3.lið útmælingunnar héraðofan, en hinni fyrstu alveg mótfallinn, Legar útmæling sú verður borin undir bæjarstjórnina.

Egilsson.

L og mun fera að tóður fyrir því

Ár 1881, hinn 5. marz átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá snikkara Sveini Sveinssyni um að fá að byggja hjall, 6 álnir á hvern veg. Við austanverðan hann stíg, er gengur niður að sjónum frá Hlíðarhúsaveginum hjá þe Gísla Jónssonar í Nýlendu, neðarlega og með því skilyrði að hann taki burtu þennan hjall, ef byggingarnefndin bar, sem hann nú á að standa, vill síðarmeir leggja veg eða byggja hús.

2. Var tekin fyrir beiðni dags. 23. f.m. frá Sighvati skrifara Bjarnasyni, þar sem hann beiðist leyfis byggingarnefndarinnar til þess að mega byggja hús það, er honum í haust var mæld lóð undir, nokkru vestar við Hlíðarhúsaveginn, og samþykkti nefndin að hann mætti byggja vestar með veginum norðanverðum, en þó ekki nær húsi Pórðar Zöega en svo, að 20 álnir séu á milli beirra og í 5 álna fjarlægð frá veginum.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. Jón Pálsson. G.Zöega.
O.Finsen. J.Jónasson.

Fundi var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. J.Jónasson. Egilsson.
Jón Pálsson. G.Zöega.

Ár 1881, hinn 21. apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Að mæla út verzlunarmanni H. J. Siemsen lóð undir hús við Hlíðarhúastíg milli húsa Jóns Ólafssonar og Benedikts Ásgrimssonar. Á hús þetta að vera 12 álnir á hvern veg. Byggingarnefndin leyfði að setja húsið á bessu svæði í 10 álna fjarlægð frá húsi Benedikts Ásgrimssonar, þó að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar að hví leyti þetta væri tún er byggja setti á; svo var það og tekið fyrir að vegur að minnsta kosti 8 álna breiður skyldi vera fyrir austan húsið inn á túnið, er liggur fyrir sunnan veginn.

2. Apothekara Krüger var leyft að byggja viðbót við hús sitt að norðanverðu 14 álna langt og 12 álna breitt.

3. Sigfús Eymundsson photograph biður um að mega byggja tvíloptað hús 20 álna langt og 13 álna breitt á lóð consúls Smith fyrir sunnan hið nýja veitingahús út að Austurstræti þannig að húsið stæði fram á götuna, sem nú er fyrir norðan ræsið, en vill að fyrir framan hið fyrirhugaða hús komi stétt (fortætt) og að ræsið, er nú gengur austur Austurstræti komi þar fyrir framan, þannig að það taki stefnu beint austur í læk. Byggingarnefndin fyrir sitt leyti vill leyfa betta, en með hví er hér um breytingu að ræða og sömuleiða is á ræsi, er hlýtur að hafa kostnað í för með sér fyrir bæinn, þá ber að bera betta mál undir úrskurð bæjarstjórnarinnar. *Lá gátu*

4. Var Sigfúsi Eymundssyni leyft að búa til salerni í garðinum fyrir vestan hús sitt; stærð þess verður síðar ákveðin.

Frekara var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. J.Jónass. Egilsson.
Jón Pálsson. G. Zöega.

Ár 1881, dag 22. apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Að mæla út hússtæði handa adjúnkt Benedikt Gröndal í túni Einars Jónssonar snikkara fyrir neðan Þingholtsstræti. Þetta hús á að vera langt og álna breitt. Byggingarnefndin samþykkif að hann mætti byggja húsið á þessum stað andspænis húsi Þorsteins Guðmundssonar þó ekki nær götunni en í 7 álna fjarlægð og eiga gaflar þess að snúa í norður og suður, en sökum þess að lessi lóð liggur í túni, sem bærinn hefur leigt Einari Jónssyni, var það áskilið að þejarstjórnin samþykki þessa útmælingu.

2. Því næst var tekið fyrir að ákveða stefnu þá yfir tún Einars Jónssonar snikkara, sem framlenging á vegi þeim, er liggur yfir lækinn hjá húsum Waage verzlunarmanns, á að fá, eptir því sem þejarstjórnin hefir ályktað. Byggingarnefndinni leizt að bessi vegur ekki mætti vera mjórrí en frá 8 - 10 álna og harf því að breikka veginn, sem nú gengur frá læknum upp að bókhlöðu skólans nokkuð suður á við en sé svo þeim vegi halddið áfram beint upp eptir túni Einars Jónssonar snikkara, þá lendir vegurinn á bæ Páls Magnússonar í Holti og þess vegna leggur nefndin það til að dálitill hlykkur eða bugða verði á veginum til norðausturs hjá bókhlöðu skólans og að vegurinn svo stefni beint upp nefndi tún á hjall þann, er stendur á lóð Páls Magnússonar norðvestanvert við bæ hans. Einnig skal þess getið að taka verður burt eldhúsið við nyrzta bæinn í Stöðlakoti, ef þessi vegur kemst á.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. J.Jónassen. O.Finsen. Jón Pálsson.
G. Zöega.

Ar 1881, h. 27. apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar já tekið fyrir að útmelalóð undir hús í kálgarði þeim við kirkjugarðsshræti er fylgir húsi Magnúsar Guðjohnsen í Tjarnargötu handa frú Guðrún Guðjohnsen. Samþykkti byggingarnefndin að hús mætti í greindum kálgarði byggja, hús 15 álna langt og 12 álna breitt, er skyldi standa í línu við hús Björns Hjaltesteds smiðs og snúa göflum í norður og suður; fjarlægð hússins frá götunni á að vera sú að frá vesturhlíð hússins, sem snýr að Kirkjugarðsstræti eiga að vera 25 fet út að vesturrönd þessa strætis. Aptur-á móti hefir aðjunkt Steingrimur Thorsteinsson, sem á lóð fyrir norðan nefnt hús, leyft frú Guðjohnsen með skriflegu skjali dags. 13. þ.m. að hún megi setja hús það er hún á-formar að byggja, í 3 álna fjarlægð frá lóð hans.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Jón Pálsson. G. Zöega. O.Finsen.
J.Jónassen. Egilsson.

Ár 1881, hinn 14. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Einari Þórðarsyni pren~~y~~smiðjueiganda var leyft að byggja geymsluhús 12 álna langt og 7 álna breitt á eigin lóð fyrir austan íbúðarhús sitt; skyldu gaflar þess snúa norður og suður.

2. Bókaverði Jóni Árnasyni var leyft að byggja geymsluhús fyrir austan íbúðarhús hans við Skálholtskotsveg, 12 álna langt og 7 álna breitt, eiga gaflar þess að snúa austur og vestur og á það að standa í 10 álna fjarlægð frá bæ Onnu Eiríksdóttur.

3. Samkvæmt skriflegri beiðni dags. 5. þ.m. leyft að lengja megi bæ Gunnlaugs Jóhanns Guðmundssonar í Kast-húsum suðureptir lítið eitt.

4. Sighvati skrifara Bjarnasyni leyft að flytja hús það er hann ætlar að byggja norðanvert við Hlíðarhúsaveg 8 fetum austar með veginum, þannig, að það standi 5~~3~~ fet fyrir austan hús Þórðar Zöega og jafnframt leyft að hann mætti byggja geymsluhús (skúr) á fastan við vesturgafi hússins jafnbreiðan því og 8 fet á lengd.

Frekara ekki fyrir tekið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Jón Pálsson. Egilsson.
G. Zöega.

Ár 1881, hinn 25. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Lögð fram beiðni frá trésmið Valgarði Breiðfjörð í Aðalstræti, um að fá mælt út pláss undir hús.
Var honum synjað um útmælingu eins og hann vildi hafa hana, með hví að bygging hans ætti að vera 5 álnir frá lóð nágranna hans, frú Jónasson, en hann vildi byggja fast upp að hennar lóð.
2. Var Kristjáni Þorgrímssyni bóksala leyft að byggja 12 álna langt og 8 álna breitt geymsluhús á lóð sinni sunnanverðri, en að hví leyfi, sem hann óskaði að byggja það fast upp að kálgarði nágranna síns, yrði hann að fá hans leyfi til less.
3. Eyvindi Eyvindssyni eptir beiðni hans í bréfi dags. 20. b.m. var leyft að byggja bæ í Skuggahverfi austur frá bæ Jónasar Jónssonar Klapparhúsi. Mál á bænum verður síðar nákvæmar tiltekið.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen. Jón Pálsson. O. Finsen. Egilsson.
G. Zöega.

Ar 1881, hinn 30. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja bæ með steinveggjum sunnanvert við vegamótabrú í holtinu vestan undan bæ Guðna Guðnasonar og skyldi hann standa í beina línu við þann bæ og í 10 álna fjarlægð frá honum; gaflar hans eiga að snúa að snúa í austur og vestur; stærð bæjarins verður síðar ákveðin nákvæmlega.
2. Torfa Þorgrímssyni samkvæmt beiðni hans dags. 28. b.m. leyft að lengja geymsluhús fyrir austan íbúðarhús hans á Skólavörðustíg um 5 1/2 alin.
3. Guðm. Sigurðssyni á Tóptum samkvæmt skriflegri beiðni hans leyft að byggja bæ milli Tópta og Nikulásarkots í Skuggahverfi. Veggir séu úr steini.
4. Þórði Stefánssyni á Bjarghúsum leyft samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. í dag, að byggja upp aptur bæ sinn við Skuggahverfiveg með steinveggjum og með því móti að hann snúi honum svo að gaflar hans vísi til norðurs og suðurs meðfram veginum.

Frékar var ekki fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen. J.Jónassen. O.Finsen. Egilsson.

Ar 1881, h. 18. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir :

1. Beiðni dags. 15. þ.m. frá Eiríki Ásmundssyni í
Grjóta um að hann megi fá að gera við eldhús sitt í svoköll-
uðum Helgabæ, og var það leyft að hann mætti gera að því.

2. O. Endresen timburkaupmanni frá Mandal var leyft
að byggja hús að norðanverðu við Hlíðarhúsaveg fyrir vest-
an hús Sveins Sveinssonar snikkara, 12 álna langt og 12
álna breitt, ~~háð~~ var honum að örðru leyti útmeld 30 álnir
frá austri til vesturs og jafnlangt niður á við og hinir
aðrir, er búa norðan við Hlíðarhúsaveg hafa fengið.

3. Sama leyft að byggja hús 14 álna langt og 12 álna
breitt á lóðinni milli Merkisteins og lóðar Guðm. Erlinds-
sonar við Hlíðarhúsastíg, en áskilið að hús betta standi
5 álnir frá götunni, sem næst í beina línu við hús Guðm.
Erlindssonar og Þórðar Guðmundssonar.

4. Þorsteini assistent Guðmundssyni leyft að byggja
6 álnir við norðurenda húss síns við Þingholtsstræti.

Frekar ekki fyrir tekið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. O. Finsen. Egilsson.

Ár 1881, h. 19. júlí átti byggingarnefndin fund með sér,
og þá var tekið fyrir:

1. Jörgen Porgeirssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi
dags. 17. þ.m. leyft að byggja bæ fyrir austan bæ Guðna
Guðnasonar austan með Vegamótabrú~~um~~, bó með því skilyrði
að hann setji bæinn sem næst verða má lóð Guðna. Mál á
bænum verður síðar til tekið.

2. Bæjarfulltrúa P.O.Gíslasyni leyft að rífa niður
vesturenda á húsi sínu við Hlíðarhúsaveg og byggja hann
upp aptur úr steini.

3. Vigfúsi Guðnasyni leyft samkvæmt beiðni hans í
bréfi dags. 6. þ.m. að breyta hjalli, er hann hefir keypt
fyrir ofan Götuhúsastíg á baki húss ~~Gemipithe~~ bókbindara,
~~Gemynthe~~ í íveruhús.

4. Sveini snikkara Sveinssyni leyft að byggja geymsluhús
við vesturenda á húsi sínu við Hlíðarhúsaveg álna
langan og álna breiðan.

(5. Assistent Þorsteini Guðmundssyni í Pingholtsstræti
leyft að lengja hús sitt þar til norðurs um 6 álnir. (Sjá
næsta fund á undan).).

6. Kaupmanni Thomsen leyft að mega setja tröppur úr
þhöggnu grjóti fyrir framan búðardyr sínar í stað. Þeirrar
tröppu, sem þar nú er, enda þótt gangi lítið eitt meir út
á götuna.

7. Sigurði og Bjarna Sigurðarsonum leyft að byggja
við endann á hjalli sínum hjá Bræðraborg austur eftir 7
álna langt hús til geymslu.

8. Timburkaupmanni ~~Eondusen~~ leyft að hann mætti fá
lóð ofaní sjó fyrir ~~næðan~~ lóð sína hjá Merkisteini til
hess að leggja á hana timbur gegn vanalegu lóðargjaldi af
óbyggðni lóð. Plássið verður síðar mælt.

Frekar var ekki fyrir.

Eth. Jónassen. J.Jónassen. O.Finsen. Egilsson.

Ar 1881, hinn 2. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir:

1. Faktor Unbehagen leyft að byggja ~~vit~~ austurendann
á verzlunarhúsi Carl Franz Siemsen í Hafnarstræti hús
álna langt og álna breitt.
2. Sveini Guðmundssyni á Sveinsbæ við Ánanaustaveg
leyft að mega byggja frambæ á lóð sinni áfastan við bæ hans
5 álna breiðan og 12 álna langan.
3. Bergi Pálssyni leyft að byggja á Selslóð hjá Þor-
grímsholti, bæ, 9 álna langan og 6 álna breiðan.
4. Ekkjunni Ragnheiði Pálsdóttur í Brennu leyft að
byggja upp bæ sinn með steinveggjum.
5. Járnsmið Birni Hjaltested leyft að byggja skúr
jafn háan húsi sínu, að austanverðu við það. Mál á honum
verða síðar mælt.
6. Hannesi Hanssyni, pósti, leyft að mega rífa bæ
sinn við Skálholtsstíg og breyta honum í eitt hús. Mál á
bænum verður síðar mælt.

Frekar var ekki fyrir tekið og var svo fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Egilsson. G.Zöega.

Ar 1881, hinn 16. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Jóhannesi Zöega yngra, uppá væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar leyft að byggja hús 8 álna breitt og 10 álna langt fyrir neðan hús Þórðar Zöega við Hlíðarhús, þannig, að menn hugsa sér hús þetta sem standandi á austurhorni heírrar fyrirhuguðu götu, er leggja ætti vestur- eptir mýrinni jafnhliða Hlíðarhúsavegi. Lóð sú, sem honum var útmeld fyrir norðan lóð P. Zöega var frá N. til S. 30 álnir og frá A. til V. 26 álnir. Það var tekið fram að austurgaflinn á húsi bessu ekki mætti ganga lengra fram en að hann stæði í beinni línu við húsgaflinn eystri á Húsi H. Siemsen, við Hlíðarhúsaveg.

2. Magnúsi Einarssyni í Melkoti leyft að setja timburgafl i bæ sinn Skaptabæ kallaðan í Þingholtum.

3. Leyft að Magnúsi Pálssyni á lóð Jóns Guðnasonar á Litlaseli hús 7 álna á hvern veg.

4. Kaupmanni Thomsen leyft að breiðka pakkhús það, sem stendur á stakkstæðinu fram undan búðarhúsi hans um 4 álnir inn í port það, sem er norðanvert við það.

Fleira var eigi tekið fyrir.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Egilsson. G. Zöega.

Ár 1881, h. 6. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir

1. Alþingismanni Egilson leyft að lengja pakkhús sitt fyrir vestan Glasgow til suðurs 8 álnir/

2. Sigurði Friðrik Sigurðssyni leyft að byggja hús 10 álna langt og 8 álna breitt á lóð þeirri fyrir austan Sigurð Pórðarson á Hlíðarhúsalandi, sem Gunnlaugi Péturnsyni áður hefir verið útmæld, þannig að hann fær til eignar lóðina upp undan hússtæðinu, sem er í línu við hús Sigurðar Pórðarsonar upp á móts við Kolbeins járnsmiðs og leyfi til að nota lóðina þar fyrir ofan að hjöllum Guðm. Erlindssonar þangað til einhver beiðist þess að byggja þar íbúðarhús.

3. Geir Zöega leyft að byggja hús 18 álna langt og 12 álna breitt á stakkstæðinu á sinni eigin lóð norðanvert við Læknisgötu, þannig að það standi í beinni línu við hús Guðmundssonar assistants, er vestar stendur í götunni.

4. Jens Ólafssyni leyft að lengja hús sitt í Pingholtsstræti um 5 álnir til norðurs.

5. Bjarna Halldórssyni leyft að setja steingafl í bæ sinn í Skuggahverfi.

6. Var verzlunarmanni Eyþóri Felixsyni og O. Finsen leyft að byggja geymsluhús í kálgörðum þeirra við hús hans (~~þeirra~~) í Austurstræti syðst á lóð hans 11 álnir á breidd og 12 álnir á lengd, en með því hús þetta eigi getur staðið þar nema að ganga nokkuð inn á lóð póstmeistara Finsen og fast upp að lóð landfógeta A. Thorsteinson að austan og biskups P. Péturnssonar að vestan varð að leita samþykkis þeirra næstu lóðareigenda um byggingu þessa og mættu þeir allir á staðnum og samþykktu að byggingin mætti standa á greindum stað; biskupinn með því skilyrði að byggingin eigi gengi inn á lóð hans að neinu leyti né stakkitti hans væri rifið niður, og landfógetinn með þessum skilyrðum: 1) að enginn gluggi sé á austurhlíð hússins 2) að byggingu þessari eigi beri neinn aðgangur frá hans (landfógetans) lóð til viðgerðar o.s.frv. frekar en hann eða síðari eigendur að núverandi lóð hans kunna að leyfa í hvert skipti, 3) að honum eða síðari eigendum að lóð hans sé geymdur óskertur réttur til þess að byggja 115 álna fjarlægð frá lóðartakmörkum Eyþórs Felixsonar og burt fellur þá réttur til þess að hús það, sem Eyþór Felixson nú vill byggja geti staðið á lóðartakmörkum svoframarlega, sem það eotir byggingarlögum gæti hamlað byggingu á lóð landfógetans. Póstmeistari Finsen setti enga séstaka skilmála fyrir samþykki sínu.

Frekar var ekki gert.

Eth. Jónasson. O. Finsen. G. Zöega. A. Thorsteinson.
P. Péturnsson.

'Ar 1881, h. 4. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar já tekið fyrir eptir beiðni Stepháns Þórðarsonar á Bergstöðum að mæla honum út hússtæði utarlega við Hlíðarhúsaveg. Húsið á að vera 8 álnir á hvern veg og á það að standa í línu við hús Jóns Guðmundssonar og ekki nær veginum er liggur frá Hlíðarhúsavegi og suður hjá Bræðraborg en 6 álnir.

Með hví ekki var frekara fyrir að taka, þá var fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. O. Finsen.

Ár 1881, hinn 31. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Tekin fyrir beiðni Sigurðar Jónssonar ráðsmanns um að fá að byggja hús 12 álna langt og 12 álna ~~þægitt~~ i túninu hjá Skálholtskoti og var þessari beiðni hans synjað með því byggingarnefndin ekki vill taka túnin undir byggingar að svo stöddu.

2. Beiðni frá Jóni Jónssyni um að fá að byggja bá Hlíðarhúsavegi og var því neitað með því byggingarnefndin aðeins vill láta reisa hús úr steini eða timbri meðfram þessum ~~gata~~vegi.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. O. Finsen. J. Jónassen.

Ár 1882, fyrir 1. febrúar, var leyfi samkvæmt beitilátrum lið kréfi daga. Þó, þó, ekki myndar af 7 klukkum á laug og 4 klukkum í kveld. Á norðanverðum 10 klukkum næstuverði til fyrirkvæði.

Ár 1883, fyrir 1. febrúar, var leyfi samkvæmt beitilátrum lið kréfi daga. Þó, þó, ekki myndar af 7 klukkum á laug og 4 klukkum í kveld. Á norðanverðum 10 klukkum næstuverði til fyrirkvæði.

Ár 1881, h. 15. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Samkvæmt beiðni E. Gunnarssonar dags. 2. þ.m. var honum leyft að byggja hús 20 áln. á lengd og 18 álna breitt fyrir neðan Læknisgötu, norðan undan Glasgow á eigin lóð; skyldi hús þetta standa í beinni línu við hús ðbrms. Geirs Zöga, er nýbyggt er fyrir neðan Læknisgötu fyrir norðan íbúðarhús hans.

2. Einari Ingimundarsyni í Skálholtskoti leyft samkvæmt beiðni hans dags. 13. þ.m. að byggja hús úr steini fyrir norðan Hlíðarhúsastíg veg vestanvert við hús kaupmanns Endresen; hús þetta á að vera á lengd 12 álnir og á breidd 19 álnir. Var Einari mæld út lóð meðfram götunni frá austri til vesturs 20 álnir og frá norðri til suðurs 36 álnir eða jafnlangt suður eptir og hin önnur hús norðanvert við veginn hafa fengið lóð norður eptir. Undir eins fyrir vestan bessa lóð Einars er ~~at~~lazt til að komi vegur niður til sjáfar frá Hlíðarhúsastíg.

3. Samkvæmt skriflegri beiðni dags. 10. þ.m. var þeim Vídalín og Eggerz kaupmönnum leyft að byggja hús 30 álna langt og 16 álna breitt í fjörunni fyrir neðan stakkstæði verzlanar Brydes og Símonar Johnsen; Skyldi vesturendi bessa húss nema við austurenda götu heirrar er liggur ofan að sjó fyrir austan sölubúð kaupmanns Brydes og á hús betta að öðru leyti að standa í ~~tinu~~ beina við hið svonefnda "bryggjuhús" kaupmanns Fischers, þannig, að suðurhlið þess hafi sömu stefnu og suðurhlið bryggjuhússins, með hví ~~at~~lazt er til að gata verði milli þessa fyrirhugaða húss og nefndra stakkstæða. Ennfremur var útmeldur dálitill renningur af fjörunni fyrir austan þetta fyrirhugaða hús nefndum kaupmönnum þannig, að heir eigi lóð áustur í ~~beina~~ línu að vesturröndinni að stíg þeim er liggur ofan í fjöruna frá Hafnarstræti milli stakkstæða kaupmanns Símonar Johnsen. En þess skal getið að útmelingu þessa ber að leggja fyrir bæjarstjórnina til endilegrar samþykktar.

4. Lögregluþjóni þorst. Jónssyni var leyft samkvæmt beiðni hans íþ bréfi dags. 14. þ.m. að byggja geymsluhús 7 1/2 alin á lengd og 4 1/2 alin á breidd á norður ~~mörku~~ austurborginni lóðar hans sunnanvert við Vegamótabréu.

5. Sigurði fangaverði Jónssyni leyft að byggja hús 12 álna langt og 12 álna breitt norðanvert við Skólavörðustíg í kálgarðinum hjá Litlu-Bergstöðum; skyldi hús þetta standa í beinni línu við stakkíttí það, sem er að sunnanverðu við Hegningarásið og gaflar þess snúa frá vestri til austurs.

6. Kom nefndin saman hjá húsum prentsmiðjustjóra Einars Þórðarsonar og tjáði honum að hann ekki mæti láta hjáll

er hann hefir flutt út í kálgarð sinn, standa þar lengur en til næsta vors, með því nefndinni bykir mikil óprýði að honum, þar sem hann nú stendur.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Egilsson. G. Zöega. J. Jónasson.
/ með fyrirvara áhrærandi
5.lið hér að öftan.

61. Rösenkranz.

Ar 1882, h. 10. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir eptir skriflegri beiðni frá Rafni Sigurðssyni dags. 6. b.m. að:

1. Mæla út hússtæði undir geymsluhús 8 álna langt og 4 álna breitt á suðvesturhorni lóðar hans. (NB. Breiddin síðar ákveðin af Rafni.)

2. Honum (~~H.e.~~ Rafni) leyft að byggja fyrir austan íbúðarhús sitt út að Austurstræti, íbúðarhús 14 álna langt og 10 álna breitt. Að því leyti ætlazt er til að austur-
endi hessa húss standi fast upp að takmörkum á lóð nábúans ~~Agens~~ Guðmundar Lambertsen, þá skal hess getið að nefndur Lambertsen var viðstaddir og samþykkti fyrir sitt leyti að Rafni væri leyft að byggja ~~farf~~ að lóð sinni, em með tilliti til hess að ekki eru 10 álnir milli núverandi húss Lambertsens og hins fyrirhugaða nýja húss þá áskilur byggingarnefndin sér að austurgaflinn að húsi Lambertsens yrði eldfastur, og var það í því tilliti álitið nægilegt að gafl-bindingur hins nýja húss væri úr beton og klætt að utan með járni og enginn gluggi væri á þessum gafli á stofunni.

Fleira var ekki gert.

Eth. Jónassen. O. Finsen. Egilson. G.Zöega.

Ár 1882, h. 20. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Eggert Gunnarssyni leyft samkvæmt beiðni hans dags. 19. þ.m. að fá pláss í fjörunni fyrir neðan stakkstæði con-súls Smiths og verzlunar P. C. Knudtzons (undan barnaskól-anum) til húsabyggingará lengd frá austri til vesturs 40 álnir, þannig að vesturendi bessarar lóðar sé í 15 álna fjarlægð frá línu, sem hugsast dregin beint í norður frá *gusturgaffli* hinu stóra pakkhúsi P. C. Knudtzons, sem stendur fyrir norð-an Strandgötuna (Hafnarstræti); er svo til ætlazt að 15 álna breitt stræti eða gata verði lögð fyrir austan nefnt pakkhús til sjávar; einnig var það tekið fram að vestur endi á húsi því, sem Eggert kaupmaður Gunnarsson ætlar að byggja á nefndum stað ætti að standa í 5 álna fjarlægð frá bessari fyrirhuguðu götu. Breidd á lóð þeirri sem hér um ræðir, var ekki í þetta sinn tiltekin með því Eggert ekki gat sagt hvað langt niður í fjöruna hann mundi byggja. Að öðru leyti verður að bera bessa útmælingu undir samþykki bæjarstjórnarinnar. Factor Smithverzlunar, Jón Jónsson, nætti við bessa útmælingu, en factor Knudtzons verzlunar ekki.

2. Var dócent, séra Eiríki Briem leyft að byggja hús 18 álna langt og 15 álna breitt í kálgarðinum hjá Stöðla-koti, þannig að gaflar hússins snúi norður og suður og að neðri hlið hússins standi í stefnu við bókahlöðu skólans; einnig var það tekið fram, að norðurgafl húss. bessa ætti að standa í 5 álna fjarlægð frá innri brún á grjótgarði þeim, sem er að norðanverðu við þennan kálgarð.

Frekar eigi gert.

E.Th. Jónassen. O.Finsen. Egilsson. J.Jónassen.
Rósenkranz.

Ár 1882, h. 26. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá fyrirtekið:

1. Sigurður járnsmiður Jónsson hafði í bréfi dags. 25. þ.m. beðið um byggingarstæði fyrir hús í fjörunni fyrir neðan stakkstæði Knudtzons verzlunar og sem næst mætti verða bryggju heerrar verzlunar. Umboðsmaður téðrar verzlunar, konsúll N. Zimsen, mótmælti útmælingu á hessum stað, er hann kvað verzlunina mundu eiga lóð fram í sjó, byggingarnefndin sinnti ekki hessum mótmælum hans, en Sigurður beiddi þá um útmælingu vestar í fjörunni og var honum þar útmælt hússtæði, er skyldi vera í 10 álna fjarlægð frá lóð þeirri er Vídalín & Eggertzvar útmælt 15. nóvember f.á. og fyrir austan hana. Húsið á að vera 18 álnir á lengd og 12 álnir á breidd og snúa frá vestri til austurs. Húsið verður tvíloptað. Suðurhorn hússins á að standa eptir beinni stefnu Bryggjuhússins en austurhornið lítið eitt neðar.

2. Var Jóni Þórðarsyni í Hlíðarhúsum leyft að byggja hús 14 álnir á lengd og 12 á breitt, fyrir austan geymsluhús hans í Læknisgötu og skyldi það hús standa í 10 álna fjarlægð frá íbúðaphúsi Hallgríms prests Sveinssonar og standa í beinni línu við það hús.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. O.Finsen. Egilson.

Ar 1882, miðvikudaginn 1. febrúarmánaðar átti byggingarnefndin og veganefndin fundi við barnaskólann, til þess eptir beiðni fjárhagsnefndarinnar að mæla út hússtæði undir hið nýja barnaskólahús, sem áformáð er að byggja og jafnframt til þess að s egja álit sitt um, hvort æskilegt væri að gjöra breytingar á gótu þeirri, sem gengur frá Austurstræti norður á Strandstræti, milli barnaskólalóðarinnar og Hótel Alexandra. Var það jafnhuga álit veganefndarinnar að það myndi verða til hinnar mestu prýði fyrir bæinn að gata með Austurvelli að austanverðum og norður milli húsa biskupsins og maddömu Guðnýjar Möller væri lengd yfir lóð barnaskólans norður að Strandstræti, þannig að hún héldi sömu breidd, sem milli húsa biskups og Madmæ Möller, en að stræti með barnaskólalóðinni austanverðri væri lagt niður sem stræti og undir lóð barnaskólans, enda mælir það með þessari breytingu, að kostnaður við hina nýju gótu yrði næsta lítill, þar sem uppfylling í hana og grjót fengist úr grunninum undir barnaskólanum. Því næst var lögð fram beiðni fjárhagsnefndarinnar um útmælingu undir nýtt barnaskólahús og kom þejarfulltrúi Magnús Stephensen fram, sem formaður byggingarnefndarinnar eptir löggildingu amtsins. Var síðan samþykkt uppástunga fjárhagsnefndarinnar um að hið nýja barnaskólahús skyldi snúa frá norðri til suðurs, norðurgafliinn alveg út að Strandstræti og framhliðin að hinni gýju gótu 5 álnir frá henni. Skyldi húsið vera 26 1/2 alin á lengd og 18 1/4 á breidd, úr steini og tvíloptað.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen. O.Finsen. J.Jónasson. L.E.Sveinbjörnsson. Egilson. Þorlákur O. Johansen

Requisentarár:

Eth.Jónasson. Bergur Thorberg. H. Kr. Friðriksson.

Ar 1882, hinn 10. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Ólafi Þórðarsyni mæld út lóð undir hús að sunnanverðu við Hlíðarhúsaveg allra vestast, 10 álna langt og 9 álna breitt, ennfremur óbyggð lóð álnir.

2. Ólafi Jónssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 6. þ.m. mæld út lóð undir hús 10 álnir á hvern veg fyrir norðan Hlíðarhúsaveg fyrir austan Ánanaustastíginn; öll lóðin verður 30 álnir frá austri til vesturs og 36 álnir frá norðri til suðurs og skyldi húsið standa í 5 álna fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum og í sömu fjarlægð frá Ánanaustastíg.

3. Helga Guðlaugssyni á Seli samkvæmt skriflegri beiðni hans dags. 30. janúar þ.a. leyft að byggja hús sunnanvert við Hlíðarhúsaveg fyrir vestan hús Stefáns Þórðarsonar 8 áln. á hvern veg; öll lóðin, er hann fær sér útmælda, er að stærð 30 álnir frá austri til vesturs og 33 álnir frá norðri til suðurs; húsið á að standa í 5 álna fjarlægð frá götunni.

4. Einari Guðmundssyni og Böðvari Jónssyni leyft samkvæmt skriflegri beiðni þeirra frá 7. janúar og 2. jan. þ.a. að byggja bæ á Bráðræðisæða/~~þær~~ lóð á holtinu fyrir sunnan bæ Hermanns Guðmundssonar 14 álnaa langan og 8 álna breiðan; skyldu gaflar bessa bæjar snúa eins og á nefndum bæ.

5. Vigfúsi Þorvaldssyni samkvæmt skriflegri beiðni hans dags. 3. des f.á. leyft að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt á holtinu fyrir austan Bráðræðisveg fyrir sunnan Litla-Steinholt og var áskilið að húsið sneri hliðinni að götunni og stæði í 5 álna fjarlægð frá henni.

6. Snikkara Halldóri Björnssyni leyft að fá lóð þá, er lægi fyrir ofan hús hans norðanvert við Hlíðarhúsastíg, sem er á milli hússins að norðan og kálgarðs Jóns Borgfirðings að sunnan. Stærð bessarar lóðar verður síðar mæld.

7. Kristni Ólafssyni á Steinum á Bfáðræðislóð leyft að mega byggja hús eða bæ á eigin lóð sunnanvert við bæ sinn en jafnframt þó áskilið að bygging þessi lægi í beinni línu með veki þeim, sem hugsazt gerður síðar frá enda Bráðræðisvegarins beint í vestur að Eýðsgranda þannig að gaflar bessarar byggingar snúi í austur og vestur. Stærð bessarar byggingar verður síðar ákveðin.

8. Stefáni Þórðarsyni leyfð lóð 30 álnir frá austri til vesturs með Hlíðarhúsastíg og 33 álnir frá norðri til suðurs (sjá fund 4. október f.á.).

L Selslóð

Eth.Jónasson. Magnús Stephensen. J.Jónasson. O.Finsen.

Ár 1882, h. 15. febrúarmánaðar átti byggingarnefndin og veganeftindin eptir ályktun bæjarstjórnarinnar fund með sér, til þess að gera uppástungur um hvar í fjörunni skyldi framvegis leyfa að byggja hús og hvar skyldi vera auð svæði til lendingar fyrir sjómenn og aðkomumenn. Nefndar næfndi gengu um fjöruna og kom heim einhuga saman um að í Grófinni milli Bryggjuhússíns og hinnar fyrri Glasgowsbryggju skyldi fyrst um sinn vera autt svæði til lendingar og uppsáturs, og aptur austar í fjörunni frá bryggju Knudtzon, verzlunar, annað svæði 50 álna langt vestur eptir. Alls staðar annarsstaðar í fjörunni álitu nefndirnar að útvísat mætti til húsbygginga.

Fundi slitid.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. L.E. Sveinbjörnsson.
Egilson. Þorlákur O. Johnsen. J. Jónasson. Ól. ~~R. B. F. K. R. A. N. Z.~~
O. Finsen.

Ár 1882, h. 21. febrúar átti byggingarnefndin fund með sév, og var þar þá tekið fyrir:

1. Birni múnara Guðmundssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 18. þ.m. leyft að lengja hús sitt í Skólastræti 6 1/2 alin til suðurs og á breidd 9 álnir. (7x10)

2. Lagt fram bréf frá smið Sigurði Jónssyni, dags. 18. þ.m. um að fá útmælt byggingarstæði á Lækjartorgi undir tvíloptað hús, 18 álna langt og 12 álna breitt fyrir sunnan kálgarð frú Sivertsen, en með því eigi var auðið að láta hús, er reist yrði á þessum stað standa í línu með umhverfis liggjandi hús og með því að nefndin verður að álita að ekki eigi að byggja á á greindu torgi, þá vildi nefndin eigi leyfa hina umbeðnu útmælingu.

3. Ólafi Björnssyni við Ánanaustaveginn vestanverðann leyft að byggja timburhús 12 álnir á lengd og 10 álnir á breidd, skyldi húsið snúa með gaflana norður og suður og vera í 5 álna fjarlægð frá veginum. Óll lóðin, sem hann fékk útmælda var 30 álnir á hvort horn.

4. Jóni Eyjólfssyni á Litlaseli samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 16. þ.m. leyft að byggja 10 álna langt og 9 álna breytt hús að sunnanverðu við Hlíðarhúsaveg vestanvert. Óll lóð hans 30 álnir á hvort horn.

5. Grími Guðnasyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 15. þ.m. leyft að byggja vestanvert við Ánanaustaveg fyrir neðan stiginn, sem gengur til vesturs frá Sveinsbæ, hús 10 álna langt og 9 álna breitt. Óll lóð hans 30 álnir á hvort horn.

6. Hans Gisla Jónssyni í Ánanaustum leyft að byggja bæ með steinveggjum vestanvert við Ánanaustaveg milli lóðar Gríms Guðnasonar og Ólafs Björnssonar, 12 álnir á lengd og 6 álnir á breidd. Óll lóð hans 30 álnir á hvort horn.

7. Sveini Ólafssyni í Garðbæ leyft að byggja að norðanverðu við Hlíðarhúsaveg rétt fyrir vestan hinn fyrirhugaða veg norður af þeim vegi fram hjá Nýlendu til sjávar, hús 10 álna langt og 9 álna breitt. Skyldi það standa 5 álnir frá Hlíðarhúsavegi og 5 álnir frá hinum nefnda vegi er liggja á til sjávar. Honum var mæld alls út lóð 30 álnir með veginum og 36 álnir frá veginum norður eptir.

Með því ekki var frekara að fyrirtaka þá var fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Egilsson. Magnús Stephen-sen. Þ. Rómankranz.

Ár 1882, h. 28. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir samkvæmt beiðni Sigurðar Jónssonar járnsmiðs að mæla út lóð undir hús handa honum fyrir neðan kálgarð Guðmundar Erlindssonar í Læknisgötu. Á hús þetta að vera 14 álna langt og 10 álna breitt og liggja í beinni línu við götuna, þannig að gaflar þess snúi í austur og vestur. Guðmundur Erlindsson var viðstaddir og lýsti hví yfir að hann hefði leyft Sigurði að byggja hús af nefndri stærð á nefndum stað á lóð hans.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Egilsson. J.Jónasson.
Magnús Stephensen.

Ár 1882, þriðjudaginn hinn 14. mars átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Skipherra Markúsi Björnssyni leyft að byggja hús 13 álna langt og 10 álna breitt í Skólastræti í línu við hús Einars Jónssonar snikkara og í því tungi, sem hann hefir til erfðafestu af bænum. Útmæling þessi liggur undir samlykki bæjarstjórnarinnar.

2. Gullsmið Erlindi Magnússyni leyft að rífa bæ sinn (Magnúsar Árnasonar) í þingholtsstræti og byggja þar hús 12 álna langt og 10 álna breitt.

3. Jóni Jónssyni að austan leyft að byggja sér steinbæ í holtinu austur af Vegamótabréu milli bæjar Guðna Guðnasonar og Sigurðar Friðrikssonar. Stærð bæjarins verður síðar ákvæðin.

Var frekara ekki gert.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Magnús Stephensen.
J. Jónassen.

Ár 1882, h. 22. marz, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir eptir beiðni frá gestgjafa Halberg, dags. 20. þ.m., að mæla honum út húsastæði á eigin lóð; á það að vera bygging 23 álna löng og $14\frac{1}{2}$ alin breið, er á að byggjast frá austurhlíð á húsi hans í Aðalstræti langsetis Austurstræti, þannig að austurgaflinn á bessu nýja ~~þ~~^þýr húsi, snýr út að götu beirri, sem liggur fyrir vestan hús skósm. Rafns Sigurðssonar; á hús þetta að vera tvíloptað og úr bindingi og vera 3 álnir frá ræsi ~~heim~~ ~~bvi~~ sem gengur að sunnanverðu austur eptir Austurstræti.

Frékar ekki fyrir tekið.

Fundi sagt slætið.

Eth. Jónassen. Þ.Rósenkranz. O.Finsen. J.Jónassen.
Egilsson. Egill Magnús Stephensen.

Ár 1882, h. 25. marz, kom byggingarnefndin saman hjá
húsum veitingamanns Halbergss eptir beiðni hans, og var hon-
um þá leyft að byggja hús það, sem hann fékk útmælingu und-
ir h. 22. þ.m. 2 1/2 alin frá ræsinum i Austurstræti í
stað í 3 álna fjarlægð frá því, eins og fyrst var útmælt,
ákvæðið.

Eth. Jónasson. Frekara ekki gert.

Eth. Jónasson. Egilsson. Magnús Stephensen. Rósen-
kranz.

Ár 1882, hunn 29. mars kom byggingarnefndin saman hjá Grófinni og var þar þá eptir beiðni frá factor J. Steffensen leyft að hann mætti fyrir vestan Grófina og fyrir neðan Læknisgötu byggja hús 20 álna langt og 12 álna breitt og var ákveðið að framhlið hússins, er snýr út að Læknisgötu eigi mætti vera nær götunni en lína sú, sem dregin væri frá suðausturhorni á sölubúð kaupmanns Geirs Zöega í suðvesturhorn Bryggjuhússins til segir. Einnig var það tekið fram við faktor J. Steffensen að hann ekki mætti byggja nær lóð Geirs Zöega en í 5 álna fjarlægð frá henni, nema því aðeins að Zöega samþykki það, að hann byggi nær honum.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. Ø.Rosenkranz.
Egilsson, álítur 5 álna fjarlægðina ekki koma hr. G. Zöega
við. Að öllu öðru samþykkur.

G. Z. Var teknar fyrir heildan Biriki kosturlesnar í næstu daga. Það vorður h.a. um at ða sé lengst til vesturs meðina meðalhlíð, hvort um alg um ófálg. Var Biriki meðal um söðlumálssjáða heilum, en segji að söga lengja hafið sinn með minni til vesturs.

Fréttar eiga fyrir sökk.

Biriki. Magnús Stephensen. J. Jónasson.
Egilsson.

Ár 1882, hinn 1. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Að mæla Geir kaupmanni Zöega út lóð undir framlengingu á sölvubúð hans, sem er norðanvert við Læknisgötu og var honum leyft að mega lengja nefnt húslaustur eptir um 7 álnir, en lengra bóttist nefndin eigi geta leyft Zöega að byggja austur eptir, með því hann þá kæmi of nærri húsi því, sem faktor Jón Steffensen 29. f.m. hefir fengið leyfi byggingarnefndarinnar til að byggja á þeirri lóð, sem honum þá var útmeld fyrir norðan Læknisgötu. Að því leyti Zöega kvaðst eiga lóð lengra austur eptir fyrir norðan Læknisgötu, en byggingarnefndin vildi viðurkenna eptir korti því, sem búið var til 1861 yfir lóðir í bænum og staðfest er á sínum tíma af bæjarstjórninni; geymdi hann sér sinn rétt óskertan, en byggingarnefndin lýsti því jafnframt yfir, að hún áliti sig ekki bæra að afgera neitt um eignarrétt yfir nefndri lóð, en leyfði aðeins að ofangreind framlenging til austurs á húsi Zöega, að því er til byggingarnefndarinnar kæmi, metti eiga sér stað.

Beiðni G. Zöega framleggst sub. nr. 1 og hljóðar svo! #

2. Var tekin fyrir beiðni Eiríks Ásmundssonar í Grjóta, dags. 12. febrúar þ.á. um að fá að lengja til vesturs bæ sinn og hjall, hvort um sig um 3 álnir. Var Eiríki neitað um að fá að lengja bæ sinn, en leyft að mega lengja hjall sinn um 3 álnir til vesturs.

Frekar eigi fyrir tekið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. J. Jónasson.
Egilsson.

Ar 1882, h. 17. apríl, var byggingarnefndin saman komin á túni bókavarðar Jóns Árnasonar til þess samkvæmt beiðni héraðslæknis Jónasar Jónasson í bréfi dags. 14. b.m. fyrir hönd sjúkrahússtjórnarinnar að fá útmælt í túni nefndis bókavarðar fyrir Skálholtskotsklóð frá stíg þeim er gengur eptir nefndu túni til lindarinnar frá norðri til suðurs 60 álnir og frá austri til vesturs 15 álnir; er ætlazt til að á þessum stað verði byggt sjúkrahús úr steini er sé 25 álnir á lengd og 18 álnir á breidd og á það að standa 5 álnir fyrir framan nefndan stíg. Jón bókavörður Árnason var viðstaddir og leyfði fyrir sitt leytí að sjúkrahússtjórnin væri látin fá nefnda spildu af túni hans, en áskildi jafnframt veðhafanda í túni hans rétt sinn óskertan og eins áskildi hann að girt yrði svo á milli þeirrar lóðar, er hann nú léti af hendi fyrir sitt leytí, og túnsins, sem hann á þar áfast við, að hann væri laus við allan ágang á túnið.

Fleira eigi gert.

Eth.Jónassen. Ø.Rósenkranz. J.Jonassen. O.Finsen.
Magnús Stephensen.

Ar 1882, h. 22. apríl, var byggingarnefndin stödd hjá húsi photographs Sigfúsar Eymundssonar í Lækjargötu samkvæmt skriflegri beiðni hans dags. 21. þ.m., til að segja álit sitt um, hvort hann megi byggja etage ofan á ibúðarhús sitt (nordurenda þess), og var það leyft.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Magnús Stephensen. Egilsson.
O.Finsen.

Var optir beiðni byggjarsallarinnar ófyrirvara
og húsið varare Sigurðssonar af byggðarnefndum ófyrirvara
í heimig þeirra, Þau nefndar hafa allar al og gegn ófyrirvara
áslit sitt um, hvort hann megi byggja etage ofan á ibúðar-
hús sitt (nordurenda þess), og var það leyft.

Fleira sínar fyrir tekið.

Fundi slitið.

E.Th. Jónasson. Magnús Stephensen. Egilsson. O.Finsen.

Ár 1882, h. 25. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar já tekið fyrir:

1. Að mæla út hússtæði í Pingholtsstræti fyrir hús 12 álna langt og 10 álna breitt handa Ingunni ekkju Magnúsdóttur í kálgarðinum fyrir neðan bæ Ingunnar Sigvaldadóttur. Á hús þetta að snúa göflum í norður og suður og standa í beinni línu við hús adjúnkts B. Gröndals.
2. Samkvæmt beiðni kennara H. E. Helgesen dags. 22. þ.m., var honum leyft að byggja á eigin lóð að sunnanverðu við Kirkjubrú, hús 17 álna langt og 13 álna breitt og á vesturgafl hússins að snúa þannig, að hann sé í beina línu við hús Ludvík Knudsens bókhaldara, en framhlið hússins að standa í línu við hús Kristjáns Þorgrímssonar bóksala.
3. Var eptir beiðni Eyjólfs gullsmiðs Þóðkelssonar og Rafns skóara Sigurðssonar af byggingarnefndinni ákveðið hvernig hús það, sem nefndur Rafn ætlar að byggja í Austurstræti við austurendann á húsi sínu og, sem hann áður (sjá fund 10. janúar þ.á) hafði fengið útmælingu undir, en sem amtið ekki hafði viljað samþykja eins og það var útmælt af byggingarnefndinni, með hví eigi var 10 álna millibil milli þessa húss Rafns og húss nábúans (Lambertsens). Var nú svo kveðið á að Rafn mætti lengja hús sitt austur eptir 12 álnir og er þá hið fyrirskipaða 10 álna millibil milli þess og fyrnefnðs nábúahúss. Rafn var viðstaddir og var honum tjáð hið nauðsynlega í þessu efni.

Fleira eigi fyrir tekið.

Findi slitið.

Eth. Jónassen. Magnús Stephensen. Egilsson. O.Finsen.

Ár 1882 h. 27. apríl var byggingarnefndin samankomin og var þar
þá tekið fyrir eptir beiðni herra P. F. Eggerz í Akureyjum dags. 26.p.m.
að mæla út handa honum íveruhússtæði fyrir neðan Þingholtsstræti fyrir
sunnan hús Benedikts Gröndals; á hús þetta að vera á lengd 20 álnir og
12 ámir á breidd og er ætlast til að það standi í beinni línu við hús
Gröndals; einnig óskar Eggerz að fá að auki fyrir sunnan húsið 16 álnir
og segist ætla að byggja þar á úтиhús. Einar Jónsson snikkari, sem hefur
það tún á leigu af bænum, sem hús þetta á að standa á, var mættur og
kveðst hann með öllu fyrirbjóða að byggt yrði á þessum stað hús. Það var
tekið fram af byggingarnefndinni að hús þetta mætti eigi standa nær
Gröndals húsi en 10 álnir, eins og líka að byggingarnefndin áskildi, að
Eggerz innan eins árs hefði tekið til að byggja á nefndri lóð. Að öðru
leyti er það vitaskuld, að það þarf að leggja þessa útmælingu fyrir
bæjarstjórnina og hefur hún eigi gildi fyrir beiðanda útmælingarinnar
fyrr en bæjarstjórnin er búin að samþykkja hana. Egilson áskildi Benedikt
Gröndal óskertan rétt sinn útaf þessari útmælingu. Eggerz óskaði að fá
fyrir neðan (vestan) hið fyrirætlaða hús 3 ámir fyrir gang með húsinu.

Fundi slitið.

E.TH.Jónassen Magnús Stephensen Egilsson O. Finsen

Ó. Rósenkranz

Einar Jónsson

Ár 1882, hinn 9. maí, átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar há tekið fyrir:

1. Að mæla út lóð undir hús 10 álna breitt og 12 álna langt norðanvert við Vegamótabrú handa Þorsteini Jónssyni lögreglubjóni. Lóð hans öll er 22 álnir frá austri til vesturs og 25 álnir frá norði til suðurs.

2. Sömuleiðis var Gunnari Gunnarssyni trésmið leyft
að byggja hús af jafnstórri stærð fyrir austan hús Þorsteins
löggregluþjóns og sömuleiðis jafnmikil lóð látin fylgja Þess-
ari útmælingu og Þorsteinn fékk.

Fleira ekki gert.

Eth. Jónassen. Magnús Stephensen. Egilsson. Ó. Rósenkranz.

Ár 1882, hinn 10. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá fyrirtekið:

1. Var þorsteini Péturssyni nú til heimilis á Lambhól útvísad svæði 20 faðma frá austri til vesturs og 12 faðma frá norðri til suðurs fyrir sunnan túngardóðar Guðmundssonar í Görðunum, þannig að austurtakmörk lóðarinnar verði við ~~austrum~~ suðaustur hornið á nefndum túngardóð og norðurtakmörkin túngardóðurinn sjálfur. Sværði betta ætlað hann til kálgardórsréktunar og undir bæ, sem hann ráðgerir að verði 10 álnir á lengd og 15 álnir á breidd að utanmáli.

2. Var Sigurði Einarssyni frá Eyvindarstöðum útvísad svæði til bæjarstæðis og túnréktunar 30 faðma frá vestri til austurs og 60 faðma frá norðri til suðurs næst fyrir austan útmælingu Sveins Guðmundssonar í Kaplaskjóli.

3. Var Jóni Jónssyni frá Nýlendu nú á Grímsstöðum útvísad bæjarstæði fyrir suðaustan lóð Sigurðar Eiríkssonar. Stærð lóðar hans er 12 faðmar í hvort horn.

4. Var Jóni Brandssyni útvísad svæði til bæjarstæðis og túnréktunar 50 faðmar frá austri til vesturs og 40 faðmar frá norðri til suðurs fyrir vestan Svein Guðmundsson í Kaplaskjóli og eru austurtakmörk lóðar hans dregin frá klapparnefi því, sem er suðaustan undan hjalli þeim/hann hefir sett þar á marbakkann. Þær Jóns skal standa í línu við bæ Sveins Guðmundssonar. Verði vegur lagður með sjónum, er það áskilið að numið verði af hinni útvisuðu lóð hlutaðeiganda undir hanum. *Ler*

Útmælingar þessar verði lagðar fyrir bæjarstjórnina til samþykktar.

5. Var frú Marenu Lárusdóttur leyft að byggja útihús, 9 álna langt og 4 álna breitt vestantil í kálgardóð hennar við hús hennar í Læknisgötu. Skyldi það snúa frá norðri til suðurs og vesturhlíð þess standa í línu við vesturgafli inn á íbúðarhúsi hennar.

Fundi slitið.

Eth. Jónasssen. Magnús Stephensen. Ø. Rósinkranz.

Ar 1882, hinn 12. maí, átti byggingarnefndin fund með
sér, á grunni þeim, sem séra Eiríkur Briem prestaskólakenn-
ari hafír fengið útmældan sér, fyrir sunnan bókahlöðu Hins

/ undir hús

lærða skóla til þess nákvæmar að ákveða hvernig hús það,
sem hann har ætlar að byggja, eigi að stefna, og varð það
niðurstaðan, að bezt mundi að reisa hið fyrirhugaða hús
eins og tiltekið var við útmælingu 20. janúar þ.á., þannig
að vesturhlið þess sé í stefnu við vesturhlið bókahlöðunn-
ar.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. Egilsson.

Ar 1882, hinn 3. júni, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Jóni Steffensen leyft að byggja skúr við hús það, er hann ætlar að reisa vestanvert við Lækjargötu, 4 álnir á lengd og 3 álnir á breidd.

2. Guðmundi Guðmundssyni í Melshúsum leyft að byggja á Selslóð bæ, 7 álnir á breidd og 10 álnir á lengd, fyrir norðan Brekku, þannig, að bær þessi standi í línu við þann bæ og sé bærinn 3 álnir frá garðinum fyrir vestan Brekku.

3. Finnboga Hróbjartssyni í Traðarkoti leyft að mega byggja upp nefnt kot.

4. Anton Magnússyni í Vindheimum leyft að mega upp byggja þann bæ.

Frekara eigi gert.

Eth. Jónasson. Egilsson. Magnús Stephensen.

Var fásmáli um frá R. 31. a. 25 álnir og fáa meðal 1000 kr. plánsí fyrir ótan hefur 95 álnir með að gildi. Þessi sínur milli tímans er óvanliga fóssi er i og tilgreint Magnússynar í Málki.

Óviga enikara Magnússyni leyft að byggja það 10 álnir langt og 12 álnir breitt, fyrir norðan. Ingólfstatti er að 10 álnir milli tímans. Þessi óvanliga er óvanlig að óvanligum sínum; skyldi með því stærri jarðlausgi fyrir óvanligum tímum og hús órænslu. Það er 7 álnir þjörlogr eru tímur.

5. Þóli Fálmeyrar í Höfði i vestanverfi leyft að byggja óvanligum milli hins hana og Höfða fyrir norðan. Þessi óvanligum sínunum er óvanlig, þó með tví umhverfi, ekki mynglagarstæði. Þessi óvanlig er fátt með teknan hins hinsar óvanligum ófála af götu hins hinsar óvanligum milli ófri hinsar óvanligum og líkra Þólmassast Þólmastóri. Þessi óvanlig er ófála af götu hins hinsar óvanligum.

6. Jónasson. Þólgarsyni leyft að byggja óvanligum milli hins hana og Höfða fyrir norðan. Þessi óvanligum sínunum er óvanlig, þó með tví umhverfi, ekki mynglagarstæði. Þessi óvanlig er fátt með teknan hins hinsar óvanligum ófála af götu hins hinsar óvanligum milli ófri hinsar óvanligum og líkra Þólmassast Þólmastóri. Þessi óvanlig er ófála af götu hins hinsar óvanligum.

Frekara eigi gert.

Eth. Jónasson. Egilsson. Magnús Stephensen.

Ár 1882, h. 5. júní, var byggingarnefndin saman komin, og var þá fyrir tekið:

1. Magnúsi Einarssyni við Skuggahverfisveg leyfð lóð fyrir norðan bæ hans meðfram veginum 15. álnir frá N. til S. og 30 álnir frá vestri til austurs.

2. Magnúsi Pálssyni leyft að byggja bæ 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd austanvert við hinn nýja veg, sem á að leggja sem áframhald af Skuggahverfisveginum yfir á Skóla-vörðustig, þannig að þessi bær á að standa andspenis bæ Þórðar Þórðarsonar, en 5 álnir fyrir austan hinn fyrirhug-aða veg, er að ofan um getur.

3. Bjarna Símonarsyni mæld út lóð undir kálgarð hjá húsi hans í Holtinu ~~afl~~ stykki, sem er frá vestri til austurs 37 1/2 alin en frá norðri til suðurs að neðanverðu 33 álnir, en að ofan 30 álnir. Austurtakmörkin er lína, sem dregin er beint í austurröndina á stéttinni fyrir austan húsið.

4. Jóni Símonarsyni leyft upp á væntanlegt ~~samþykkti~~ samþykki bæjarstjórnarinnar að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt í Pingholtsstræti fyrir sunnan hús trésmiðs Árna Magnússonar og í beina línu við það. Óll lóðin, sem Jóni var útmæld er frá N. til S. 25 álnir og frá austri til vesturs plázið fyrir ofan þessar 25 álnir upp að garðinum, sem gengur milli túnsins er útmæling þessi er í og kálgarðs Páls Magnússonar í Holti.

5. Helga snikkara Helgasyni leyft að byggja hús 12 álna langt og 12 álna breitt fyrir norðan Pingholtsstræti, sumpart á lóð skólakennara B. Gröndals og sumpart á eigin lóð hans; skyldi hús þetta standa jafnlangt fyrir norðan götuna og hús Gröndals, éða í 7 álna fjarlægð frá henni.

6. Páli Pálssyni í Pálsbæ í Skuggahverfi leyft að byggja geymsluhús hjá bænum sínum. Hús þetta er að stærð 5x5 álnir.

7. Jóhannesi Zöega yngra leyft að byggja hjall í garðinum milli húss hans og Þórðar Zöega fyrir norðan Hlíðar-húastig, þó með því skilyrði, að byggingarnefndin geti skipað að flytja þennan hjall burtu síðar ef gata kemur á milli efri húsaraðarinnar og húss Jóhannesar Zöega. Hjallur þessi er að stærð 4 1/2 x 6 álnir.

Fleira eigi gert.

Eth. Jónasson. Egilsson. Magnús Stephensen.

Ár 1882, hinn 12. júnimánaðar, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar lá tekið fyrir:

1. Leyft Halberg veitingamanni að lengja hús það, sem hann hefir fengið leyfi að byggja meðfram Austurstræti um 12 álnir enn til austurs og byggja það ennfremur á austurenda lóðar sinnar meðfram götunni áfast við hús sitt 16 álna breitt, hannig að það nái alveg að norðurgafli á geymsluhúsi því, er stendur ~~en~~ stendur austast á lóð hans..

2. Var Breiðfjörð trésmið í Aðalstræti synjað um á ný að byggja bak yfir steinveggi þá, er hann hefir látið byggja áfast við vesturenda geymsluhúss síns, með því það væri ekki 10 álnir millibil milli þessa húss.

3. Timburkaupmanni End~~ust~~ leyft að byggja pakkhus fyrir neðan Merkistein, á klettunum þar, 12 álna langt og 10 álna breitt í 10 álna fjarlægð frá skúr þeim er Guðm. Erlindsson hefir á Klettnum fyrir norðan hús sitt.

4. Jóh. Olsen leyft að breikka hús sitt til beggja hliða um 2 álnir á hvern veg.

Frekara eigi gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Egilsson. Magnús Stephen-
sen.

Frekara eigi fyrir teknit.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Magnús Stephen-
sen.

Ár 1882, h. 8. júlí mánðar, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá fyrir tekið:

1. Jónatan Jónssyni frá Kolbeinsstöðum var leyft að byggja sér bæ á Selsholti fyrir fyrir framan bæ Guðmundar Jónssonar (Garðbæ) 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd.
2. Sveini Sveinssyni frá Miðbýli vestra leyft að byggja bæ á Selsholti fyrir norðan Brekku, 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd.
3. Jónasi Helgasyni organista leyft að byggja upp að nýju skúr þann, sem áfastur hefir verið við norðurhlið húss hans, en sem hann nú hefir rifið.
4. Lúðvík Alexiussyni bannað að byggja skúr 6 álna langan og 13 álna breiðan við austurgaflinn á húsi hans við Vegamótabréu eins og hann hefir farið fram á í bréfi til byggingarnefndarinnar dags. 5. f.m., með því að ef slík bygging yrði leyfð, ekki væri lögskipað rúm milli húss hans og og hins nábúans.
5. Magnúsi Pálssyni tómthúsmanni á Vegamótum leyft að byggja hús sunnanvert við Vegamótabréu fyrir austan hús lögregluþjóns Þorsteins Jónssonar, 8 álna langt og 7 álna breitt.
6. Matthiasi Markússyni í Holti leyft á eigin lóð, sunnanvert við hús sitt að byggja hús 12 álna langt og 8 álna breitt.
7. Jóni Jónssyni í Ofanleiti leyft að byggja bæ 8 álna langan og 6 álna breiðan í Holtinu upp og suður af Brennu fyrir sunnan ísaksbæ og í 10 álna fjarlægð frá honum og á bærinn að standa í beina stefnu við síðastnefndan bæ og snúa göflum í norður og suður.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Magnús Stephensen. Egilsson.

Ár 1882, h. 4. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir:

1. Samkvæmt skriflegri beiðni frá Egilsson fyrir hönd
ekkjufrú Jóh. Bjarnasen dags. 2. b.m. var henni af bygging-
arnefndarinnar hálfu leyft að reisa hús tvíloptad 14 álnir
á lengd og 10 álnir á breidd á lóð þeirri af túni landshöfð-
ingjans eða jarðarinnar Arnarholts, sem á sínum tíma var
látíð af hendi undir kalkofn og til afnota við kalkbrennslu.
Byggingarnefndin áskildi, að hús betta stæði í 5 álna fjar-
lægð frá grjótgarði heim, sem er að norðanverðu við nefnda
lóð, og einnig að húsið eða, ef skúr yrði byggður við það,
þá skúrið stæði í 5 álna fjarlægð frá trégrindum heim, er
girða svæðið að austanverðu. Að öðru leyti var ætlazt til
að hús betta stæði í stefnu með trégrindum heim, sem eru
við austurrönd þessarar lóðar.

2. Var dósent, séra Eiríki Briem leyft að byggja two
skúra við hús sitt við Skálholtskotsstig; annan að austan-
verðu við húsið 3 álnir á hvorn veg, en hinn við suðurhlíð
þess 12 álnir á lengd og 7 álnir á breidd, (~~Var Einari Ein-
arssyni~~).

3. Var Einari Einarssyni á Steinsstöðum leyft að lengja
hjall sinn þar um 3 álnir á lengdina og 4. álnir á breiddina.

Frekara var eigi gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson. Magnús Stephensen. Ø. Rósen-
kranz.

Ár 1882, hinn 15. ágúst var byggingarnefndin saman kom-in og var þar þá fyrir tekið:

1. Eptir beiðni í bréfi dags. 11. þ.m. var ~~Madr~~ Guðrúnu Halldórsdóttur leyft upp á væntanlegt samþykki þejarstjórnarinnar að byggja hús ofantil í túni sínu að sunnanverðu með stígnum upp að Landakoti 11 álna langt og 10 álna breitt. Gaflar þessa húss eiga að snúa í vestur og austur og norðurhlið hússins á að standa jafnlangt fram og norðurgaflinn á pakkhúsi frú Ingileifar Melsted.

2. Guðna Guðnasyni í Hallholti leyft að fá ~~gort~~ stæði fyrir sunnan bæ sinn frá N. til S. álnir og frá A. til V. álnir og að byggja skúr við bæ sinn álnir á lengd og álnir á breidd.

3. Rafni skósnið Sigurðssyni boðið að laga útihús það, sem hann hefir byggt út að Vallarstræti, þannig að ~~he~~ standi ekki á götunni með suðurausturhornið, heldur sé í beina línu við götuna.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. J.Jónassen. Egilsson. O.Finsen.

Ár 1882, hinn 23. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá fyrir tekið:

1. Beiðni frá alþingismanni E. Egilsson dags. 22. f.m. um að fá mælt út hússtæði (~~Endur~~) fyrir sunnan "Glasgow". Hús þetta á að standa fram með Góthúsastig að norðanverðu og snúa göflum frá austri til vesturs. Verður þá á milli norðurhliðar bessa húss og "Glasgow" 10 álnir, en götubreiddin fyrir sunnan það yfir að næsta húsi beint á móti bessu fyrirætlaða húsi er 7 1/2 alin; fyrir þá sök leiðdi formaður byggingarnefndarinnar athygli nefndarinnar að því, að ~~honum~~ ^{virkist} máliti það vafasamt hvort ekki væri í bága við opíð bréf dags. Í maí 1839 að reisa hús svo nálegt húsi andspenis við götuna eins og hér væri gert ráð fyrir, en nefndin samþykkti að hús þetta mætti reisa, eins og Egilsson hafði um beðið, svo framt að amtið ekki áliti að ~~bygging~~ ^{bessi} væri á móti byggingarlögnum. Húsið á að vera 14 álna langt og 10 álna breitt.

2. Var steinhöggvara Skem á lóð hans hjá Merkisteini í 10 álna fjarlægð vestur af húsi verzlunarmanns Pórðar Guðmundssonar leyft að byggja steinhús 14 álna langt og 13 álna breitt, en þó með því skilyrði að hús það, sem Endur sen áður hefir fengið útmælda lóð fyrir vestan hús Skem og þetta hér um rædda hús Skem verði látin standa saman, sem eitt hús væri, þareð eigi er pláz á hinni svonefndu Merkisteinslóð fyrir 2 hús, ef 10 álna millibil á að vera á milli þeirra.

3. Ólafi Björnssyni á Bakka leyft að byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt í kálgarðinum þar austur af húsi Jóns Pórðarsonar á Ánanaustum og í stefnu við það. Ennfremur var honum útmælt undir stakkstæði pláz fyrir neðan nefndan kálgarð meðfram marbakkanum, á lengd frá austri til vesturs 63 álnir, vesturhliðin frá N. til S. 16 álnir og austurhliðin frá N. til S. 10 álnir. Þá var það áskil- ið að gangstígur væri milli kálgarðsins, sem nú er fyrir ofan, og stakkstædisins.

4. Jóni Ólafssyni leyft að byggja á Selslóð vestur af húsi Ólafs Pórðarsonar járnsmiðs, hús með steinveggjum 8 álna breitt og 14 álna langt.

5. Gísla Stephánssyni í Gíslaholti leyft að byggja hjall í kálgarðinum austur af þeim hans 5 ál. á lengd og 4 álnir á breidd.

6. Guðmundi í Lágholti leyft að lengja geymsluhús sitt um álnir.

7. Magnúsi Pálssyni á Seli leyft að byggja skúr fyrir framan húsdyr sínar 4 álnir á hvorn veg.

8. Frú Pórdísi Þorsteinsen í Skólastræti leyft að byggja geymsluskúr fyrir norðurenda íbúðarhúss síns áln. á lengd og álnir á breidd.

9. Guðna Guðnasyni í Hallholti leyft að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Fleira eigi gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. J. Jónassen. Egilsson. O. Finsen.
O. Rösenkranz.

Íslenskum hér eru allar aðrar umræður um að byggja geymsluskúr fyrir norðurenda íbúðarhúss síns á Skólastræti. Þessi er ófær meðal annars um að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Siði aðr atgáva ðað að byggja skúr á Skólastræti. Það er ófær meðal annars um að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Um aðr aðr atgáva ðað að byggja skúr á Skólastræti. Það er ófær meðal annars um að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Um aðr aðr atgáva ðað að byggja skúr á Skólastræti. Það er ófær meðal annars um að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Um aðr aðr atgáva ðað að byggja skúr á Skólastræti. Það er ófær meðal annars um að byggja skúr við bæjardyr sínar 6 álnir á lengd og 3 álnir á breidd og honum leyft að búa til kálgarð suður af bæ sínum frá N. til S. 25 álnir og frá A. til V. 20 álnir.

Ár 1882, h. 25. ágúst, var fundur haldinn í byggingarnefndinni eftir beiðni formannsins:

Tilefni þessa fundar var það, að Valgarður Breiðfjörð trésmiður í Aðalstræti hefir byggt hús á lóð sinni vestanvert við geymsluhús sitt brátt fyrir það bó byggingarnefndin h. 25. maí f. á. hefði synjað honum um leyfi til þess að byggja hús á þessum stað og brátt fyrir það bó bæjarfógetinn undir eins og hann varð var við að hann var farinn að búa þar til hús ritaði honum að honum væri þetta ekki leyfilegt og bannaði honum að halda áfram byggingunni.

Nefndinni kom saman um að höfða skyldi mál á móti Valgarði Breiðfjörð samkvæmt fyrirmælum opins bréfs 29. maí 1839 til þess að rífa niður þessa byggingu er hann þannig hefði byggt og til sekta, en með sérstöku tilliti til þess að bæjarfógetinn er sonur nágrannans, sem einkum getur verið hætta búin af að svo þétt væri byggt upp að geymsluhusi hans sem hér er nfl. c. 5 álnir, áleit nefndin að bæjarfógetinn gerði réttast í hví að bera það undir amtið, hvort ekki væri ástæða til að skipa sérstakan dómara til að meðhöndla mál þetta.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. J. Jónassen. Egilsson. O.Finsen.
O.Rósenkranz.

Ár 1882, h. 20. september átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1.. Eptir beiðni formanns brunamálanefndarinnar var það leyft að bæjarstjórnin léti byggja hús 14 álna langt og 10 álna breitt til geymslu fyrir slökkvitól bæjarins og steinoliu og önnur áhöld bæjarins fyrir vestan smíðahús Jacobs Sveinssonar fyrir sunnan kirkjuna, þannig að nefnd hús standi í beina línu við greint smíðahús.

2. Guðm. Lambertsen leyft að lengja pakkhús sitt til suðurs út að Vallarstræti, þó þannig að það ekki standi lengra fram en geymsluhús Rafns skóara og frakknesku stjórnarinnar.

3. Eyólfí Porkelssyni gullsmið leyft að byggja salerni 3 álnir á hvern veg í garði sínum við Austurstræti.

4. Sigurði Þórðarsyni í Kasthúsum (við Klapparstíg) leyft að byggja hjall austanvert við bæ sinn 7 1/2 alin á lengd og 4 álnir á breidd.

5. Jóni Hónssyni í Lindarbæ leyft að byggja hjall hjá bæ sínum, á lengd 3 álnir og á breidd 4 álnir.

Frekara ekki fyrir tekið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Magnús Stephensen *Ø*, Rós *kranz.*

Ár 1882, hinn 25. september, átti byggingarnefndin fund me sér, og var þar þá tekið fyrir:

Eftir skriflegri beiðni, dags. í dag frá factor Guðbr. Finnbogasyni að skoða hvort hann gæti í umboði kaupmanns Fischer's fengið að byggja útbyggingu með vesturhlíð hússins hans í Aðalstræti jafnlanga húsinu og 7 1/2 alin á breidd og var það leyft; einn af meðlimum nefndarinnar (Egilsson) vakti mál sín, hvort það eigi mundi geta komið í bága við byggingarnefndlögin, þar sem þetta fyrirætlaða hús með suður-gafl sinn snýr út að Göthúsastíg, er fjarlægð frá gaflinum bessum yfir að næsta húsi hinu megin við götuna er ekki 10 álnir, en hinir nefndarmennirnir álitu það eigi, með því húsið hins vegar götunnar væri á lóð Fischer's og hans eign.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
Egilsson. J. Jónasson. O. Róskrænzer.

Fleira ekki gert.

Ar 1882, h. 28. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Ingunni Sigvaldadóttur leyft að byggja skúr við dýrnar á húsi sínu við Veggamótabréu 4 álnir á lengd og 2 3/4 á breidd.

Johnsen

2. Þorlákí kaupmanni ~~Sohram~~ leyft að lengja pakkhús sitt, er snýr að Austurstræti, um 5 3/4 álnir, en þó má suðurgaflinn á þessu húsi ekki standa lengra fram en að hann sé í línu við suðurhlíðina á á húsi hlutafélagsverzlunarinnar.

3. Bjarna Oddssyni í Garðhúsum, samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 16. október þ.á. leyft að byggja steinhús á lóð þeirri fyrir vestan Bakkastíg, er Ólafur Björnsson hafði áður fengið sér útmælda svo framt, sem hús þetta á að vera íbúðarhús.

4. Jóni Ólafssyni í Hlíðarhúsum leyft að byggja hjall sinn, er stendur á Hlíðarhúsalóð, rétt fyrir ofan bakkann við Hlíðarhúsalendingu vestanverðri og jafnframt að lengja hann 4 álnir. Lengd 10 áln. breidd 4 1/2 alin.

5. Amunda Ámundasyni á Hlíðarhúsastíg leyft að byggja hjall að austanverðu við Hlíðarhúsalendingu þar á bakkanum 5 álnir á breidd og 6 álnir á lengd.

6. Þórði Guðmundssyni leyft að fylla upp pláz fyrir vestan og neðan lóð hans; þó var áskilið að hann ætti að láta vera 1 1/2 alin milli þessa pláz og fiskiverkunahúss þess, er stendur fyrir neðan lóð hans.

7. Stefáni í Hala leyft að byggja hjall 5 álna breiðan og 6 ál. 1. fyrir austan Breðraborgarstíg á lóð sinni, er skyldugur að taka hana burtu, ef hús á að reisa þar við stiginn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Ó. Rósinkranz. Egilsson.
J. Jónasson. Magnús Stephensen.

Ár 1882, h. 1. nóvember, var byggingarnefndin saman kom-in hjá húsi photograpfs Sigfúsar Eymundssonar til þess að segja álit sitt um hvort hann mætti byggja inngönguskúr vestanvert við hús sitt í Lækjargötu alveg upp undir þak. Þessi skúr á að vera á breidd 2 álnir og á lengd 3 álnir. Þess skal getið að millibil frá þessum skúr yfir að næsta húsi fyrir vestan það verður aðeins 8 1/2 alin, og álitar byggingarnefndin það vafasamt hvort þessi fyrirhugaða bygging má leyfast eptir byggingarlögnum og vill láta það vera komið undir úrskurði amtsins, hvort byggja megi þenna skúr eða eigi, en vill bó fremur vera því meðmælt, þareð hér er eigi um neina stórbýggingu að ræða.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. J. Jónassen. O. Finsen. Egilsson.
Magnús Stephensen. Dr. Roskranz.

Fundi slitið.

Ar 1882, h. 8. nóvember, var byggingarnefndin saman kom-in í Kaplaskjóli og var þá tekið fyrir:

1. Jóni Pórðarsyni á Sveinsstöðum í Kaplaskjóli sam-kvæmt beiðni hans, dags. 14. október þ.á., leyft að byggja bæ fyrir vestan bæ Sveins Guðmundssonar átta álnir á lengd og 6 álnir á breidd; á hann að vera 5 álnir frá lóð Sveins og 10 álna bil á milli bæjanna að minnsta kosti; bærinn á að standa í linu við bæ Sveins; öll sú lóð, er Jón fær, er 30 álnir frá austri til vesturs og 70 álnir frá norðri til suðurs.

2. Jóni Benediktssyni tómthúsmanni leyft að byggja bæ fyrir vestan bæ Jóns Pórðarsonar lóð 10 álnir á l. og 6 álnir á breidd með frambæ af sömu stærð; lóð hans öll er að ummáli eins og Jóns Pórðarsonar.

3. Hirti Þorkelssyni frá Melshúsum á Seltjarnarnesi leyft eptir beiðni hans í bréfi dags. 2. f.m. að byggja fyrir vestan lóð Jóns Benediktssonar af sömu stærð og bær Jóns þessa á að vera; lóð hans öll eins og Jóns Pórðarsonar að stærð.

4. Sveini Guðmundssyni á Sveinsstöðum eptir beiðni hans í bréfi dags. 22. október þ.á. í umboði Þorsteins Þorsteinssonar á Reykjunum í Hrútafirði, sem fengið hefir hér aðsetursleyfi, leyft að byggja bæ af sömu stærð og hinir ofannefndu bæir og meld út jafn mikil lóð og framanskrif-aðir menn hafa fengið milli lóðar Jóns Pórðarsonar og Jóns Benediktssonar.

5. Andrési Vigfússyni á Tröð á Álfanesi eptir beiðni í bréfi dags. 26. september þ.á.. leyft að byggja bæ fyrir austan lóð Sigurðar Eiríkssonar . Stærð bæjarins og lóðar- innar verður síðar ákveðin.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. - Magnús Stephensen. O.Finsen. J.Jón- assen.

Ár 1882, h. 16. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrir tekið:

1. Guðmundi Jónssyni í Hausthúsum leyft að byggja bæ í Skuggahverfi milli Helgustaða og Móakots 12 álnir á lengd og 6 álnir á breidd.

2. Runólfí Runólfssyni á Steinsbæ leyft að setja niður skúr lengd 5 álnir breidd 2 1/2 alin til saltfisks verkunar á bakkanum hjá Bakkasandi, með því skilyrði að hann flytji hann burtu ef þar þarf að byggja hús.

3. Árna Jónssyni (frá Mjósundi) leyft að byggja hús 10 álna l. og 10 álna br. fyrir norðan Hlíðarhúsaveg fyrir austan hús það, sem Ólafur Jónsson ætlar að reisa þar. Lóðsú, sem Árni fékk útmælda, er að ummáli frá austri til vesturs meðfram veginum 30 álnir og frá norðri til suðurs 36 álnir. Á húsið að standa 5 álnir frá veginum og í 5 álna fjarlægð frá lóð Ólafs.

4. Guðmundi Guðmundssyni í Melshúsum leyft að byggja bæ í Skuggahverfi 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd fyrir innan bæ Stefáns Arnbjörnssonar.

5. Stefáni Arnbjörnssyni leyft að byggja bæ að lengd 11 álnir og breidd 8 álnir í Skuggahverfi fyrir austan bæ Eyvindar Eyvindssonar. Bærinn er 8x9 álnir.

6. Bjarna Bjarnasyni í Miðhúsum leyft að byggja bæ með steinveggjum fyrir austan Bakkabúð í Skuggahverfi, en þó þannig að 10 álnir séu milli þessa fyrirhugaða bæjar og Bakkabúðar.

7. Guðmundi Ingimundarsyni í Lágholti leyft á eigin lóð að byggja geymsluhús úr timbri, á lengd 4 álnir og á breidd 5 álnir.

8. Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja skúr við hús sitt á holtinu fyrir innan Vegamótabrú 4 1/2 alin á lengd og 3 álnir á breidd.

9. G. Lambertsen leyft að byggja fjós utangarðs hjá Móhúsum.

Frekar eigi fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. Egilsson.

Ar 1882, hinn 20. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá komið saman hjá Hákonarbæ, eptir beiðni Torfa Jónssonar, sem hafði æskt eptir að fá útmælingu á eigin lóð undir hús úr +imbri, 14 álna langt og 10 álna breitt fyrir sunnan hús hattara Hansen, en með því eigi var nægilegt pláz fyrir svo stórt hús á þessum stað, þar sem ekki varð 10 álna bil á milli húsa, hins fyrirhugaða húss og hattara Hansen, gat byggingarnefndin ekki leyft Torfa að byggja fyrr greint hús.

Fundi slitið.

E.Th. Jónasson. Egilsson. O.Finsen. Ó.Róskrancz.

Ár 1883, h. 10. janúar, kom byggingarnefndin saman, og var þá fyrir tekið:

1. Eyjólf fi Ólafssyni bónda, nú í Hlíðarhúsum leyft að byggja bæ á holtinu fyrir austan Byggðarenda í Skuggahverfi. Lengd 14 ál. breidd 10 áln.

2. Gunnari Gunnarssyni utanbúðarmanni leyft að ~~leyft~~ ganga inn í þá útmælingu, er Árni Jónsson hafði fengið undir hús o.s.frv. fyrir norðan Hlíðarhúsavegin (sjá fund 16. nóvember f.á.), með því Arni í bréfi dags. 31. f.m. hefir afsalað sér þessari lóð aptur.

3. Lagt fram bréf dags. 31. f.m. frá Árna Jónssyni (frá Mjósundi), bar sem hann tilkynnir að hann hafi fengið lóð þá til byggingar á, sem heir Böðvar Jónsson og Einar Guðmundsson á Selsholti ætluðu að byggja á bæ (sjá fund 10. febrúar f.á.).

4. Þorsteini Gamalielssyni leyft að ganga inn í útmælingu þá, sem Jón Benediktsson hafði fengið í Kaplaskjóli, en sem hann nú hefir afsalað sér (sjá fund 8. nóvember f.á.).

5. Amtmanni Thorberg leyft að byggja geymsluskúr á eigin lóð á húsabaki að nokkru leyti, 9 álnir á lengd og 4 1/2 alin á breidd.

6. Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja timburhús við Vegamótabrú innst, 9 álnir á hvern veg, þannig að gaflar þess snúi í austur og vestur og austurgaflinn 5 álnir frá Klapparveginum; húsið á að standa í beina línu með beim húsum, sem byggð eru að norðanverðu við Vegamótabrú vestanvert við þetta fyrirhugaða hús.

7. Lagt fram bréf frá Sigurði Eiríkssyni í Hlíðarhúsum dags. 2. f.m., bar sem hann beiðist leyfis að mega byggja bæ í Hlíðarhúsamýrinni fyrir vestan rústirnar af ískjallar-anum, en með því byggingarnefndinni er kunnugt að bæjarstjórnin ekki hefir viljað láta byggja bæi á þessum stað, verður bar að svo stöddu ekki útmæld lóð undir bæi.

8. Jóni Magnússyni, er óskað hafði í bréfi 18. des. f. á., að fá að reisa hús í túni Péturs Gíslasonar við Ána-naust, vísað um það til bæjarstjórnarinnar, með því túnið er leigt Pétri til erfðafestu.

9. Guðmundi Magnússyni í Austurholti leyft að reisa timburhús 10 álna langt og 9 álna breitt við stiginn út að Bráðræði að austanverðu fyrir sunnan hús Vigfúsar Þorvalds-sonar og í beina stefnu við það.

Fleira eigi gert.

Ár 1883, hinn 10. febrúar mánaðar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Að mæla út stæði undir steinhús á Miðbýliskotslóð út að Skólavörðustíg fyrir vestan hús Torfa Þorgrímssonar handa Gísla Jörundssynar í Miðbýliskoti og á hús þetta að vera 12 álnir á lengd og breidd. Byggingarnefndin áskildi að betta hús stæði í línu við hús Torfa prentara og það væri í 10 álna fjarlægð frá hjalli heim, er stendur norðanvert við lóð þessa. Að öðru leyti yrði hús þetta að standa í 5 álna fjarlægð frá lóð hinna nágrannanna nema Öðruvísi um semjist þeirra á milli.

2. Jónasi Jónssyni vaktara mælt út hússtæði 9 álnir á hvern veg með Klapparstíg ofanverðum milli útmælingar þeirrar er Sigurður Friðriksson Þar hefir fengið og bæjar Þórðar Stefánssonar vestanvert við nefndan stíg og í 5 álna fjarlægð frá honum.

3. Guðmundi Guðmundssyni á Vegamótum leyft að byggja steinhús 9 álnir á hvorn veg austanvert við bæ sinn á eigin lóð og í línu við hús Magnúsar Pálssonar, sem stendur fyrir vestan Vegamót.

Frekara var eigi gert.

Eth. Jónasson. Dr. Rósinkranz. O. Finsen. Magnús Stephensen.

Frekara eigi fyrir teknilegt.

Fundin skilts.

Eth. Jónasson. Dr. Finsen. Agi keisar. Magnús Stephensen.

Síðastaddur en óannálystur.

Dr. Rósinkranz.

Ár 1883, hinn 23. febrúar, kom byggingarnefndin saman hjá hinum gamla kirkjugarði, og var þá eptir beiðni landlæknis G. Schierbeck fyrir tekið að mæla honum út undir 23 álna langt og 16 álna breitt hús, lóð norðanvert við téðan kirkjugarð. Að betta hús að snúa göflum austur og vestur. Austurendi þess á að stáanda (standa) 5 álnir inn á lóð þá er nú tilheyrir ekkjufrú Thorsteinson, og vestur- endi þess verður 8 álnir að minnsta kosti á lóð þeirri, sem nú er eign herra prentara Einars Þórðarsonar, er var viðstaddir og samþykkti að landlæknirinn mætti byggja inn á lóð sína, en hefur 10 álnir, sem eru undir miðbiki hins fyrirhugaða húss og sem liggja milli kálgarðs frú Thorsteinson að austan og lóðar Einars prentara að vestan, er eign bæjarins. Hefir þessi lóðarspilda, sem er í beinni línu við sund það er gengur frá Hafnarstræti í suður meðfram húsi kaupmanns S. Johnsons áður verið ætluð til að framlengja þetta sund beint í suður yfir hinn gamla kirkjugarð til kirkjubrúarinnar, en nú leyfði byggingarnefndin og einnig veganeftindin, sem var tilkölluð til þess að vera á þessum fundi, að landlæknirinn mætti byggja hið fyrirhugaða hús sitt á greindri lóð, þannig að nefndinná fyrir sitt leytí leggja það til að hætt sé við að byggja götu þá, er uppruna- lega hefir verið fyrirhuguð frá Hafnarstræti suður að Kirkjubrú, sem nú var sagt. Þá var landlækninum einnig veitt leyfi til að fá alla þessa 10 álna spildu bæjarins frá Vallarstræti og suður að kirkjugarðinum, með því hann tjáðist fyrir norðan íbúðarhús sitt ætla að byggja sér á lóðinni geymsluhús. Landfógeti A. Thorsteinson var viðstaddir þessa utmelingargjörð og samþykkti upp á síðara væntanlegt endilegt samþykki móður sinnar frú Thorsteinson, að landlæknirinn fengi 5 álnir vestast af kálgarði móður sinnar.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Egilsson. Magnús Stephensen.

Viðstaddir en ósamþykkur,
O. Rósenkranz.

Ár 1883, hinn 2. marz, var byggingarnefndin saman komin á Grímsstaðaholti og var þar þá tekið fyrir að mæla Pórði Halldórssyni út lóð undir kálgarð fyrir sunnan íbúðarhús hans. Lóðin, er honum var útmæld, er 14 faðmar frá norðri til suðurs og 10 faðmar frá austri til vesturs. Vesturrönd lóðar þessarar er í beina stefnu við húss Pórðar en austurhliðin er í beina stefnu við turninn á Dómkirkjunni. Norðurhliðin á þessum kálgarði er í 10 álna fjarlægð frá húsi Pórðar, með því að etlazt er til að vegurinn komi milli kálgarðsins og hússins.

Frekar eigi gert.

Th. Jónassen. Magnús Stephensen. Egilsson. J. Jónasen.

Frekar eigi fyrir teknileg.

Fundi eintakstíð.

Ár 1883, h. 14. marz, var byggingarnefndin saman komin,
og var þá fyrir tekið:

1. Eptir beiðni steinhögvara Skau, eiganda Merkisteins,
var nákvæmar ákveðið hvernig hús það, er hann og kaupmaður
Endusen áður hafa fengið leyfi til að byggja hjá Merkisteini,
skyldu standa, og var þá af byggingarnefndinni ákveðið að
hús Skau skyldi standa í 10 álna fjarlægð vestur af húsi
Pórðar Guðmundssonar; á hús þetta að verða 13 álnir á hvern
veg; en 10 álnum fyrir vestan hús Skau er Endusen leyft að
láta reisa hús, er sè á lengd 12 álnir og verður hús þetta
því í rúmlega 2 álna fjarlægð frá lóð Guðmundar Erlindsson-
ar og sýndi Skau skriflegt leyfi hans til þess að byggja
mætti svo næri lóð hans, er nú var sagt.

2. Var kaupmanni Geir Zöega leyft að lengja til vesturs
verzlynarhús sitt fyrir norðan Lækjarsögu (Læknisgötu) um
6 álnir og var það leyft með því nefndur kaupmaður sannaði,
að hann hefði keypt næstu lóð fyrir vestan sig, og þannig
væri ekki spurning um að þessi bygging gæti komið í bága
við byggingarlögin að því leyti þau ákveða um fjarlægð milli
húsa.

Frekar eigi fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

E.Th.Jónasson. Magnús Stephensen. Egilson.

Ar 1883, hinn 6. apríl, var byggingarnefndin saman komin og var þar þá tekið fyrir:

Jens Jóhannessyni sótara var leyft að byggja timburhús 8 álnir á hvorn veg að vestanverðu við bann stíg, er gengur norður úr Vegamótabréu framhjá húsi Andrésar Jónassonar, þannig að þetta fyrirhugaða hús Jens standi í linu við hús Péturs barnakennara Péturssonar og í minnst 10 álna fjarlægð suður af hví. Auk þess var Jens sagt að suðurendi þess húss yrði að standa í 5 álna fjarlægð frá kálgarði (~~Jens~~) Andrésar Jónassonar.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Magnús Stephensen.

6. Andrési Gláfi syni viðskipti fyrst að byggja húsið lína laust og 10 álna breitt þá með kínars Jónassonar.

7. Læri fyrst bréf daga. Þó nærtið, var það kínars Jónassonar ófær um að nákvæmi ófæla fyrir til fyrirhugunar síðan 108 mosa fyrill, eðan í lagi með ófæla fyrir til húsa en byggja þar bréf 108 mosa. Þessi ófæla fyrirhugur er ófælið af örni. Þó nærtið var með ófæli fyrir til fyrirhugunar síðan 108 mosa, en ekki þá með laust til fyrirhugunar ófæli.

8. Mikil ófæla fyrir til fyrirhugunar (Kínars) er ófælið með laust til húsa með 9 álna laust og 9 álna breitt, en ófælið er ófælið ófæli, standi í þeim línu. Þó nærtið er ófælið ófæli.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. Magnús Stephensen.

Ár 1883, hinn 16. maí, var byggingarnefndin saman komin og var þar þá tekið fyrir:

1. Pétri Einarssyni frá Heiðarbæ leyft að byggja bæ eða hús við Vegamótaveginn fyrir vestan eða austan bæ Guðnasonar en í línu við þennan bæ.

2. Geir kaupmanni Zöega eptir beiðni í bréfi dags. 15. maí, leyft að lengja sölubúð sína enn um 6 álnir til vesturs meðfram Læknisgötu.

3. Steinhöggyra Skau leyft að byggja geymsluhús 6 álna langt og 5 álna breitt fyrir neðan íveruhús það, sem hann er að byggja og á detta hús að standa í línu við pakkhús timburkaupmanns Endusens.

4. Einari Eiríkssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri 7 álna langt og 6 álna breitt að austanverðu við stig þann, sem liggur frá Vegamótabrú norður að húsi Péturs Péturssonar.

5. Jóni Gunnlaugssyni skipasmið leyft að byggja hús í túni Einars Jónssonar fyrir sunnan hús Gröndals adjúnkts 10 álna breitt og 12 álna langt.

6. Arnbirni Ólafssyni vitaverði leyft að byggja hús 14 álna langt og 12 álna breitt í túni Einars Jónssonar fyrir sunnan hús Jón Simonarsonar.

7. Lagt fram bréf dags. 24. mars þ.á., þar sem kaupmaður Þorl. Ó. Johnson biður um að sér verði útmeld fjaran öll fyrir(~~norðan~~) neðan lóð hans heilt ofan í sjó um stórstraumsfjöru til þess að byggja þar bryggju o.s.frv. Byggingarnefndin samþykkir að Þorl. Ó. Johnson megi byggja bryggju í fjörunni fyrir neðan lóð hans, en að öðru leyti vill nefndin eigi láta af hendi fjöruna við Þorlák.

8. Eiríki Magnússyni í ^{Hinrik's bæ} Steinhabæ (Efstabæ) leyft að byggja þar á eigin lóð hús 9 álna langt og 6 álna breitt, þannig að norðurgafl þess standi í beinni línu við norðurgafl á húsi Zakkariasar á Bergi.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. J. Jónasson. Magnús Stephensen.

Ár 1883, hinn 21. maí, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Grími Guðnasyni leyft að byggja timburhús fyrir norðan hús Sigurðar Sigurðssonar við Bræðraborgarstíg 9 álnir á lengd og 6 álnir á breidd. Á þetta hús að standa í línu við nefnt hús, þannig að austurgafl ~~þess~~ standi jafn langt fram og austurgaflinn á húsi Sigurðar.

2. Jakobi Jóhannessyni leyft að byggja bæ, 9 álnir á lengd og 6 álnir á breidd, fyrir sunnan bæ Guðmundar Jónssonar Garðbæ á Selsholti; skyldi hann snúa eins og nefndur bær og standa að minnsta kosti 5 álnir fyrir sunnan (~~þessa~~) lóð Guðmundar.

3. Halldóri Halldórssyni í Skippholti leyft að byggja bæ, 9 álnir á lengd og 6 álnir á breidd á Selsholti fyrir sunnan bæ Árna Jónssonar frá Mjósundi, og sá bær að standa í línu við bæ Árna og snúa eins.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson.

Ár 1883, h.6. júní, kom byggingarnefndin saman:

1. Á lóð Torfa Jónssonar við Hákonarbæ til bess að ihuga hvernig hús það, sem hann nú er að byggja í kálgarði sínum, stæði. Eins og sézt af byggingarnefndarbókinni var Torfa 20. nóv. f.á. neitað um að byggja betta hús, af því það átti að byggjast í minna en 10 álna fjarlægð frá húsi Hannefðar hattara, þar fyrir norðan, en nokkru síðar, einn dag er byggingarnefndin átti fund með sér, kom Torfi til hennar og spurði hvort hann eigi mætti byggja húsið á þeim stað er hann fyrst hafði beiðst bess, ef hann léti það standa í 10 álna fjarlægð frá húsi Hannefðar hattara, og sagði nefndin jú við því. Vegna bess að trésmiður Breiðfjörð, sem á hús andspænis bessu húsi, er Torfi nú er að byggja í Kálgarði sínum, nýlega kært það fyrir bæjarfógeta að þetta bráttnefnda hús Torfa stæði ekki í 10 álna fjarlægð frá húsi hans, sem er andspænis því húsi hinumegin við (Kötuna) Göthúsastíg, kallaði fógetinn saman byggingarnefndina og komu því á fund í dag hjá ofangreindu húsi Torfa. Þessir meðlimir byggingarnefndarinnar auk formannsins: Alþingismáður Egilson, póstmeistari Finsen og dr. J. Jónasson, mældu þeir fjarlægð milli húss Torfa og Breiðfjörðs fyrir neðan Göthúsastíg og reyndist fjarlægðin rúmar 9 álnir að meðaltali en 6 1/2 alin að skúr litlum við útgöngudyr á vesturenda á húsi Breiðfjörðs. Hinir mættu meðlimir og bæjarfógetinn vilja leggja til að húsið megi standa eins og það nú hefir verið reist, með því, þó hér um bil þriðjungur þessa húss Torfa standi í meira en 10 álna fjarlægð frá húsi trésmiðs Valg. Breiðfjörðs og byggingarnefndarlögin ekki skyrt ákveði um að 10 álna millibilið eigi að gilda eins begar gata er á milli húsa, enda sé nefndinni kunnugt um að slikt stundum áður hafi verið leyft, þótt millibilið ekki hafi verið fullar 10 álnir. ((Húsið er) 12 áln. á hv. veg).

2. Þar næst beiddist Valgarður trésmiður Breiðfjörð leyfis að mega byggja fjós við vesturenda geymslu- og smíðahúss hans og 8 álna langt og 3 álna breitt og var það leyft með því kað það þó yrði 10 álna millibil yfir að húsinu fyrir norðan. Þá beiddist hann að mega reisa eina etage ofan á geymsluhús sitt, sem gengur vestur úr íbúðarhúsi hans; en nefndin vildi ekki leyfa það, þareð þetta hús stæði svo nálægt húsi frú Jónasson að norðan, að það ekki þótti ráðlegt að hækka um meira þetta hús Valgarðs Breiðfjörðs og eigandinn að húsinu fyrir norðan frú Jónasson aldrei hefir veitt samþykki sitt til að svo væri byggt nærri honum, eins og Valgarður begar hefir gert.

3. Þá kom nefndin saman í garði Halbergss veitingamanns, og var honum eptir beiðni hans leyft að byggja hús 6 1/2 alin á breidd og 16 álnir á lengd, meðfram plankaverki, sem hann ætlaði að setja á sunnanverðri lóð sinni með Vallar-

stræti og jafnhátt því eða c. 4 áln. á hæð er ætti að vera hesthús.

Þess skal getið að Valgarður Breiðfjörð, sem var mættur hjá Hákonarbae, þegar byggingarnefndin kom bar saman, kallaði orð bæjarfógetans "lýgi" og að hann ennfremur við hafði þau orð um byggingarnefndina að meðlimir hennar væri "dónar" og þ "bölvaðir dónar" og talaði um "familíu complet" í henni á móti sér; kom þetta fram, þegar nefndin neitaði Breiðfjörð um að byggja etage oganá geymsluhús sitt. Fyrir þessi ummæli áskilur nefndin sér rétt sinn óskertan til þess að lögsækja Breiðfjörð fyrir.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. O. Finsen. J.Jónasson.

Ar 18
tatinu
ar þar
skild fyr
þorunni
sýft a
brygg
fisid ve
meidd.
A þe
lm. E
Róse

Eth..

Ár 1883, h. 11. júní, kom byggingarnefndin saman á stakkstæðinu fyrir framan "Hótel Alexandra" í Strandgötu og var þar þá eptir beiðni eiganda þess, konsúls M. Smiths tekið fyrir að mæla honum út lóð fyrir neðan stakkstæðið í fjörunni fyrir kolabyrgi eða kolageymsluhús og var honum leyft að byggja það með öllu nefndu stakkstæði og fast yfir að bryggju sinni, sem liggur hægra megin við stakkstæðið. Húsið verður eptir því 27 1/2 alin á lengd og 10 álnir á breidd.

Á þessum fundi mettu af meðlimum byggingarnefndarinnar: alþm. Egilson, dr. Jónas Jónasson og slökkviliðsstjóri Ó. Rósenkranz auk formannsins.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. J. Jónasson. Ó. Rósenkranz.

Ár 1883, hinn 19. júní, átti byggingarnefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Sveini Jónssyni frá Smiðnesi leyft að byggja bæ á Selsholti 9 1/2 al. á lengd og 8 1/2 alin á breidd fyrir suðaustan Litlasteinsholt.
2. Sveini Eiríkssyni leyft að byggja bæ á Grímsstaðaholti 10 álnir á lengd og 6 álnir á breidd að austanverðu við lóð Pórðar Halldórssonar og á norðurgaflinn á bæ þessum að standa í beina línu við hús Pórðar og hin húsin þar vestur af á holtinu.
3. Einari Guðmundssyni leyft að byggja á Selsholti bæ 11 áln. á lengd og 8 áln. á breidd fyrir sunnan bæ Eiriks Guðmundssonar og í línu við hann..
4. Eiríki Guðmundssyni leyft að byggja bæ 11 álnir á 1. og 11 áln. á breidd fyrir austan Steinsholt.
5. Einari Björnssyni á Melum leyft að lengja hjall sinn um 3 álnir. Er nú (sept. '83) 6 1/2 al. á lengd og 4 1/2 al. á breidd.
6. Guðm. Gislasyni á Ánanaustum leyft að byggja skúr fyrir vestan hús sitt 13 álnir á lengd og 4 álnir á breidd.
7. Skúla Jónssyni leyft að byggja bæ 11 álna langan og 8 álna breiðan ofantil í Selsholti vestanvert við Bræðraborgarveginn, er hann verður framlengdur til suðurs.
8. Albert Þorvaldssyni leyft að byggja bæ á Selsholti, 13 álnir á lengd og 8 áln. á br. að norðanverðu við bæ Skúla Jónssonar.
9. Jósep járnsmið Jónssyni leyft að byggja bæ 10 áln- á lengd og 8 álnir á breidd í holtinu suður af bæ Matthíassar Matthíassonar í Efraholti og á bær þessi að snúa eins og bær Matthíasar og standa í linu við hann.
10. Guð~~þangi~~ Þorsteinssyni og Guðmundi Benediktssyni leyft að byggja bæ í Pingholtum fyrir sunnan bæ Sigurðar Hanssonar; lengd á bæ ~~Þorsteins~~ á að vera 11 álnir og breidd 16 álnir. Gaflar snúi norður og suður; austurhlíðin standi í línu við Efstabæ.
11. Þorsteini assistent Guðmundssyni leyft að byggja skúr við suðurenda húss síns 4 ~~1 1/2~~ alin á lengd og 9 ~~1 1/2~~ alin á breidd.
12. Hafliða Guðmundssyni í Kirkjugarðsstrætileyft að breikka hús sitt um 4 álnir til vesturs og lengja það til norðurs jafnt og skúr sá nér, sem ~~nán~~ er áfastur við norður-

Hlið hess og að mega byggja ofan á allt húsið. L. 15 1/2
breidd 11 1/2al.

13. Þorsteini Eiríkssyni leyft að byggja hjall á Steinum 5 álna langan og 4 álna breiðan.

14. Halldóri Þorðarsyni leyft að byggja bæ 10 álnir á lengd og 8 álnir á breidd fyrir austan Bala í Skuggahverfi; á bærinn að snúa göflum í austur og vestur og suðurhlíð hans að vera í linu við grjótgarðann, sem takmarkar Bala-lóð að sunnanverðu.

15. Ingíríði Einarsdóttur leyft að byggja sér ~~timbur~~^{litinn}-bæ að ~~þ~~stanverðu við bæ Ólafs Björnssonar í Skuggahverfi. Stærð hans verður síðar ákveðin. Bærinn er 8 álnir á breidd og 9 1/2 á lengd.

Eth.J.

Frekara eigi gert.

Eth. Jónassen. O.Rósenkranz. J.Jónassen.

Ár 1883, hinn 3. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þar þá tekið fyrir:

1. Stefáni Stefánssyni á Miðbýli vestra leyft að byggja
hjall úr timbri 6 áln. á lengd og 5 áln. á breidd á eigin lóð
og á hann að standa í norðurvestur horni lóðar hans meðfram
Ánanaustaveginum; en skyldur skal hann að flytja hann burtu,
ef hús þarf að byggja með vegi þessum vestanverðum.

2. Guðmundi Jónssyni í Bræðraborg leyft að byggja bæ
á Grímsstaðaholti lo álnir á lengd og 6 álnir á breidd fyrir
austan bæ Sveins Eiríkssonar og á hann að snúa eins og sá bær
og norðurgaflinn að standa í beina línu við bæ Sveins.

3. Sæmundi Sveinssyni í Ánanaustum leyft að byggja bæ
á Selsholti li álnir á lengd og 8 álnir á breidd fyrir aust-
an bæ Eiríks Guðmundssonar, í 10 álna fjarlægð þaðan, og á
hann að standa í beina línu við bæ Eiríks og snúa eins.

4. Guðmundi Magnússyni í Brekkuholti leyft að byggja
frambæ 6 álnir á lengd og 6 álnir á breidd.

5. Helga Otta Guðmundssyni leyft að byggja bæ fyrir
sunnan bæ Bergs Pálssonar á Selsholti í 12 álna fjarlægð frá
honum, 12 álnir á lengd og 8 álnir á breidd; á þessi bær að
snúa eins og bær Bergs og standa í beina línu við hann.

6. Stefáni Stefánssyni í Mörkum leyft að byggja skúr
fyrir framan þejardyr sínar, 3 álnir á hvorn veg.

7. Ólafi Björnssyni í Skaptabæ leyft að byggja bæ í
Skuggahverfi fyrir austan bæ Stefáns Arnbjörnssonar og í
beina línu við þenna bæ, 14 álnir á lengd og 9 1/2 alin á
breidd.

8. Magnúsi Pálssyni leyft að byggja skúr við dyr á
húsi sínu við Vegamótabrú, 3 álnir á breidd og 4 áln. á lengd.

9. Sigurði Friðrikssyni leyft að byggja bæ í holtinu
fyrir austan bæ Guðm. Guðmundss. á Vegamótum, 11 áln. á lengd
og 8 álnir á breidd, rúmar 5 áln. fyrir austan hina fyrir-
huguðu framlengingu á Skuggahverfisveginum og á þessi bær,
sem á að vera með steinveggjum og timburhlíum að standa í
linu við bæinn að austanverðu við Skuggahverfisveginn.

10. Ekkju Kristinu Ólafsdóttur leyft að byggja timbur-
hús að norðanverðu við Vegamótabrú í 5 álna fjarlægð frá
grjótgarði þeim, sem er að austanverðu á lóð ekkju Kristinar
Grímsdóttur, 10 álnir á hvern veg og einnig mæld út óbyggð
lóð kringum hús þetta, þannig að öll sú lóð er hún fær verð-
ur frá N. til S. 28 1/2 alin og frá A. til V. 26 álnir. Á
hús þetta að standa jafnlangt frá götunni og hús þau, sem

er búið að byggja með henni fyrir vestan betta húsum.

Meira eigi gert.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. J. Jonassen.

Ár 1883, hinn 17. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér og var þar á tekið fyrir:

1. Hótelhaldara Einari Zöega veitt leyfi að byggja geymsluhús 12 álna langt og 9 álna breitt syðst á lóð sinni við Hliðarhúsaveg (Læknisgötu).

2. Pálma Pálmasyni á Seli leyft að byggja bæ á Selsholti 12 álnir á lengd og 9 álnir á breidd 12 álnir fyrir norðan bæ þann er Skúli Jónsson er að byggja og í beina línu við hann, þannig að bær Pálma snúi göflum frá N. til S. og standi 5 álnir fyrir vestan veginn hjá Bræðraborg en hann hugsast lengdur áfram til suðurs.

3. Hirti Jónssyni í Seli leyft að byggja bæ 12 álna langan og 9 álna breiðan fyrir norðan hinn fyrirhugaða bæ Pálma Pálmasonar en snúr eins og hann og standi í sömu fjarlægð frá hinni fyrirhuguðu framlengingu Bræðraborgarstigsins.

4. Oddi Pórarinssyni leyft að byggja bæ fyrir vestan bæ Pórðar Pórðarsonar á Selsholti 12 álnir á lengd og 8 álnir fá þessi bær að standa með vesturgaflinn í línu við bæ l bruidd Jónatans Jónssonar og bæ þann, sem er þar fyrir austan norðan.

5. Jarðþrúði Pétursdóttur leyft að byggja steinhús 10 álnir á lengd 9° 8 þumlungar á breidd með Skuggahverfisgötum vegi í línu við hús Bjarnar Dagssonar.

Frekara eigi gert.

Fundi slitið.

Eth. Jónassen. O. Finsen. F. Jónassen.

Ar 1883, hinn 3 ágúst, átti byggingarnefndin fund með
sér og var þá þar tekið fyrir:

Kaupmanni H.A.Th.Thomsen var leyft að breikka pakkhús það,
sem stendur á stakkstæðinu fram undan sölubúð hans í Hafnar-
stræti, þannig að suðurhlið þess stæði í linu við suðurhlið
á hinu stóra pakkhúsi Carl Franz Siemsens verzluverð og
sem næst einnig í linu við hið stóra pakkhús P. C. Knudtzons
verzluunar fyrir norðan Hafnarstræti. Atlazt Thomsen til
þess að pakkhús sitt, er hann jafnvel hugsar um að byggja nýr
að nýju, verði á lengd 21 alin og á breidd 12 álnir og tví-
loptað.

Fleira eigi fyrir tekið.

Eth. Jónasssen. O. Finsen. J. Jónasssen.

Ár 1883, hinn 30. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá þar tekið fyrir:

1. L. A. Knudsen bókhaldara veitt leyfi að byggja skúr 6 áln 9' á breidd frá norðri til suðurs - 8 - 19' á lengd frá vestri til austurs. Skúr þessi á að standa 2 álnir 18' frá suðurhlíð íbúðarhúss hans.

2. Magnúsi Finnssyni á Mel leyft að byggja bæ i Sels-holti, 10 álnir á lengd frá norðri til suðurs og 6 álnir á breidd frá austri til vesturs. - 16 álnir í beinni línu í suður frá bæ Halldórs Halldórssonar.

3. Jóni Þorleifssyni í Efstabæ veitt leyfi til að byggja timburhús 6 álnir á breidd og 10 álnir á lengd, 10 álnir fyrir austan hús Zakariásasar á Bergi og í beinni línu með hví austureptir og í beinni línu með húsi Sigurðar Hanssonar suður eptir.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O. Finsen. J. Jónasson.

Ár 1883, hinn 19. september, var fundur haldinn á byggingarnefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. Þorl. Ó. Johnson kaupmanni leyft að byggja hús fyrir neðan stakkstaði sitt í fjörunni í línu með bryggjuhúsinu, bannig að suðurhlið bessa fyrirhugaða húss stenzt á við suðurhlið bryggjuhússins, þá var áskilið að Þorl. Ó. Jonson hefði innan árs hér frá byrjað að nota plázs þetta til bygginga, að örðrum kosti mætti hann búast við að missa plázsið aptur.

2. Þorsteini Bjarnasyni lausamanni leyft að byggja steinhús fyrir sunnan Geysi og vestan húss Bjarna Símonarsonar, 1½ álna langt og 7 álna breitt. Á húsi þetta að snúa meðfram hinum fyrirhugaða veki er til suðurs liggur fyrir ofan Bergsstaði. Var Þorsteini útmeld lóð 25 álnir með veginum og upp á við með bessari lengd að lóð Bjarna Símonarsonar. Húsið á að standa 3 álnir fyrir ofan veginn, sem á að vera 20 álna breiður.

3. Gunnari Gunnarssyni leyft að setja timburhús niður á Bakkanum á Hlíðarhúsalóð fyrir austan skúr Runólfs Runólfs-sonar, með heim skilmála að hann taki hann burtu aptur nær sem byggingarnefndin krefðist þess.

Fleira eigi fyrir tekið.

Eth. Jónassen. Magnús Stephensen. J. Jónassen.

Ár 1883, h. 26. september, kom byggingarnefndin eptir bréflegri áskorun formanns hennar dags. Í dag, saman í Vallarstræti við geymsluhús það, er landlæknir Schierbeck var er að láta byggja.

Byggingarnefndin skoðaði hvernig hús þetta snýr nú, og kom henni saman um að hús betta ekki mætti snúa með gaflinn út að götunni, eins og nú er til ætlazt, heldur yrði að snúa við sperrunum, þannig að hliðin á húsinu snýr út að Vallarstræti, en ekki gaflík hússins. Landlæknirinn var viðstaddir og var sagt betta af byggingarnefndinni í áheyrn yfirsmíðsins að bessari byggingu, Jakobs Sveinssonar. Landlæknirinn neitaði að hlýðnast bessari ákvörðun byggingarnefndarinnar; tjáði formaður nefndarinnar honum þá að hann bannaði að býggja húsið eins og nú er til ætlazt með gaflinn út að götunni. (Vallarstræti).

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. Magnús Stephensen. O.Finsen. O.Rósenkrantz.

Eg vil geta þess að bæjarfulltrúi E. Egilsson, sem er meðlimur byggingarnefndarinnar og var viðstaddir við ofanskrifada gjörð hennar, neitaði að sögn skrifara míns Bjafna stúdents Þorsteinssonar, er ég lét fara með bókinu til meðlima nefndarinnar til undirskriptar, að svo stöddu að skrifa undir framanskráða fundargjörð.

E.Th. Jónasson.

Ár 1883, hinn 1. október, var byggingarnefndin saman komin á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, eftir skriflegri áskorun formannsins, í tilefni af bréfi frá landlækní Schierbeck, dags. 28. f.m. meðtekið 29. f.m.

Að bessum fundi mættu af meðlimum nefndarinnar, assessor Magnús Stephensen, póstmeistari O.Finsen, slökkvilliðsstjóri Ó. Rósenkramz. Þeim var tilkynnt nefndt bréf landlæknisins. Þrír af nefndarinnar meðlimum, Magnús Stephensen, Ó. Rosenkranz og formaðurinn vildu láta landlæknirinn snúa við sperrunum á húsinu er um ræðir, eða snúa við húsinu þannig að hlíð bess en eigi gafl sneri út að Vallarstræti. O.Finsen þarámóti vill láta landlæknirinn skera skáa af gaflinum á nefndu húsi með því að fella af sperrunum, þannig að hallinn eða skáinn verði jafn við þakið á pakkhúsi frú Jóhönnu Bjarnason er stendur fyrir vestan þetta geymsluhús Schierbecks.

Fundi slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Ó.Rósenkranz. Magn. Stephens.

Ar 1883, h. 8. október, var byggingarnefndin saman komin hjá húsum landlæknis Schierbecks í tilefni af bréfi, er hann hafði ritao byggingarnefndinni, dags. 4. október þ.á., er framleggst og hljóðar svo#

Eptir nokkurt umtal var það samþykkt af bygginarnefndinni með meiri hluta atkvæða, að geymsluhús það, er landlæknirinn hefir í smíðum á lóð sinni út að Vallarstræti megi snúa eins og það nú hefir verið reist, ef hann setji "Valma" á báða gaflana. Rósinkranz og formaður byggingarnefndarinnar héldu sér til þess, sem heir áður hefðu tekið fram og greitt atkvæði um viðvikjandi þessu nefnda húsi. Landlæknir Schierbeck var sjálfur viðstaddir á þessum fundi.

Postmeistari Finsen var ekki mættur.

Fundi slitið.

Eth.Jónasson. Egilson. Eiríkur Briem. Ó.Rósinkranz.
Helgi Helgason. Schierbeck.

Ár 1883, hinn 8. október átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Valgarði Breiðfjörð var leyft að byggja í portinu fyrir vestan hús sitt nr. 9 í Aðalstræti, hesthús 3 álnir á hvern veg úr timbri og með járnþaki. Á hesthús þetta að standa að sunnanverðu í portinu upp að plankaverki því, sem er með suðurhlíð bess, ofanverðu. Ennfremur beiddi Valgarð Breiðfjörð um að fá að byggja "etage" ofan á geymsluhús sitt við húsið nr. 9 í Aðalstræti, en formaður neitasi að taka það mál fyrir, kvað það áður vera útkljáð af byggingarnefndinni.

2. Gunnari Gunnarssyni verzlunarþjóni leyft að byggja timburhús 12 álna langt og 11 álna breitt, að norðanverðu við Hlíðarhúsaveginum fyrir vestan lóð Sveins Ólafssonar; á hús þetta að standa meðfram veginum tæpar 5 álnir fyrir norðan hann og snúa göflum sínum í vestur og austur. Lóð sú sem Gunnari var Útmæld var 30 álnir með veginum og 36 álnir frá suðri til norðus.

3. Þá var Gunnari Gunnarssyni leyft að byggja bæ með steinveggjum og járnklæddu þaki, portbyggðan, meðfram Bræðraborgarvegi vestanverðu, 12 álna langan og að minnsta kosti 7 álna breiðan. Á þær lessi að standa 5 álnir frá griótgarðarbroti því þar á holtinu, sem skilur land bæjarins og land það, sem Magnús Jónsson kaupmaður í Bráðræði eignar sér og í 5 álna fjarlægð frá Bræðraborgarvegi.

4. Pórði Halldórssyni áður bændi á Grímsstaðaholti leyft að byggja bæ með steinveggjum undir á Selsholti fyrir norðan bæ Alberts (Guðmundssonar) Þorvaldssonar í 10 álna fjarlægð frá honum og í beina línu við þann bæ og bæjaröðina fyrir norðan Mann bæ.

5. Einari Ingimundarsyni leyft að byggja á eigin lóð við Skálholtskot bæ, en stærð hans og stefnu ákvæðum byggingarnefndin síðar að tiltaka, eftir Einar hefur flutt hjall sinn af þeim stað, er hann nú stendur a.

6. Jens sótara Jóhannessyni leyft að fá óbyggða lóð 5 álnir beggja megin við gafla á húsi hans í Skuggahverfi, þannig að lóð sú er hann alls á með stíg þein, er hús hans stendur við, verði frá N. til S. 18 álnir að meðtalinni þeirri lóð, er hús hans stendur á, og ennfremur var honum mæld lóð frá A. til V. frá ngröðum enda lóðar hans (c: 5 álnir frá húsi hans norðanverðu) 35 álnir, en með því skilyrði að ef einhver óskaði að byggja fyrir vestan þessa lóð hans, að hann þá metti byggja fast að lóð hans, eða nær en í 5 álna fjarlægð frá henni.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

Ár 1883, hinn 27. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

1. Jónasi frá Brennu Guðbrandssyni leyft að byggja steinhús fyrir sunnan hús það, er Þorsteinn Bjarnason ætlar að byggja við austanverðan Brennuveginn, 13 álna langt og 8 álna breitt.

2. Helga Helgasyni trésmið leyft að byggja hús, 12 ál. á lengd og 10 álnir á breidd norðaustantil í túni Jóns Árnasonar gagnvart bæ Margrétar ekkju Ólafsdóttur á Norðurbergi fyrir ofan framlengingu það er áformuð er af Þingholtsstræti suður að spítala Heim hinum nýja er reisa á í túni því, sem nú var nefnd, fyrir sunnan Lindarstíginn; er útmæling þessi gerð upp á vœtanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar. Beiðni Helga er dags. -

3. Ólafi faktor Ásmundssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 16. þ.m. fyrir hönd kaupmanns J.P.J.Bryde leyft að byggja 30 álna langt og 16 álna breitt pakkhús í fjörunni fyrir neðan lóð (stakkstæði) hans og Símonar Johnsen. Á hús þetta að standa í 10 álna fjarlægð austur af bryggjuhúsinu og í línu við það.

4. Þá var konsúl Simoni Johnsen eptir beiðni í bréfi dags. 16. þ.m. leyft að byggja pakkhús í fjörunni fyrir neðan stakkstæði hans, 30 álna langt og 16 álna breitt í 10 áln. fjarlægð austur af pakkhúsi Bryde (sjá útmælingu nr. 3 hér að framan) og í beina línu við það, þannig að suðurhlíðin á þessu húsi pakkhúsi standi í beina stefnu við suðurhlíð Bryggjuhússins. Útmælingarnar nr. 3 og nr. 4 eru fyrirteknar upp á vœtanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar.

5. Guðmundi Guðmundssyni (frá Útey) í Garðbæ leyft að byggja hús með steinveggjum fyrir sunnan hús Gunnlaugs Péturssonar við Bráðræðisveg, 12 álnir á hvorn veg. Á hús þetta að standa í 5 álna fjarlægð frá götunni. Beiðni hans um útmælingu er dags. 12. þ.m.

6. Haflida assistent Guðmundssyni er leyft að byggja inngönguskúr að vestanverðu við hús hans á Kirkjugarðsvegi, 3 álnir á hvorn veg.

Allir á fundi nema bæjarfulltrúi Egilsson.

Fundi slitið.

Eth.Jónassen. Helgi Helgason. O.Finsen. O.Róskranz.
Eiríkur Briem.

Ár 1883, hinn 22. desember, var byggingarnefndin saman komin og var þá fyrir tekið:

1. Eptir beiðni frá Jóhanni Guðmundssyni á Hól í bréfi dags. 29. f.m., kom byggingarnefndin saman hjá húsi Jóhannesar J. Zöega yngra á Hlíðarhúsalandi til þess að yfirvega hvort hann gæti fengið bar útmælt húsastæði. Nefndin vildi að Jóhann byggði hús sitt fyrir vestan hús Jóhannesar Zöega í beinni línu við það, en hann vildi byggja þó ofar en nefnt hús, vestur og suður að því. Af því svo hefir verið til ætlazt að gata kómi yfir þvera mýrina vestur eptir fyrir neðan hús Jóh. Zöega, vildi nefndin eigi víkja frá því að hús Jóhanns yrði sett í beina línu við hús Jóh. Zöega, þannig að röð húsanna yrði fyrir ofan nefnda götu og að hin einstöku hús - eigendur-hefðu hina óbyggðu lóð, sem heim væri ætluð, bak við hús sín. Loks varð það samkomulag milli Jóhanns Guðmundssonar og byggingarnefndarinnar, að hún lofaði að leggja það til við bæjarstjórnina að hún, ef Jóhann byggði þetta húð fyrirhugaða hús sitt á þeim stað er byggingarnefndin vill að það standi, þá að leggja það til að bæjarstjórnin þá kosti til að láta grafa skurði í kring um hina útmældu lóð til að halda þaðan vatni, er annars mundi renna að húsinu. Húsið er á 1. lo áln. breidd 10 áln. Skúr 3 áln. á br. og 3 áln. á l. NB. Byggingarnefndin lofar að leggja það til að öll mýrin verði þurkuð svo upp með framveitum, að hún verði byggileg, en ekki láta grafa kring um þenna eina grunn.

Ó.Rósinkranz.

2. Þorláki Runólfssyni leyft að byggja þe með steinveggjum, 10 álna langan og 7 álna breiðan á Selsholti fyrir vestan þe Skúla Jónssonar og í línu við þe Odds Pórarinssonar.

3. Lagt fram bréf frá Gunnari Gunnarssyni dags. 23. nóv. þ.á., þar sem hann afsalar sér aptur útmælingu þeirri undir þe, sem hann við Bræðraborgarveg hafði fengið handa Birni Kapras ~~syni~~ og biður um það handa Einari Einarssyni í Hlíðarhúsum og var það veitt (smbr. fund 8. okt. þ.á.).

4. Jóni Jónssyni í Mýrarholti leyft að byggja þe á Selsholti fyrir vestan þe Odds Pórarinssonar og er ætlazt til að þær þessi, er á að vera með steinveggjum og á stærð: ~~að~~ lengd 12 álnir og á breidd 6 álnir, stend fyrir vestan götu þá er byggingarnefndin ætlazt til að gangi frá N. til S.. eptir endilöngu holtinu yfir á þvergötu þá frá A. til V. sem nefndin vill láta koma á milli Bráðræðisvegar og ~~Bræðraborg~~ ~~Bræðraborgvegar~~ fyrir austan þe Skúla Jónssonar. Ætlazt nefndin til að þessi vegur verði 15 álna breiður.

5. Andréí Gíslasyni og Guðmundi Jónssyni í Sauðagerði leyft að færa kálgarð sinn út til norðurs meðfram veki (stíg) þeim er liggur heim að Sauðagerði. Stækkan þessa kálgarðs verður síðar mæld.

Ar 1884, hinn 8. janúar, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þar þá tekið fyrir:

Stein

1. Skipasmið Skœu leyft að byggja 12 álna breitt og 11 álna langt hús fyrir sunnan hús Jóhannesar Sigurðssonar við vegamótabrú, er ætlazt til að hús þetta snúi göflum í norður og suður og standi með framhliðina sem næst í beina línu við vesturgafl á húsi Jóhannesar. Óll lóð er Skœu var útvísad var frá N. til S. 15 álnir og frá A. til V. 22 álnir. (Beiðni hans vaf dags. 5/l/).

2. Pórarni Pórarinssyni tómthúsmanni leyft að byggja bæ álnir á lengd og 7 álnir á breidd; á suðurgafl bessa bæjar að standa í línu við bæi þá er standa vestar, fyrir ofan sjávarbakkann. Óbyggð lóð handa Pórarni verður síðar mæld. (Beiðni hans dags. 2. desember f.á.).

3. Jónasi Jónassyni naturverði mæld út lóð við hús hans við Klapparstíg frá austri til vesturs frá stígnum í línu við suðurgaflinn á húsi hans 20 álnir og frá N. til S. frá beirri línu er ber í suðurgaflinn - einnig til norðurs 20 álnir. Þá var honum og leyft að byggja við hús sitt inngönguskúr, á lengd 3 1/2 alin og á br. 2 áln., og ennfremur við norðurgaflinn á húsi hans geymsluskúr, á br. 8 álnir og á lengd 4 álnir.

4. Eyjólf fi Ólafssyni í Skuggahverfi leyft að búa til kálgarð hjá bæ sinum bar, 32 álnir frá N. til S. og frá A. til V. 20 álnir.

5. Ólafi Björnssyni búanda í Skuggahverfi mæld út lóð til kálgarðsstækkunar, 20 álnir frá A. til V. og eins frá N. til S.

6. Ingiriði Einarsdóttur sama stað mæld út lóð hjá bæ sinum til kálgarðs ræktunar - 30 álnir frá austri til vesturs og 17 1/2 alin frá norðri til suðurs.

7. Rögnvaldi Rögnvaldssyni í Skuggahverfi leyft að færa út kálgarðsinn að norðanverðu, á lengdina 20 álnir en að vestanverðum á breidd 3 1/2 alin og að austan 7 1/2 alin.

8. Stefáni Arnbjörnssyni og Guðmundi Guðmundssyni í Skuggahverfi mæld út lóð undir kálgarð hjá bæjum þeimra í sameiningu á lengd frá norðri til suðurs 30 álnir og frá A. til V. 37 1/2 alin, en yfir þá lóð er áskilið að ganga stígor frá Rögnvaldarbæ til norðurs, sem síðar verður að mæla.

9. Eyvindi Eyvindssyni í Skuggahverfi útmæld til kálgarðsstækkunar spilda vestur af bæ hans á lengd 42 álnir og í vesturendan á breidd 10 áln. en í austurendann 27 1/2 alin

og fyrir austan þeir hans spilda á lengd frá S. til N. 29 áln. og frá A. til V. 13 1/2 alin.

10. Sigurði Friðrikssyni hjá Vegamótum mæld út lóð frá austri til vesturs 30 álnir og frá S. til N. 30 álnir, en á þessari lóð er hús Sigurðar byggt, sem dragist frá (húsið er 10 1/2 á lengd og 9 1/2 al. á breidd).

11. Var Arnbirni Ólafssyni vitaverði á Reykjanesi mæld út lóð fyrir hús í túni Einars Jónssonar snikkara fyrir snaman hús Jóns Gunnlaugssonar. Óll lóðin, sem honum var útmæld er frá N. til S. 25 álnir og frá ausrri til vesturs 17 álnir, og á hús það er Arnbjörn ætlar að byggja á þessari lóð að vera tvíloptað, á lengd # 15 álnir óg á br. 12 álnir í línu við hús Jóns Gunnlaugssonar. Byggingarnefndin áskilur að Arnbjörn búi til grindur fyrir vestanverðri lóð sinni gagnvart túninu og eins að sunnanverðu með lóðinni. Að öðru leiti liggur útmæling þessi undir samþykki bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitid.

Eth. Jónasson. Helgi Helgason. Eiríkr Briem.

Eigi viðstæddur við 4-10 lið.
O.Rósenkranz.

Ár 1884, hinn 30. janúar, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá fyrir tekið:

1. Eptir beiðni trésmiðs Valgarðar Breiðfjörðs, var fyrst gengið að húsi hans nr. 9 í Aðalstræti, með því hann enn á samþykki hennar til þess að byggja etage 3 álna háa auk þaksins ofan á geymsluhús það, sem gengur til vesturs úr útnorðurhorni á nefndu íbúðarhúsi hans. Um það hvort leyfa betta eður eigi urðu deildar meininger meðal meðlima byggingarnefndarinnar. Egilson og Ó. Röskenkranz vildu leyfa Breiðfjörð að hækka hús sitt úr því hann á annað bord hefði fengið að byggja geymsluhús sitt eins og það nú stendur, en hinir 4 nefnd-armennirnir nfl. formaðurinn og heir póstmeistari Finsen, séra Eiríkur Briem og trésmiður Helgi Helgason vildu eigi samþykkja þessa ofanábyggingu með því hús betta stæði begar of nerri eptir byggingarlögnum húsum nágrannans að norðanverðu, og heir séra Eiríkur og H. Helgason tóku það auk þess fram að hér lægi eigi fyrir neitt samþykki næsta lóðareiganda til þess að V. Breiðfjörð mætti byggja nær lóð hans en lögin fyrirskipa og að eldshætta, ef að eldsvoði upp kæmi, væri meiri að háu húsi en lágu. Formaður tók það sérstaklega fram, að hvort sem nágranni Breiðfjörðs að norðanverðu samþykkti þessa ofanábyggingu eða ekki. Væri hún að hans áliti ekki leyfileg eptir byggingarlögnum, bar sem mikil vantadi að geymsluhús það, sem hér ætti að hækka, væri í 10 álna fjarlægð frá húsum nágrannans, og bar sem hann í fyrstu hefði að eins fengið að byggja hús það, sem nú ætti að hækka, sem geymsluhús með skilyrðum, sem hann eigi hefði fullnægt, en síðan ekki notað húsið eingöngu til geymslu, heldur látið búa í því.

2. Bóksala Kr. O. Þorgrímssyni heimilað að þar til fengnu samþykki bæjarstjórnarinnar að mega fera lóð sína út í tjörnina 29 fet á austurtakmörkum og svo í odda yfir að lóð A. L. Knudsen 115 fet, þannig að lóðarauki þessi verður brihyrningur. Hefir bæjarstjórnin samþykkt að Kr. O. Þorgrímsson hafi lóð þessa afgjaldslaust í 2 ár, en upp frá því borgi af henni gjald, sem af óbyggðri lóð.

3. Þorvaldi Klængssyni í Ringholtsstræti leyft á eigin lóð að vestanverðu við nefnt stræti í 5 álna fjarlægð frá næstu lóð fyrir sunnan og í línu við þau hús er standa sunnar fyrir vestan nefnda götu að byggja timburhús 12 álna langt og 11 álna breitt, en að því leyti að hús þetta kynni að standa nær óbyggðri lóð Björns mýrara Guðmundssonar en 5 álnir var Þorvaldi tilkynnt, að hann yrði að fá til þess samþykki Björns.

4. Hermanni Andréssyni eptir beiðni hans leyft að byggja steinhús 9-10 álna langt og af sömu breidd að lóð þeirri austanvert við Klapparstíg, sem Skúla Jónssyni eitt sinn var útmeld, en áskilið að hann léti hliðina á húsinu snúa til suð-

urs þannig að húm þetta stæði í línu við húsin norðanvert við Vegamótabrú og yrði það þá hið fyrsta hús að norðanverðu við nefnda brú, ef hún yrði framlengd ef hún yrði framlengd til austurs. Beiðni Hermanns er dags. 26/1/ b/á.

5. Tekin fyrir beiðni Sigurðar Þórðarsonar 18/1. b.á. um að fá lóð fyrir sunnan hús hans austanvert við Klapparstíg hérumbil 250 ferálnir, en með því byggingarnefndin áleit hússtæði gott á þessari óbyggðu lóð, var beiðandanum synjað um að fá lóð þessa, þar sem hann líka áður hefir fengið talsverða óbyggða lóð fyrir austan bæ sinn.

6. Ebeneser Helgasyni samkvæmt beiðni hans í brefi dags. 20. b.m. leyft að byggja bæ fyrir vestan lóð Bjarna Dagssonar vestanvert við Klapparstíg fyrir norðan bæ Einars Einarssonar á Litlusteinsstöðum en sunnan bæ Einars Arasonar, þannig að bær Ebenesar stendur í beinni línu með vesturgafli sinn við vesturgafli tveggja hinna síðastnefndu bæja (Einarana). Óbyggð lóð og stærð bæjar þessa verður síðar mæld.

7. Guðrúnu Benediktsdóttur á Miðhúsum leyft að stækka til norðurs kálgarð sinn um 10 álnir en þó með því skilyrði að 5 álna plázz verði autt að minnsta kosti fyrir norðan hann og meðfram sjávarbakkanum og enn fremur með því skilyrði að hún láti endurgjaldslaust af hendi þessa lóð, ef einhver síðarmeir óskar að byggja á henni.

8. Ólafi Þorkelssyni á Syðstugrund eptir beiðni í brefi dags. í b.m. leyft að byggja hús með steinveggjum fyrir sunnan bæ Sigurðar Hanssonar í stefnu við bæ Guðm. Benediktssonar 9 áln. á lengd og 7 áln. á breidd.

9. Jóh. Pálssyni leyft að byggja bæ með steinveggjum í Ringholtum beint suður af bæ Sigurbjargar Sigurðardóttur. Stærð þessa bæjar verður síðar til tekin.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Eth.Jónassen. Egilsson. O.Finsen. Helgi Helgason.
6. Rósenkranz. Aðeins viðstaddir við nr. 1 og 2.
Eiríkur Briem.

Ár 1884, hinn 8. febrúar, kom byggingarnefndin saman á stakkstæði P. C. Knudtzons norðanvert við Hafnarstræti framan undan götunni fyrir vestan barnaskolann, til þess eptir fyrirlagi bæjarstjórnarinnar að mæla hversu mikil þurfi að taka af nefndu stakkstæði gegn lögákvæðu endurgjaldi undir fram lengingu þá er fyrirhuguð er af götunni fyrir vestan skólan ofan að brú Þeirri, sem byggja á í fjörunni fyrir miðri ofangreindri götu. Byggingarnefndin ákvað að þyrfti til þessarar götu 18 álnir á breiddina af stakkstæðinu nfl. frá austurgrafi pakkhúss P.C.Knudtzons og austur að Þeirri línu, sem dregin er beint í norður frá útnorðurhorni barnaskólans, og svo á lengdina þessa spildu norður úr, og er stakkstæðið þar 33 álna breitt frá Hafnarstræti að reikna. Endurgjald það er ber að borga fyrir þessa lóðarspildu, verður síðar ákveðið af byggingarnefndinni, og þar á eptir borið undir samþykki amtsins.

Frekara eigi fyrir tekið.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónasson. O.Finsen. Helgi Helgason. Egilsson.
Ó. Rósþenkranz.

Ár 1884, hinn 4. marz, átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrir tekið:

1. Magnúsi múnara Ólafssyni, eptir beiðni dags. 12.f.m. leyft að byggja hús 10 álna langt og 9 álna breitt innst að norðanverðu við Vegamótabréu í kroknum hjá luktinni. Er svo til ætlaðt að hús þetta standi í 5 álna fjarlægð frá Vegamótabréu og eins frá Klapparstíg, gaflar þess snúi í norður og suður og sé landsuðurhorn þess sneitt, til þess að hegt sé að fá húsið til þess að standast á við nefndar tvær götur lögulega. Óbyggð lóð, sú er fylgir húsi þessu, verður síðar mæld.

2. Einari Jónswyni snikkara, eptir beiðni dags. 18. f.m. umboði Magnúsar Vigfússonar frá Suðurkoti í Grímsnesi, leyft að byggja timburhús 10 álna langt og 8 álna breitt fyrir norðan Vegamótabréu fyrir vestan nefnt hús Magnúsar Pálssonar. Óbyggð lóð er fylgir þessu húsi, verður síðar mæld.

3. Eptir beiðni 6. nóvember f.á. frá Þorsteini Nargalsyni, er býr í holtinu austanvert við Vegamótabréu, veittur lóðarauki, þannig að öll sú lóð, er hann nú á verður að meðtalinni lóð þeirri er hús hans stendur á 30 álnir í hvort horn.

4. Guðmundi Einarssyni við Smiðjustíg (á Arnarhlóslóð) eptir beiðni dags. 19. f.m., við Arnarhlóstíg, mæld út óbyggð lóð 30 álnir frá A. til V. og eins frá N. til S. þannig að norðurrönd þessarar lóðar er í þemastefnui norðurgafl húss, er Guðmundur þar hefir byggt, og nær jafn langt vestur og vesturhlið húss hans. Þá var Guðmundi og leyft að byggja lítið geymsluhús fyrir austan íbúðarhús sitt, 5 álna langt og 4 álna breitt.

5. Einari Jónssyni snikkara í Skólastræti, eptir beiðni 18. f.m., leyft að lengja pakkhus sitt, er stendur fyrir austan íbúðarhúss hans, um 4 álnir til suðurs, og breikka austurhlið þess um 4 álnir.

6. Einari Ingimundarsyni í Skálholtskoti leyft að byggja steinhús á eigin lóð 10 álna langt og 7 1/2 al. breitt. Hús þetta að standa í kálgarði Einars vestanverðum, 5 ál. frá götunni og sem næst í stefnu við hús bókavarðar Jons Árnasonar (smbr. fund 8. okt. f.á.).

7. Þorvaldi Björnssyni er keypt hefir hús Magnúsar Pálssonar við Vegamótabréu, mæld út lóð þannig að húm er lóð hans að meðtalinni lóð þeirri, er húsið stendur á frá N. til S. 28 áln. og V-A # 30 álnir.

Fleira var eigi gert.

Fundi sagt slitið.

Eth. Jónassen. O.Finsen. Helgi Helgason. Egilson.
Eiríkur Briem. Ó. Rósþórnkranz.

... til vefs rafnaðar af fyrirvara meðan fólk
stóll, laus ekki í hraðum. Því er óvinnilegur meðan vinnan
verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk

... fólk innarcomið eru sitt meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk

(Ófjáloðunum á) gítanðingar eru lögðar með fólkum

... ár ófjáloðumarkar eru með fólkum óvinnilegir
meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir
fólkinnar innarcomið eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk
vinnan verður líf. Þá fólk eru óvinnilegir meðan fólk

innarcomið eru óvinnilegir meðan fólk

... óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk
erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

erum óvinnilegir meðan fólk vinnan verður líf. Þá fólk

Ár 1884, hinn 5. marz, átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá fyrir tekið:

1. Guðlaugi trésmið Torfasyni, eptir beiðni í bréfi 14.
febrúar 1884, mæld út lóð að sunnanverðu með Hlíðarhúsavegi,
að vestanverðu við lóð Stefáns Pórðarsonar, að stærð frá N.
til S. 30 álnir og frá A. til V. 20 álnir, og honum leyft
að byggja íveruhús á þessari lóð 10 álnir á hvorn veg, er
skyldi vera í beinni línu við hús Stefáns Pórðarsonar í 5 álna
fjarlægð frá veginum.

2. Jóhi Eyjólfssyni á Ánanaustum, eptir beiðni í bréfi
19. febrúar 1884, leyft að byggja við vesturgafi á húsi sínu
(nfl. Jóns Pórðarsonar hús) skúr með hálfþaki, 4 álna langan
og 9 álna br. og ennfremur var honum í sameiningu við J. Pórð-
arson mælt út til fiskverkunarsvæðis bak um fyrir norðan
hús hans frá stakkstæði Gísla Björnssonar 37 1/2 alin á lengd
og á breidd 20 álnir. Þó með því skilyrði að hann, ef bæjar-
stjórnin síðarmeir skyldi vilja leggja veg bar eptir bakkan-
um, þen þá endurgjaldslaust láti af hendi hina útmældu lóð-
arsneið.

a) Selli

3. Grími Jakobssyni leyft að byggja á Selslóð timbur-
hús 12 álna langt og 10 álna breitt fyrir vestan hús Jóhann-
esar Teitssonar og í beina stefnu við það með göflum í austur
og vestur og í 10 álna fjarlægð frá húsum nágrannanna beggja
vegna við betta fyrirhugaða hús; bréf hans dags. 28. janúar
þ.á.

4. Torfa Pórðarsyni tómthúsmanni, leyft eptir beiðni
í bréfi dags. 28. janúar þ.á. að fá lóðarspildu þá, er ligg-
ur á milli lóðar þeirrar að norðanverðu við Hlíðarhúsavegginn,
sem Ólafur Jónsson f.á. fékk útmælda og lóðar Gunnars Gunnars-
sonar bar fyrir austan í viðbót við útmælingu Ólafs er Torfi
hefir fengið nú hjá Ólafi. Veitti byggingarnefndin þetta,
með því eigi reyndist að vera nægilegt plázz fyrir hús á
milli lóðar Torfa og Gunnars og það því að álití byggingar-
nefndarinnar væri ástæðulaust fyrir bæinn að halda í bessa
lóð. Lóðin (Torfa) skal síðar mæld.

5. Guðjóni Jónssyni í Hábæ mæld út lóð að austanverðu
við Bræðraborgarveg (eptir beiðni hans í bréfi dags. 14.
janúar þ.á.) frá suðurenda kálgarðs hans norður með veginum,
á lengd 35 álnir og á breidd 15 1/2 alin og honum ennfremur
leyft að byggja á þessari lóð timburhús 9 álna langt og 8
álna breitt í 5 álna fjarlægð frá götunni og syðst á lóðinni;
þá var og bar ~~hæf~~ft i skilyrði að ef hinn sameigandi Hábæ ~~þær~~
vildi rífa þe sinn eða einhver síðari eigandi bessa bæjar
og byggja í staðinn fyrir hann hús við Bræðraborgarveginn
í línu við þetta fyrirhugaða hús Guðjóns, þá skuli hann skyld-
ur til að láta endurgjaldslaust af hinni útmældu lóð sinni
plázs undir eins stórt hús og það, sem hann vill byggja,
syðst á hinni útmældu lóð.

6. Lagt fram bréf frá hinum búanda Hába ~~Gr~~ Guðmundi Jónssyni í Hába, dags. 4. f.m., þar sem hann beiðist þess að fá til kálgarðsstækkunar hina sömu lóð og Guðjón Jónsson bað um undir hús. Beiðni þessi varð eptir því, s. nr. 5, ekki veitt.

7. Vigfúsi Þorvaldssyni í "Skuld" við Bráðræðisveg samkvæmt beiðni hans í bréfi dags. 14. janúar þ.á. leyft að byggja skúr við norðurenda á húsi sínu 3álnir á lengd og 9 álnir á breidd.

8. Ottó Helga Guðjónssyni leyft að byggja bæ með steinveggjum við Sauðagerðisveg fyrir austan Austurholt, 9 álnir á lengd og 6 álnir á breidd. Bréf hans dags. 13. jan. þ.á.

9. Snorra Snorrasyni í Sauðagerði mæld út lóð að sannanverðu við Túngarð Sveins Bjarnasonar beint suður undan bæ Sveins frá N. til S. 45 álnir og frá A-V. 30 álnir og leyft að byggja bæ á þessari lóð 9 áln. á 1. og 6 áln. á breidd. Milli Túngarðs Sveins Bjarnasonar og þessarar lóðar Snorra var áskrif að skyldi vera 5 álna breið spilda. Við þessa útmælingargjörð mætti Sveinn Bjarnason bóndi í Sauðagerði fyrir hönd Snorra eptir umboði frá honum.

10. Andréí Gislasyni í Sauðagerði eptir munnlegri beiðni hans leyft að byggja bæ á Sauðagerðislóð, 11 álna 1. og 8 álna breiðan í linu við norðurhorn miðbæjarins í Sauðagerði. Gaflar þess bæjar eiga að snúa í A. og V. Ennfremur var A. og Guðm. Jónssyni til þess að stækka kálgarð sinn m. að út lóð að austanverðu við hann 60 álnir í hvort horn, en þess skal jafnframt getið að á þessari lóð sunnanverðri á að standa hinn nefndi bær Andréasar.

11. Ekkjunni Guðrúnu Halldórsdóttur, er í hitt eð fyrra (sjá fund 15. ág. 1882), var leyft að byggja timburhús á túni sínu, 11 áln. á lengd og 10 áln. á br. meðfram Landakotsvegi, nú leyft að gera á þessu bæ breytingu, að húsið stæði efst í túninu 5 áln. frá merkjum milli he nnar túns og Landakotstúns. Þá var henni og leyft að flytja þaðkhús það, er staðið hefir fyrir ofan hús hennar, er brann í Kirkjugarðsstræti í juni f.á. og setja það fyrir sunnan nefnt ~~húsibúðar~~ 40 á húsabaki.

Frekara eigi fyrir +ekið. Fundi sagt slitið.
E.Th. Jónassen.

12. Sigurði Þórðarsyni á Melnum leyft að byggja bæ á Selsholti 9 áln. á lengd og 6 á breidd., á milli bæja Bergs Pálssonar og Bjarnar Guðmundssonar og í beina stefnu við þá með göflum til S. og N.

D. u. s.

Eth.Jónassen. Helgi Helgason. Egilson. O.Rósenkranz.

E F N I S Y F I R L I T.

1866.

5. maí.	Hinum lærða skóla útvísad stæði undir bókasafn fyrir sunnan latínuskólahúsið	Bls.	3
22. "	Samþykkt að bókhlaðan mætti hafa Frontéspiece	"	4
" "	Lambertsen útvísadur blettur til ræktunar fyrir neðan Móhúsalóð	"	"
" "	Yfirlitin útfærsla á stakkstæði Samsens	"	6
28. "	R.P.Tærgesen útv. hússtæði í Tjarnargötu	"	7
" "	Yfirlitin hin nýja steinbrú yfir lækinn	"	"
11. júní	Boga Smith útv. húslenging í Skuggahverfi	"	"
21. "	Bæjarstjórnin afmarkar götustæði á Hlíðar- húsalóð	"	8
" "	Birni Guðlaugssyni og Pórði Gislasyni útv. bæjarstæði við Ánanaust	"	11,1 2
26. "	Pórði Gislas. og Birni Guðlaugss. útv. bæjarstæði við Bakka	"	13
" "	R.P. Tærgesen útv. pakkhússtæði í Tjarnargötu	"	14
16.ágúst	Jóni Porkelssyni útv. skúrstæði í Lækjarg.	"	"
22. sept.	Dómkirkjunni útv. viðbæt við kirkjugarðinn	"	15
19.nóv.	Jóni Ólafss. útv. timburhússtæði á Finnbo- gabæjarhlóð	"	16
22 "	Sveini Guðm. útv. tómhússtæði á Hlíðarhúsalóð	"	"
" "	Gísla Þorsteinssyni # do. á do.	"	17
" "	Magnúsi Pálssyni do. á do.	"	18
" "	Pétri Gislasyni hjallstæði á eigin lóð Ánanaust.	"	19
" "	H.Th.A.Thomsen útv. stæði til að umbyggja milliskúr	"	"
" "	M. Smith (Th. St.) útv. pakkhússtæði við Hafnarstræti 4	"	"
30. "	Neitað að breyta síðastnefndri útvísun	"	20
6.desemb.	J. og S. Steingrimssonum útv. húsviðauki á Litlaseli	"	23
" "	J.- H. Jónassen útv. hjall- og pakkhússt við Brekkubæ	"	"
18. "	Pétri Péturssyni biskupi leyfð lenging á húsi hans	"	24
" "	J.H.Jónssen fyrirboðið að byggja ósamkvæmt útvísun - - - - ? - - - - "	"	"

1867

Janúar:		
16.	H.C.Robb útv. húslenging í Læknisgötu	Bls.27
Marz		
14.	H.Th.A.Thomsen útv. búðarstæði á eigin lóð	28
25.	P. Gudjohnsen útvís. hússtæði við Læknisg. 1	31

		Bls.
April		
12	P. Gudjohnsen útv. húsviðauki & Tjarnarg. 2	33.
"	Sigurði Melsteð útv. pakkhússtædi á eigin lóð	"
13.	Gísli Magnúss. mótmælir útv. til P.Gudjohnsens /af 12. 5. m	34
Mai:		
14.	Olafur Hjaltested fær að flytja út suðurgafl /húss síns	39
"	Páli Eyjólfss. útv. hússt.norðanv. við alfarav	40
25.	Pórði Guðmundss.útv.bæjarst.á Grimsstöðum	41
"	Hans Jónssyni útv. hjallstæði, Ólafi Guðlaugss. og Jóni Guðmundss., hjall- lenging í Hlíðarh	42
Júní:		
11	Consúl Smith útv. þússtæði á eigin lóð	43
29.	Jóni Vigfússyni útv. bæjarst.Vegamótalóð	45
"	Jóni Ólafssyni Finnbogabæ útv. viðauki v.hús	"
"	Skotféluginu "strimmill f.sunn.Melshúsatún	46
"	Jóni Jónssyni Melshúsum hjallstæði	"
Júlí:		
5.	S. Jacobsen ctra Henderson um útv.Læknisg.1	47
11.	Frú Hjálmarsen útv.skúrst.á lóð frú Thorstens	49
"	Vigdísí Waage neitað um endurnýjaða útv.	50
23	Sigurði Jónss. járnsm. neitað um útv um hússt. og smiðjustæði vegna mótmæli Jónasar Helgas.	51
Ágúst:		
16.	O.F.Finsen leyfð sambygging húss síns og móskúrs	52
"	P.Péturssyni biskupi útv.pakkhússt.á eigin lóð	"
"	H.Th.A.Thomsen útv. geymsluhs.í fjörunni	"
Septemb.		
20.	J.Guðmundss. í Hala útv.hjallstæði	54
Októb.		
4	Eiríki Ásmundss.útv. hjallst.í Grjóta	"
Nóvemb.		
8.	Bréf hæsti þjóðar = Hans Þorlák um útv. í Grófinni	55
"	Þorlákur Péturss. um um útv.v. Steinstaði	57
"	Torfa prent. Þorgrímss. hjallstæði a' rigi 1.	58
26.	Henderson neitað um hjallst. í Grófinni	"
"	Nefndanní tilkynnt ákvörðun bæjarsjórnarinnar um útv. til Jacobsen í Grófinni	"
"	Kristj. Jónss. Vegamótum útv. hjallstæði	"

1868

Janúar:		<u>hans með kíhetubappu ofan á</u>
20	Jónasi Guðmundss. útv. pakkhússt. í kálg.	60
"	Jóni Ólafss. Finnbogabæ útv. inngönguskúr	"
Marz:		
13.	H.C.Robbútv. útv. pakkhússt. í Göthúsastig	61

		Bls.
Marz:		
13	Sigurði Jónss. beykirneitað um að byggja -	61.
April:	í Stuðla bæti f.	
4.	Sjúkrahúsini, útv. viðb. ístað gond Klúbbs	62
"	Nikulási Jafetss. útv. húss. v. Hlíðarhúsav.	"
15.	Consúl M. Smith. útvísad kolabyrgi í staðstakis	63
24.	Jóni Péturss. útv. pakkhúss. á eigin lóð	64
Mai:		
1.	Skotfélagsútvísunin nákvæmar úttekin	65
"	Yfirvegað um veg í Ingólfssbrekku til latinus	66
"	Ólafi dyrav. Ólafss. útv. hússtæði í Skugga	67
4.	P. Gudjohnsen útv. viðauki við lóð Tjarnarg. 2, 3	68
"	Ólafi dyrav. Ólafss. neitað um stærri lóð	"
9.	Consúl E. Siemsen útv. tómhusst. á Vegamótakort	69
"	Húsmanni Jóni Jónssyni útv. hjallstæði í Þingv.	70
"	Grímur Guðnason gengur um í útv. Sv. Guðnass. (H. J. J. J. J.)	"
Júní:		
6.	Chr. Jensen (Havsteen) útv. hús- og búðarstæði	71
"	Nefndin samh. að Skólavarðan standi á sama	
	Ístað og áður "	
9	Sigurði járnsmið Jónssyni útv. hússt. á Bjargs-	
	lóð × 72 × þing.	
"	Jóni timburm. Jónssyni útv. hússt. Hólshúslóð "	
"	Simoni Alexiussyni útv. hússt. v. gamla alfaraveg	73
"	Árna löggregluþjóf Gíslas. útv. útv. hússt. × 74 "	
"	Magnúsi gullsmið Hjaltested útv. húslenging × 75 "	
"	Geir Zöega leyft að stækka hjall	
